

**SKOÐUN** Jón Ásgeir skrifar um rannsóknir vegna meintra viðskiptabrota. 22



**MENNING** Þorgerður Þórhallsdóttir sýnir vídeóverk um afa sinn. 32



**LÍFIÐ** Lungaskólinn á Seyðisfirði verður settur í september. 46



**SPORT** Sverre Jakobsson er spenntur fyrir því að snúa aftur í íslenska boltann. 42







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Föstudagur**
**13. júní 2014**
137. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**LÍFIÐ**



**Lífið of stutt til að vera í felum**
Natalie er plötusnúður af lífi og sál. Fjölskyldusaga hennar er óvenjuleg en hún var ættleidd af ömmu sinni og afa. Lífið ræddi við hana um upprunann, eineltið á yngri árum, samkynhneigð og tónlistina sem á hug hennar allan.

**FRÉTTIR**

**Fékk Google-styrk** Helga Guðmundsdóttir hlaut fyrst íslenskra kvenna styrk Google til öflugra kvennemenda í tölvunarfræðum. 4

**Vilja ekki tala um dauðann** Karlar vilja hlífa sínum nánustu við að ræða dauðann og finna styrk sinn í einveru, andstætt konum. 8

**Írak að liðast í sundur** Íraksstjórn ræður ekkert við uppreisn íslamista sem hafa náð stórum hluta landsins á sitt vald. 12




18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 13° | SA | 2 |
| Akureyri | 18° | SA | 3 |
| Egilsstaðir | 15° | S | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 10° | SA | 3 |
| Reykjavík | 14° | SA | 7 |

**Væta SV-til** Í dag má búast við strekkingi við suðurströndina en annars hægri breytilegri átt. Bjart í veðri norðanlands en væta S- og V-til. 4

**2 SÉRBLÖÐ**

Lífið | Fólk




# Skoða niðurgreiðslu nikótínlyfja á Íslandi

Þrefalt hærri tíðni reykinga hjá þeim sem eru með minni menntun og lægri tekjur. Góður árangur hefur verið hjá sveitarfélagi í Danmörku af niðurgreiðslu nikótínlyfja.

**HEILBRIGÐISMÁL** Tíðni daglegra reykinga er þrefalt hærri á meðal þeirra sem eru með grunnskólapróf en þeirra sem eru með háskólapróf. Þó nokkur munur er á tíðni reykinga milli landshluta, að því er rannsóknin Heilsa og líðan Íslendinga 2012 sýnir.

Ástæða er til að skoða breytingar á áherslum í framkvæmd tóbaksvarna, að sögn Viðars Jenssonar, verkefnisstjóra tóbaksvarna hjá Landlæknisembættinu. „Í Danmörku hefur til dæmis eitt sveitarfélag boðið þeim sem eru með minni menntun, lægri tekjur, atvinnulausum og öðrum ákveðnum hópum sérstök úrræði eins og einstaklingsmiðaða meðferð og niðurgreiðslu á nikótínlyfjum. Þessar tilraunir hafa gefist vel upp á síðkastið,“ segir Viðar. „Stofnaður hefur verið sjóður til þess að gefa fleiri sveitarfélögum tækifæri til að fara sömu leið. Við höldum að það sé komið að því að fara í sértækari úrræði hér á landi en við höfum gert áður.“

Hann getur þess að menntun og helstu atvinnugreinar geti verið möguleg skýring á muninum á tíðni reykinga milli landshluta. Tíðni daglegra reykinga er hæst á Suðurnesjum hjá báðum kynjum. Frá 2000 til 2013 dró úr reykingum framhaldsskólanema úr 21 prósenti í 7,6 prósent. - ibs

**7,6** prósent framhaldsskólanema reyktu daglega árið 2013.

Ríkissaksóknari upplýstur:

## Vissi af ólöglegum hlerunum



SIGRÍÐUR FRIÐJÓNSDÓTTIR

**LÖGREGLUMÁL** Greinargerð sem tveir fyrrverandi starfsmenn Sérstaks saksóknara sendu Ríkissaksóknara í ágúst 2012 sýnir að þeir upplýstu saksóknara um ólöglegar hleranir embættisins árið 2012.

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari segir að brugðist hafi verið við ásökunum „með viðeigandi hætti“. Þrátt fyrir það hefur tvisvar komið í ljós síðan að Sérstakur saksóknari hafi hlerað símtöl sakborninga og verjenda. - fbj / sjá síðu 6



**ÖLL UMFERÐ BÖNNUÐ** Ljósmyndari Fréttablaðsins varð vitni að því í gær þegar ferðamenn virtu að vettugi skýrar leiðbeiningar um akstursbann inni í Fljótshlíð og það þrátt fyrir að lögreglubíll væri í næsta nágrenni. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins voru ferðalangarnir á vegum íslensks ferðaþjónustufyrirtækis, en vegna umfjöllunar blaðsins nýlega var fullyrt að ferðaþjónustuaðilum að þessi iðja væri aðeins stunduð af útlendingum. Umhverfisstofnun segir atvikið alvarlegt brot á skýrum reglum og verða rannsakað. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Opnunarleikur HM í gær:

## Neymar kom til bjargar

**FÓTBOLTI** Heimsmeistarakeppnin í knattspyrnu hófst með látum í Brasilíu í gær, þar sem heimamenn unnu 3-1 sigur á Íslandsbananum Króatíu. Stórstjarnan Neymar skoraði fyrstu tvö mörk Brasilíumanna sem lentu að vísu í hremmingum strax í upphafi leiks þegar Marcelo varð fyrir því óláni að skora sjálfsmark.

Króatar settu allt sitt púður í að reyna að jafna leikinn undir lokin sem varð til þess að Brasilía komst í skyndisókn í uppbótartíma og innsiglaði 3-1 sigur með marki miðjumannsins Oscar.

Alls fara þrír leikir fram í keppninni í dag, þar á meðal viðureign Hollands og Spánar sem áttust við í úrslitaleiknum fyrir fjórum árum. - esá / sjá síðu 40








Breytingar á veiðigjöldum verða til þess að Brimnes RE rær á heimamið:

# 40 manna áhöfn endurráðin

**SJÁVARÚTVEGUR** Fjörutíu manna áhöfn frystitogarans Brimness RE 27, sem er flaggskip útgerðarfyrirtækisins Brims hf., hefur verið endurráðin. Skipið mun halda áfram veiðum á Íslandsmiðum með sama hætti og var, og hætt hefur verið við að leita verkefna fyrir skipið erlendis.

Þetta staðfestir Guðmundur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Brims, í viðtali við Fréttablaðið.

Guðmundur hefur útskýrt fækkun frystiskipa hérlendis með því að veiðigjaldið, eins og það var fyrir breytingu við þinglok í vor, hafi lagst mjög þungt á frystiskipaútgerðina. Aðferðir við að leggja á veiðigjaldið hafi verið kolrangar.

„Veiðigjöldin voru löguð til, þó að þau séu enn þá röng,“ segir Guðmundur, spurður um á hverju þessi ákvörðun hans byggist. „Ég er þá ekki að segja að ég sé á móti veiðigjöldum, eða að veiðigjöld séu endilega of há, heldur að þau séu röng. Það hefur verið blekkingarleikur í gangi, því gjöldin lögðust á fisktegundir og ekki miðað við afkomu veiða á viðkomandi tegund,“ segir Guðmundur og nefnir dæmi um að veiðigjald af karfa var 25 prósentum hærra en af þorski, sem er helmingi verðmeiri tegund.

Brimnesið RE skilaði 2,7 milljarða króna aflaverðmæti í fyrra. Laun og launatengd gjöld losuðu milljarð. - shá / sjá síðu 10



**GUÐMUNDUR KRISTJÁNSSON** Segir að blekkingarleikur hafi verið í gangi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA




## SPURNING DAGSINS



Freyja, er stærðfræði engin algebra?

**Nei, burtu með stærðfræðifordóma!** Rannsókn sýnir að hræðsla kennslukvenna við stærðfræði komi niður á árangri stúlkna í stærðfræði.

Freyja Hreinsdóttir er dósent á menntavísindasviði Háskóla Íslands.

EFTA dæmir um lögmæti verðtryggingarinnar í máli gegn Landsbankanum:

# Gæti haft alvarlegar afleiðingar

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur fór þess á leit við EFTA-dómstólinn í desember síðastliðnum, að hann veitti ráðgefandi álit um lögmæti verðtryggingarinnar í máli sem höfðað var gegn Landsbankanum. Munnlegur málflutningur í málinu fór fram fyrir EFTA-dómstólnum í Lúxemborg í gær en reiknað er með niðurstöðu í ágúst.

Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins tekur undir málatilbúnað Íslendings sem sækir málið gegn Landsbankanum en hann var með verðtryggt neyslulán hjá bankanum. Ríkisstjórn Íslands skilaði greinargerð í málinu en hún tekur undir málatilbúnað Landsbankans enda bankinn í ríkiseigu. Í skýrslu framsögumanns EFTA segir að ríkistjórnin telur að ef niðurstaðan verði á þá leið að verðtrygging neyslulána gangi í berhögg við tilskipun Evrópusambandsins, muni það hafa „alvarlegar afleiðingar fyrir fjármálamarkaði og -stofnanir Íslands.“ - gag



**SKILAÐI GREINARGERÐ** Ríkisstjórnin segir að það hafi alvarlegar afleiðingar ef verðtryggingin er dæmd ólögmæt. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Kjaradeila leikskólakennara:

# Setjast aftur að borðinu í dag

**KJARAMÁL** Boðað hefur verið til fundar vegna kjaradeilu leikskólakennara hjá Ríkissáttasemjara klukkan 11 í dag.

Samninganefndir leikskólakennara funduðu síðast með fulltrúum Sambands íslenskra sveitarfélaga á miðvikudag.

Leikskólakennarar ætla að efna til vinnustöðvunar þann 19. júní næstkomandi, hafi ekki náðst samningar við fulltrúa sveitarfélaganna fyrir þann tíma. - hg



**MEÐ HAFMEYJU** Jón Gnarr borgarstjóri með afsteypu af höggmynd Nínu Sæmundsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Afsteypa af Hafmeyjunni í Hljómskálagarðinn:

# Tók á móti hafmeyju

**MENNING Jón Gnarr borgarstjóri tók í gær formlega á móti afsteypu af höggmyndinni Hafmeyjunni eftir Nínu Sæmundsson í Hljómskálagarðinum. Verslunarmiðstöðin Smáralind gefur Reykjavíkurborg Hafmeyjuna. Önnur afsteypa Nínu af Hafmeyjunni stóð í Tjörninni fyrir um 55 árum eða frá ágúst 1959 til nýársdags 1960 þegar hún var sprengd í loft upp. Hafmeyjan er steypt í brons eftir frummynd sem Nína vann um 1948. Hugmyndin að listaverkinu er komin frá þjóðsögunni um hafmeyjuna sem sat á kletti í hafinu og lokkaði sjófarendur með söng sínum, þeir hurfu síðan niður í sjávardjúpin í faðmi hennar.**

**Þann 19. júní verður opnaður höggmyndagarður í Hljómskálagarðinum til minningar um formæður íslenskrar höggmyndalistar.** - sáp

Haldið sofandi í öndunarvél:

# Kona slasaðist í bruna á Sóltúni

**ELDSVOÐI** Kona sem flutt var á sjúkrahús í kjölfar elds sem kom upp í herbergi á hjúkrunarheimilinu Sóltúni síðdegis í gær liggur þungt haldin á gjörgæsludeild Landspítalans. Að sögn vakthafandi læknis er konunni haldið sofandi í öndunarvél. Slökkviliðið var kallað út vegna brunans upp úr klukkan 16 í gær, en starfsfólk heimilisins var þá búið að slökkva eldinn. - sks

Flugvirkjar funduðu í gær:

# Komust ekki að samkomulagi

**KJARAMÁL** Samningar náðust ekki í kjaradeilu flugvirkja Icelandair við félagið í gærkvöldi. Viðræðum verður haldið áfram klukkan 13 í dag. Fulltrúar flugvirkja og Icelandair sátu við samningaborðið í húsakynnum Ríkissáttasemjara frá því klukkan tvö til hálf tíu í gær. Takist ekki að semja fyrir mánudaginn næstkomandi ætla flugvirkjar að leggja niður störf í sólarhring þann sama dag. - hg

# Telja skemmdirnar vegna sprenginga

Íbúar í Norðurmýri telja að steypuskemmdir á húsi sínu megi rekja til sprenginga á svokölluðum Einholtsreit í nágrenninu. „Sprengingar eru á lokastigi,“ segir Aðalgeir Hólmsteinsson, verkefnastjóri hjá Búseta, sem er verkkaupi framkvæmdanna.

**SKIPULAGSMÁL** Sprungur eru farnar að myndast á byggingum í Norðurmýrinni í Reykjavík, sem rekja má til sprenginga Búseta á svokölluðum Einholtsreit. Íbúar í Norðurmýrinni eru orðnir langþreyttir á titringi, sem líkja má við öfluga jarðskjálfta, vegna sprenginganna, sem hófust þann fjórða apríl síðastliðinn og hefur verið sprengt allt upp í fimm sinnum á dag.

Helga Gerður Magnúsdóttir er íbúi á Gunnarsbraut í Norðurmýri og hefur ekki farið varhluta af sprengingunum og öllu því sem tilheyrir þeim. „Þetta er verulega þreytandi. Hér leikur allt á reiðiskjálfi nokkrum sinnum á dag. Þetta kemur illa við mann, því þetta er eins og jarðskjálftar eða eins og að búa við loftárásir.“

Hús Helgu Gerðar er byggt árið 1939 í þessu friðsama og rótgróna hverfi. Fyrir um þremur árum var húsið gert upp að utan og vandað til verka. Nú í vikunni sá Helga Gerður nýja sprungu í múrhúð hússins sem hún vill rekja til sprenginganna.

„Ég hef aldrei séð þessa sprungu áður, hún var bara að koma fyrir örfáum dögum. Rökréttasta skýringin á þessari nýju sprungu eru framkvæmdirnar í Einholti,“ segir Helga Gerður. „Auðvitað spyr maður sig hvort ekki sé hægt að gera þetta í minni skömmtum og hafa hleðslurnar ögn kraftminni. Þannig þurfa framkvæmdirnar ekki að valda svona miklum óþægindum og eignatjóni.“

Aðalgeir Hólmgeirsson, verkefnastjóri hjá Búseta, sem er verkkaupi framkvæmdanna, segir áhrif framkvæmdanna alltaf hafa verið ofarlega í huga þeirra sem standa að verkinu. Takmarkið væri að valda sem minnstu ónæði nágranna.

„Verktaki sem sinnir sprengingum á reitnum fór ásamt tryggingafyrirtæki áður en sprengingar hófust og tók út næsta nágrenni, myndaði byggingar í bak og fyrir. Staðsetning hússins á Gunnarsbraut er fyrir utan það svæði sem tryggingafyrirtækið skilgreinir sem áhættusvæði,“ segir Aðalgeir. „Við höfum farið afar varlega í þessum efnum og gert meiri kröfur en reglugerðir kveða á um til að gæta þess að sprengingar á svæðinu valdi sem minnstum áhrifum á daglegt líf fólks.“

Íbúar geta nú farið að horfa til rólegri tíðar þar sem sprengingum sé að ljúka á svæðinu, að sögn Aðalgeirs. „Sprengingar á reitnum eru á lokastigi og vonumst við til að geta hætt sprengingum á næstu dögum. Þetta hefur gengið vel og er verkið á undan áætlun sem við gáfum okkur. Við höfum reynt að vera í miklu sambandi við íbúa á svæðinu til að upplýsa þá um gang mála.“ sveinn@frettabladid.is



**GUNNARSBRAUT** Húsið við Gunnarsbraut sem liggur undir skemmdum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**HÚSASKEMMDIR** Steypuskemmdir eru farnar að myndast í klæðningu hússins.




Umfangsmikil leit að týndri konu í Fljótshlíð hélt áfram í gær án árangurs:

# Sporin stækkuðu leitarsvæðið

**SLYS** Leit að konunni sem týndist í Fljótshlíð um helgina stóð enn yfir seint í gær. Ólöf Baldursdóttir, upplýsingafulltrúi Slysavarnafélagsins Landsbjargar, staðfestir það að leitin hafi enn engan árangur borið.

„Við erum með rosalegan mannskap úti núna og þetta heldur áfram með kvöldinu,“ sagði Ólöf í gær, en um 180 manns voru þá enn að leita.

Fótspor berfættrar manneskju fundust í gær í Marðarárgljúfri, um þremur kílómetrum austan við Bleiksárgljúfur þar sem erlend vinkona þeirrar týndu fannst látin aðfaranótt miðvikudags. Marðarárgljúfur er á mörkum þess leitarsvæðis sem upphaflega var sett upp og var svæðið stækkað eftir að sporin fundust.

„Við erum að reyna að leita bak við fossinn í Bleiksárgljúfri en svo höfum við líka verið að leita í kringum sporin í Marðarárgljúfri,“ segir Ólöf, sem þó bendir á að ekki sé hægt að draga miklar ályktanir um afdrif konunnar út frá sporunum. „Maður getur náttúrulega aldrei sagt eftir hvern þau eru.“

Ólöf sagðist í gær búast við því að uppsett leitarskipulag yrði klárað áður en ákvarðanir væru teknar um framhaldið. - bá

**180**

leitarmenn voru enn að störfum í gærkvöld.



**BJÖRGUNARSVEITIR** Konan fannst ekki í gær þrátt fyrir fjölmenna leit. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Til hamingju Keahótel

Landsbankinn óskar Keahótelum til hamingju með kaupin á Hótel Gíg við Mývatn, sem fjármögnuð eru af Landsbankanum. Hótel Gígur er 37 herbergja hótel á vinsælum stað við sunnanvert Mývatn. Landsbankinn er öflugur og traustur samherji og leiðandi í lánveitingum til ferðaþjónustufyrirtækja.

**1291** fermetrar | **37** hótelherbergi | **20** starfsmenn | **67** rúm



## SVONA ERUM VIÐ



**40%** **er fækkunin milli ára á gistinóttum á Austurlandi í aprílmánuði.**

Austurland er eini landshlutinn þar sem gistinóttum fækkaði í apríl frá því í fyrra. *Heimild: Hagstofa Íslands*

Hljóðbylgjumælingar sem eru forsenda borana vegna olíuleitar á Drekasvæðinu gætu hafist í sumar:

# Kínverjarnir vilja bora fyrr á Drekasvæðinu

**IÐNAÐUR** Fulltrúar kínverska olíufélagsins CNOOC kynntu samstarfsaðilum sínum í gær verkáætlun sem miðar við að boranir hefjist á Drekasvæðinu mun fyrr en áður var gert ráð fyrir.

Þess verður freistað að hefja hljóðbylgjumælingar þegar í sumar. Fyrsti borpallurinn gæti jafnvel verið tilbúinn eftir fjögur ár.

Kínverska ríkisolíufélagið varð aðili að olíuleitinni í janúar. Með CNOOC í þriðja sérleyfinu eru norska félagið Petoro og íslenska félagið Eykon. Fulltrúar þeirra funduðu í Reykjavík í gær um næstu skref.

Gunnlaugur Jónsson, forstjóri Eykons, segir að á fundinum með CNOOC-mönnum hafi verið byrjað á því að fara yfir umhverfis- og öryggismál. Þeir hafi sett þau mál efst á dagskrá.

„Áhuginn er mjög mikill og við finnum það að þeir fara af stað af miklum krafti og ætla að gera þetta töluvert hraðar en við höfðum hugsað okkur,“ segir Gunnlaugur. Hann segist þó ekki vilja gefa of miklar væntingar. Þeir séu að tala um að minnsta kosti nokkrum árum fyrr en áætlanir höfðu verið um.

Forsendur borana eru nákvæmar hljóðbylgjumælingar og þótt komið sé fram á sumar, og erfitt að fá rannsóknarskip, á samt að reyna.

„Það er möguleiki á því að það verði tvívíðar endurvarpsmælingar í ár,“ segir Gunnlaugur. **- kmu**



**FORSTJÓRI EYKON** Gunnlaugur Jónsson segir það skýrast eftir átta ár hvort borað verði. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN



**BORIN NIÐUR** Aðstæður í fjallinu voru góðar þegar slysið varð. MYND/ÓSKAR FRIÐRIKSSON

Slasaðist í Vestmannaeyjum:

## Hrasaði og hlaut opið beinbrot

**SLYS** Göngukona á fimmtugsaldri hlaut opið beinbrot á ökkla þegar hún hrasaði í hlíð Dalsfjalls ofan við Herjólfsdal í gærkvöld.

Konan var samkvæmt upplýsingum frá Slysavarnafélaginu Landsbjörgu á fjölfarinni gönguleið þegar slysið varð.

Björgunarsveitarmenn báru konuna niður í dalinn þar sem sjúkrabíll beið þess að flytja hana á Heilbrigðisstofnunina í Vestmannaeyjum. Síðar var flogið með konuna til Reykjavíkur. **- hg**

Undirrituðu viljayfirlýsingu:

## Rafræn skilríki verði algengari



**BJARNI BENEDIKTSSON**

**VIÐSKIPTI** Bjarni Benediktsson, fjármála- og efnahagsráðherra, undirritaði í gær viljayfirlýsingu um að stórauka notkun rafrænna skilríkja á næstu árum.

Samkvæmt yfirlýsingunni er stefnt að því að rafræn skilríki verði meginauðkenningarleið fólks vegna ýmiss konar rafrænnar þjónustu og viðskipta á netinu.

Steinþór Pálsson, bankastjóri Landsbankans og stjórnarformaður Samtaka fjármálafyrirtækja, undirritaði yfirlýsinguna fyrir hönd samtakanna. **- hg**



**MEISTARANEMI Í TÖLVUNARFRÆÐUM** Helga Guðmundsdóttir vinnur nú að meistararitgerð sinni sem fjallar um kerfið að baki Facebook og hvernig haldið er utan um svo stóran notendahóp.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Fékk Google-styrk fyrir góðan árangur

**Helga Guðmundsdóttir hlaut fyrst íslenskra kvenna styrk Google til öflugra kvennemenda í tölvunarfræðum. Hún segir styrkinn mikla viðurkenningu og hlakkar sérlega til að heimsækja skrifstofur Google í Sviss og kynna sér nánar starfsemina.**

**MENNTUN** Helga Guðmundsdóttir, meistaranemi í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík, hefur fyrst Íslendinga hlotið hinn eftirsótta Google-styrk.

Styrkurinn er til minningar um Anitu Borg sem barðist fyrir auknum hlut kvenna í tölvunar- og tæknifræðum og eiga kvenkyns nemendur í þeim greinum kost á að hljóta styrkinn.

Fjörutíu konur frá Evrópu, Afríku og Mið-Austurlöndum hlutu styrk þetta árið og er Helga ein þeirra. Styrkurinn er rúmar milljón krónur og er styrkþegum boðið í heimsókn á skrifstofur Google í Sviss. Mikill fjöldi sækir um styrkinn en leitað er eftir góðum námsárangri og leiðtogahæfileikum.

„Peningurinn er aukaatriði fyrir mér. Mesti heiðurinn er að fá að heimsækja Google núna í júlí og viðurkenningin sem styrkurinn er fyrir það sem maður hefur verið að gera. Google sýnir líka áhuga á að maður sæki um hjá þeim í kjölfarið og vilja halda sambandi við mann,“ segir Helga.

Helga var ein stofnenda /sys/tur, samtaka kvenna í tölvunarfræðinámi í HR, og hefur Google tjáð Helgu áhuga á að styðja við félagsskapinn með einhverjum hætti.

Google birti nýlega kynjahlutföll hjá sér og konur eru eingöngu 30 prósent starfsmanna og eingöngu 17 prósent í tæknistörfum. Styrkurinn er til þess fallinn að hvetja konur áfram, bæði til að fara í námið og sækja um störf.

„Tækifærin eru mörg í þessum geira og þá sérstaklega fyrir konur. Við erum vakandi fyrir þessu og viljum endilega fá fleiri konur í námið,“ segir Helga sem er nýkomin frá Bandaríkjunum. Þar hefur hún verið að vinna í meistararitgerðinni í samstarfi við Cornell-háskóla. „Ég fann það úti hvað það er mikill heiður að fá þennan styrk, allir þekktu vel til hans og þetta er gífurleg viðurkenning fyrir mig faglega.“

**erlabjorg@frettabladid.is**

Ný rannsókn í Bretlandi:

## Fleiri sjálfsvíg í kreppunni

**BRETLAND** Efnahagskreppan í Evrópu og Norður-Ameríku leiddi til rúmlega tíu þúsund sjálfsvíga til viðbótar við það sem annars hefði orðið. Þetta segir í nýrri rannsókn sem birt er í breska tímaritinu British Journal of Psychiatry.

BBC greinir frá. Í rannsókninni, sem var meðal annars unnin af Háskólanum í Oxford, voru upplýsingar teknar saman frá 24 Evrópulöndum, Bandaríkjunum og Kanada. Þar segir að sjálfsvígum hafi fjölgað um 6,5 prósent árið 2009 og að sú háa tíðni hafi haldist til ársins 2011. **- bá**



**MEÐ SKUTULINN** Gunnar segir kjöt hrefnunnar sem veiddist í gær fara í verslanir fyrir helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Einungis eitt skip á veiðum:

## Landaði elleftu hrefnu ársins

**SJÁVARÚTVEGUR** Hrefnuveiðiskipið Hafsteinn SK landaði í gær sínu ellefta dýri. Ekkert annað skip er á hrefnuveiðum en áhöfn Hrafnreyðar KÓ stefnir á veiðar í Faxaflóanum á næstu dögum.

Gunnar Bergmann Jónsson, talsmaður hrefnuveiðimanna, segir veiðar hafa gengið mun betur en undanfarin ár.

„Pólitíkin var að trufla okkur í fyrra þegar Faxaflóanum var lokað. Svo er mikið af hrefnu og greinilega mikið æti í flóanum,“ segir Gunnar. **- hg**




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**HÆGLÆTISVEÐUR** Í dag má búast við súld eða lítilsháttar rigningu sunnan og vestan til en það verður bjart fyrir norðan. Á morgun verður yfirleitt skýjað en úrkomulítið og á sunnudaginn skýjað og væta á stöku stað. Nokkuð hlýtt í veðri.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 28° | Friedrichshafen | 26° | New York | 26° |
| Aþena | 31° | Gautaborg | 19° | Orlando | 31° |
| Basel | 32° | Kaupmannahöfn | 19° | Ósló | 21° |
| Berlín | 21° | Las Palmas | 25° | París | 24° |
| Billund | 21° | London | 25° | San Francisco | 20° |
| Frankfurt | 25° | Mallorca | 34° | Stokkhólmur | 18° |




**Á MORGUN** Hæg breytileg átt.




**SUNNUDAGUR** Hæg S-læg eða breytileg átt.

**Soffía Sveinsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

# TAX FREE

# DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM BARNAFATNAÐI**
13.-17. JÚNÍ.

*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út þriðjudaginn 17. júní.

**HAGKAUP**
*Skemmtilegast að versla*

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver verður forseti nýrrar borgarstjórnar í Reykjavík?
**2.** Hvað voru mörg ofbeldisatvik af hendi sjúklinga skráð á Landspítala í fyrra?
**3.** Með hversu miklum mun sigraði íslenska kvennalandsliðið í handbolta hið finnska í fyrradag?

**SVÖR**

**1.** Sóley Tómasdóttir. **2.** Tæplega þrjú hundruð. **3.** Með níu marka mun, 20-29.

Saksóknari tekur við rannsókn á máli lögreglu, símamanns og lögfræðings:

# Rannsókn á lekanum á lokastigi

**LÖGREGLUMÁL** Rannsókn á leka lögreglumanns úr skráningarkerfi lögreglunnar, LÖKE, er á lokastigi. Þetta staðfestir Jóhannes Jensson sem fer með rannsókn málsins hjá lögreglunni á Suðurnesjum.

Jóhannes staðfestir að málið verði sent Ríkissaksóknara á allra næstu dögum. Lögreglumaðurinn er grunaður um að hafa flett upp upplýsingum um konur sem kært hafa kynferðisbrot til lögreglunnar. Upplýsingunum deildi hann svo í lokuðum Facebook-hóp þar sem vinir hans tveir gátu skoðað þær. Mennirnir ræddu upplýsingarnar jafnframt sín á milli. Lögreglumanninum, sem starfaði í umdæmi lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu, hefur verið vikið frá störfum. Vitorðsmanni hans hjá fjarskiptafyrirtækinu Nova var sömuleiðis vikið frá störfum en hann er grunaður um að hafa misnotað aðstöðu sína hjá fyrirtækinu. Þriðji aðilinn, lögfræðingur á lögmannsstofu í Reykjavík, er í leyfi vegna rannsóknarinnar. - ssb





**BROT Á LÖGREGLULÖGUM** Lögreglumönnum er óheimilt að leita upplýsinga í LÖKE nema þeir hafi brýna ástæðu til. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Dæmdur fyrir líkamsárás:

# Stakk mann í tvígang í maga

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjaness dæmdi mann á þrítugsaldri fyrir sérlega hættulega líkamsárás en hann hafði verið ákærður fyrir tilraun til manndráps. Fórnarlambið er karlmaður á fimmtugsaldri en árásarmaðurinn stakk hann tvívegis í neðanverðan kviðinn og í síðuna. Eftir árásina þurfti að fjarlægja milta fórnarlambsins og sauma nýrað. Þetta er í annað sinn sem maðurinn er dæmdur í héraði fyrir þennan sama glæp. - ssb



**VIÐ ÆGISSÍÐU** Sjávarsýnin er verðmæt segja húseigendur. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Framkvæmdir stöðvaðar:

## Sjómannshjón vilja sjávarsýn

**SKIPULAGSMÁL** Framkvæmdir við viðbyggingu á Arnargötu 10 í Vesturbæ Reykjavíkur hafa verið stöðvaðar að kröfu nágranna á Fálkagötu 23a.

„Þessi viðbygging myndi algerlega loka fyrir sjávarsýn okkar,“ segir meðal annars í kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. „Eiginmaður minn er fyrrverandi sjómaður og ein af ástæðunum fyrir því að við ákváðum að kaupa hér var þessi fyrrnefnda sjávarsýn,“ segir í bréfi sem áður var sent skipulagsfulltrúa borgarinnar. Framkvæmdir liggja nú niðri þar til úrskurðarnefndin kemst að endanlegri niðurstöðu. - gar

Kjálkafjörður að lokast:

## Brú opnuð eftir sjö vikur

**SAMGÖNGUR** Einn vestfirsku fjarðanna, Kjálkafjörður, er að lokast þessa dagana með vegfyllingu. Það var rétt eins og opnað væri fyrir flóðgátt þegar sjónum var í fyrsta sinn hleypt undir nýju brúna yfir fjörðinn. Hún verður langþráð vegarbót sem vegfarendur fara að njóta eftir sjö vikur eða svo. Fyrir utan jarðgöng er þetta mesta vegagerð sem stendur yfir á Íslandi um þessar mundir. - kmu

# Vissi af ólöglegum hlerunum Sérstaks saksóknara árið 2012

Tveir fyrrverandi starfsmenn Sérstaks saksóknara upplýstu Ríkissaksóknara um hleranir á símtölum lögmanna og sakborninga árið 2012. Ríkissaksóknari segir að brugðist hafi verið við þessum ásökunum en þrátt fyrir það hefur tvisvar komið í ljós síðan að Sérstakur saksóknari hafi hlerað símtöl sakborninga og verjenda.

**LÖGREGLUMÁL** Tveir fyrrverandi starfsmenn Sérstaks saksóknara upplýstu Ríkissaksóknara um ólöglegar hleranir embættisins árið 2012.

Þetta kemur fram í greinargerð sem fréttastofa hefur undir höndum sem starfsmennirnir fyrrverandi sendu til Ríkissaksóknara í ágúst 2012. Tilefni þessarar greinargerðar var að starfsmennirnir voru til rannsóknar hjá Ríkissaksóknara vegna meintra brota á þagnarskyldu í starfi sem lögreglumenn hjá Sérstökum saksóknara. Málið var síðar fellt niður hjá Ríkissaksóknara þar sem það þótti ekki líklegt til sakfellingar.

Annar mannanna segir í samtali við Fréttablaðið að Ríkissaksóknari hafi aldrei haft samband við þá frekar eftir að sakamálið var fellt niður til að rannsaka þessar ásakanir um ólöglegar hleranir Sérstaks saksóknara.

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari svaraði því aðeins til í fyrirspurn fréttastofu að embættið hefði brugðist við þessum ásökunum „með viðeigandi hætti“.

Í niðurstöðu Héraðsdóms Reykjavíkur í Imon-málinu svokallaða á dögunum, sem var höfðað á hendur stjórnendum Landsbankans, segir að Sérstakur saksóknari hafi brotið gegn sakborningunum með því að hafa hlerað símtöl þeirra við verjendur sína og sleppt því að eyða símtölunum. Með því hafi embættið gerst sekt um brot á ákvæðum laga um meðferð sakamálagagna.

Þessi hlustun á símtölum sakbornings og verjanda átti sér stað í fleiri málum. Hörður Felix Harðarson, verjandi Hreiðars Más Sigurðssonar, fyrrverandi forstjóra Kaupþings, komst að því fyrir tilviljun að símtöl hans og Hreiðars hefðu verið hleruð. Hörður kærði hlerun á þessum trúnaðarsamtölum til Ríkissaksóknara sem komst að þeirri niðurstöðu að ekki væri ástæða til aðhafast.

„Það er mjög alvarlegt þegar æðsti handhafi ákæruvalds í landinu, sem hefur eftirlit með öllum rannsóknum, fær vitneskju um þessi vinnubrögð árið 2012 en þrátt fyrir það kemst þetta ekki upp fyrr en núna þegar brotin eru fyrnd,“ segir Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður.

Sigurður er verjandi Sigurjóns Þ. Árnasonar, fyrrverandi bankastjóra Landsbankans. „Það er mjög alvarlegt að Ríkissaksóknari skuli ekki grípa inn í atburðarásina þegar þessar ásakanir koma fram,“ segir Sigurður.

Sigríður sagði í skriflegu svari til fréttastofu eftir niðurstöðu héraðsdóms að hún liti hleranirnar alvarlegum augum. Embættið ætlaði að krefja Sérstakan saksóknara svara um málin en hún gaf það síðar út að hún teldi ekki tilefni til frekari rannsókna á brotunum þar sem þau væru fyrnd.

„Það er algjörlega bannað að fylgjast með samtölum verjenda og sakborninga. Sakborningar eiga skýlausan rétt á því að fá að tjá sig í friði og við verjendur erum þeirra trúnaðarmenn. Þetta eru miklu alvarlegri brot en menn gera sér grein fyrir og ekki síður gegn okkur lögmönnunum. En það virðist sem mannréttindasáttmálar og mannréttindaákvæði stjórnarskrárinnar eigi bara ekkert við um þessa menn. Það sé einhvern veginn stemningin,“ segir Sigurður.

fanney@frettabladid.is





**FYRND HLERUNARBROT** Ríkissaksóknari segir þau hlerunarbrot sem upplýst hefur verið um fyrnd. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**„Þetta eru miklu alvarlegri brot en menn gera sér grein fyrir.“**

*Sigurður G. Guðjónsson hæstaréttarlögmaður*







5 ÁRA ÁBYRGÐ

EURO NCAP FOR SAFER CARS www.euroncap.com TEST 2013

40 % GÆÐALÁN TOYOTA

**Gæðalán Toyota í samstarfi við Ergo**
Fáðu 40% af verði nýrrar Toyotu að láni án vaxta í allt að þrjú ár.

**Toyota Kauptúni**
Kauptúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

**Toyota Akureyri**
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

**Toyota Reykjanesbæ**
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

**Toyota Selfossi**
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Bíllinn á myndinni kann að vera búinn aukahlutum sem ekki eiga við uppgefið verð og allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.
40% vaxtalaust lán miðast við verðlistaverð án afsláttar. Nánari upplýsingar hjá söluráðgjöfum.

Hæstiréttur þyngdi dóm:

## Dæmdur í tíu ára fangelsi

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur þyngdi í gær dóm yfir Stefáni Reyni Heimissyni, sem Héraðsdómur dæmdi í fyrra í sjö ára fangelsi fyrir að nema á brott tíu ára telpu og brjóta á henni kynferðislega. Var dómurinn þyngdur í tíu ára fangelsi og miskabætur hækkaðar úr þremur milljónum króna í fjórar. Stefán var ákærður fyrir sifskapar- og frelsissviptingarbrot auk kynferðisbrots sem átti sér stað á meðan á frelsissviptingunni stóð. - rkr

Tæplega þrjú þúsund ungmenni frá 17 ára aldri sóttu um vinnu hjá Reykjavíkurborg í sumar:

## Þrettán hundruð ungmenni fá ekki vinnu

**ATVINNA** Áætlað er að Reykjavíkurborg muni ráða 1.550 ungmenni í sumarstörf en umsækjendur eru 2.818. Þar af leiðandi er tæplega 1.300 ungmennum neitað um vinnu.

Flestir umsækjendur eru á aldrinum 17-25 ára en eingöngu tvö hundruð 17 ára ungmenni fá vinnu.

Tæplega 500 færri sóttu um vinnu hjá Reykjavíkurborg í ár en í fyrra en stöðugildin eru álíka mörg. Því er færri hafnað í ár.

„Við getum þó ekki metið stöðuna fyrr en í lok sumars en tilfinning okkar er að atvinnuástandið sé betra á almennum markaði í ár en í fyrra," segir Ragnhildur Ísaksdóttir, mannauðsstjóri Reykjavíkurborgar.

Farið er eftir hæfnisskilyrðum þegar ráðið er í störfin. „Það eru gerðar mismiklar kröfur fyrir störfin. Til dæmis eru ströng skilyrði fyrir leiðbeinendur í Vinnuskólanum," segir Ragnhildur. - ebg

**2.818** ungmenni sóttu um sumarvinnu hjá Reykjavíkurborg.



**SUMARSTÖRF** Reykjavíkurborg ræður ungmenni í afleysingar og hefðbundin útistörf yfir sumarið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Karlar vilja ekki tala um dauðann

Karlar vilja hlífa sínum nánustu við að ræða dauðann og finna styrk sinn í einveru, andstætt konum. Þetta kemur fram í nýrri doktorsritgerð sem séra Bragi Skúlason skrifaði. Rannsókn hans tekur til 371 ekkils sem missti konu sína, á þriggja ára tímabili. Þvert á ríkjandi skoðun eru mjög fáir karlar sem hefja nýtt samband skömmu eftir andlát maka. Algengt er að menn tali til eiginkonunnar eftir dauða hennar.

**SAMFÉLAGSMÁL** Karlar vilja helst ekki ræða yfirvofandi dauða sinn, andstætt við konur, og dánartíðni ekkla er hærri en kvæntra manna í níu ár eftir andlát maka. Þetta er meðal þess sem kemur fram í doktorsritgerð séra Braga Skúlasonar, Samtal um dauða og sorg: Íslenskir karlar og ekklar. Ritgerðina ver hann við Háskóla Íslands í dag.

Rannsókn Braga tekur til 371 ekkils sem missti konu sína, á þriggja ára tímabili frá 1999 til 2001. Ekklarnir voru fæddir á árunum 1924 til 1969 og koma alls staðar að af landinu.

Þá ræddi Bragi við 195 einstaklinga af báðum kynjum sem voru í líknandi meðferð.

„Það er gríðarlegur munur á körlum og konum þegar kemur að því að ræða dauðann. Þrjátíu prósent karla hafa frumkvæði að því að ræða yfirvofandi dauða sinn í viðtölum, hlutfallið er 80 prósent á meðal kvenna," segir Bragi. Hann segir að auðvitað virði hann sem prestur og aðrir heilbrigðisstarfsmenn það ef fólk vill ekki ræða dauðann. Það sé hins vegar mikill ávinningur fyrir maka og nánustu ættingja að ræða dauðann opinskátt, sorgin verði ekki jafn erfið og sár.

Bragi segir að þegar kemur að samræðu séu þarfir karla aðrar en kvenna. „Karlar vilja hlífa sínum nánustu við að ræða dauðann og finna styrk sinn oft í einveru, andstætt við konur."

Annað sem kemur á óvart er að samkvæmt rannsókn Braga er algengt að karlar telji að sambandi þeirra við látna eiginkonu hafi ekki lokið við andlát hennar. Margt í lífi þeirra haldist óbreytt, þeir haldi áfram að búa á sama stað, mynd af eiginkonunni standi á náttborðinu og þeir tali til hennar kvölds og morgna.

„Þeir eru ekki að opna fyrir aðrar gáttir í aðrar áttir á meðan þetta er svona," segir Bragi.

Dánartíðni ekkla miðað við kvæntra karla á sama aldri og í sömu búsetu er tölfræðilega hærri.

„Eldri kenningar segja að það sé mest hætta á að makinn deyi einu til tveimur árum eftir andlát eiginkonu. Samkvæmt minni rannsókn er þetta ekki rétt, hættan var enn til staðar níu árum eftir að rannsókninni lauk."

Af 371 ekkli sem rannsóknin tók til voru 20 sem voru komnir í annað samband á þeim sex til níu árum sem Bragi fylgdi þeim eftir.

„Menn hafa lengi talið að karlar færu strax í annað samband þegar þeir misstu maka sinn. Þannig var það fyrir hundrað árum en samkvæmt minni rannsókn er það ekki þannig í dag," segir Bragi.

johanna@frettabladid.is

**30%** karla hafa frumkvæði að því að ræða yfirvofandi dauða sinn í viðtölum.

**80%** kvenna hafa frumkvæði að því að ræða yfirvofandi dauða sinn.



**SKRIFAÐI DOKTORSRITGERÐ** Bragi Skúlason segir að það sé mikill ávinningur fyrir maka og nánustu ættingja að ræða dauðann opinskátt, sorgin verði ekki jafn erfið og sár. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON








Matvælafyrirtæki
á höfuðborgarsvæðinu
óskar eftir að ráða verkstjóra

Um er að ræða rótgróið framleiðslufyrirtæki sem framleiðir á innanlands og erlenda markaði.

Ef þú býrð yfir framúrskarandi hæfileikum í mannlegum samskiptum og reynslu af verkstjórn í matvælafyrirtæki þá ert þú hugsanlega rétt maðurinn/konan í starfið.

Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun sem nýtist í starfi, svo sem matvælaverkfræði, matvælafræði eða önnur menntun sem nýtist.

Umsóknir sendast á **starf123@gmail.com**

**Umsóknarfrestur er til 16. Júní 2014**

# TAX FREE DAGAR

AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF **ÖLLUM BARNAFATNAÐI**
13.-17. JÚNÍ.



*Jafngildir 20,32% verðlækkun. Að sjálfsögðu fær ríkissjóður 25,5% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 20,32% er alfarið á kostnað Hagkaups. Tilboðin gilda út þriðjudaginn 17. júní.

HAGKAUP
*Skemmtilegast að versla*

# 50 þúsund tonn færast upp á land

Greining Sjávarklasans á breytingum í togaraútgerð dregur fram að drifkraftur breytinganna sé sérstaða sjávarútvegsins á mörkuðum. Samkeppnisþjóðir keppa ekki við ferskfiskútflutning með flugi. Mismunur orkukostnaðar á sjó og í landi hefur sennilega aldrei verið meiri.

**FRÉTTASKÝRING**



Svavar Hávarðsson
svavar@frettabladid.is

Breytingar á íslenskri togaraútgerð

Stórstígar breytingar innan íslensks sjávarútvegs hafa orðið til þess að hið minnsta átta öflug skip hverfa úr frystiskipaflota Íslendinga, sem ýmist verða seld úr landi eða breytt í ísfisktogara. Samanlagður landaður afli þessara átta skipa var um 50 þúsund tonn árið 2013, sem undirstrikar að breytingarnar eru næsta byltingarkenndar. Sú mynd er enn skýrari við þá staðreynd að um aldamótin síðustu voru 90 íslensk skip með leyfi til vinnslu um borð og þar af 35 flakafrystitogarar. Þeir eru fimmtán í dag.

En hvað er það í umhverfi útgerðarinnar sem knýr þessar breytingar áfram og hvaða afleiðingar munu þær hafa, spyr Bjarki Vigfússon, hagfræðingur hjá Íslenska sjávarklasanum, í nýrri greiningu á þessari þróun.

### Birtingarmynd stærri breytinga

„Við teljum þessa fækkun frystitogaranna vera hluta af stærri breytingum í veiðum og vinnslu bolfisks á Íslandi, aðstæðurnar á síðasta ári og núna það sem af er þessu, þar sem afkoma greinarinnar dregst nokkuð skarpt saman, hafi gefið útgerðinni spark til að hrinda þessu í framkvæmd á skömmum tíma,“ segir Bjarki. Hann segir að ástæða breytinganna felist í aukinni áherslu á landvinnslu bolfisks, einkum þorsks, því þar liggi samkeppnisforskot Íslands.

„Þetta hefur talsverða þýðingu. Við teljum að útgerðin sé að færa sig yfir í landvinnslu, meðal annars stóraukinn útflutning á ferskum þorski, því þar er forskotið á til dæmis Norðmenn. Samkeppnisforskot Íslands liggur í landvinnslu og ferskum fiski og ef við getum svo nýtt okkur enn betur tækifæri í fullvinnslu aukaafurða, þar sem við stöndum nú þegar framarlega, þá er ljóst að þetta samkeppnisforskot í landvinnslunni getur reynst okkur afar verðmætt,“ segir Bjarki.

### Tvöfalt hærra verð

Útflutningur á ferskum fiski frá Íslandi hefur vaxið jafnt og þétt undanfarin ár. Frá 2008 til 2012 voru aflaheimildir í þorski auknar úr 150.000 tonnum í 200.000 tonn. Á þessu fjögurra ára tímabili má sjá sókn landvinnslunnar í útflutningi á ferskum þorskafurðum flugleiðina, eða úr 16.000 í 34.000 tonn. Á sama tíma varð lítil sem engin breyting í sjófrystingu á þorski, en frysting í landi jókst einnig umtalsvert. Þannig var það landfrysting og ferskfiskvinnslan sem hefur styrkst með auknum heimildum til veiða, en síðast í gær tilkynnti Hafrannsóknastofnun ráðgjöf um aflaheimildir í þorski upp á 218.000 tonn, og 250.000 tonn hafa verið nefnd sem aflaheimildir í náinni framtíð. Hafa skal hugfast hér að tvöfalt hærra verð fæst fyrir ferskar þorskafurðir á mörkuðum en fyrir frystar.



BJARKI VIGFÚSSON

Íslendingar koma ferskum afurðum á markað 40 klukkustundum eftir að fiskur er dreginn úr sjó. Við þetta geta Rússar og Norðmenn ekki keppt. Á sama tíma hafa þessar þjóðir stóraukið sjófrystingu í skjóli stóraukinna aflaheimilda í Barentshafi, sem skýra verðlækkanir síðustu missera.

Annað forskot Íslendinga í að höndla með ferskan fisk liggur í að geta afhent ferskan fisk allt árið um kring, sem Norðmenn, aftur, keppa ekki við þar sem þeir veiða sinn þorsk mestallan á fyrstu fjórum mánuðum ársins.

### Aldrei meiri munur

Í greiningunni segir að launahlutfall frystiskipanna sé hátt, og augljós hagræðing að sækja aflaheimildir á ísfiskara, en um borð eru mun færri sjómenn. Ljóst er að launahlutfall frystitogaranna er hátt hér á landi sem gerir samkeppnisstöðu sjóvinnslu bága og gefur landvinnslu samkeppnisforskot.

Þá hefur olíuverð farið hækkandi undanfarna áratugi, og hefur innflutt olía hækkað í verði í kjölfar veikingar krónunnar frá hruni. Þannig hefur munurinn á orkukostnaði í landi og á sjó líklega aldrei verið meiri, enda notar landvinnslan innlent rafmagn.



**BRIMNES RE** Mun stunda veiðar á heimamiðum og 40 manna áhöfn hefur verið endurráðin.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

### ➜ Brimnesið mun stunda veiðar við Ísland

Minnkandi veiðiheimildir hafa kallað á hagræðingu og samþjöppun aflaheimilda á færri skip, og bendir Bjarki á að það eigi ekki síst við eftir að sérstaka veiðigjaldið var lagt á fyrir fáum árum.

Þá hefur álagningu veiðigjalds hingað til verið skipt niður á ólíkar tegundir með svokölluðum þorskígildisstuðlum, þótt horfið verði frá þeirri aðferðafræði við útreikninga gjaldsins á næsta fiskveiðiári. Þær fisktegundir sem eru frystar úti á sjó hafa haft mjög háan þorskígildisstuðul.

Veiðigjaldið lagðist því af mjög miklum þunga á aflaverðmæti frystitogara í bolfiskvinnslu sem hafði talsverð áhrif á rekstrargrundvöll þeirra, enda viðurkennt að við útreikninga þorskígildisstuðlanna væri ekki tekið mið af mismunandi tilkostnaði veiða einstakra tegunda.

Breytingar á útreikningum veiðigjaldsins hafa orðið til þess að Guðmundur Kristjánsson, framkvæmdastjóri Brims hf., hefur endurráðið alla áhöfn flaggskips félagsins, Brimness RE 27, og mun beita skipinu til veiða á Íslandsmiðum eins og verið hefur.






**UNNIÐ GEGN OFBELDI** Angelina Jolie og William Hague takast í hendur á þriðja degi alþjóðaráðstefnunnar í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Ríkisstjórnir á stríðssvæðum beri meiri ábyrgð:

## Fundað í Lundúnum um kynferðisofbeldi

**LUNDÚNIR** Samkvæmt nýrri reglugerð Sameinuðu þjóðanna verður það á ábyrgð ríkisstjórna heimsins að binda enda á kynferðisofbeldi á stríðshrjáðum svæðum. Þetta sagði bandaríska leikkonan Angelina Jolie í samtali við fréttastofu BBC í gær. Jolie, sem er góðgerðarsendiherra Sameinuðu þjóðanna, stendur um þessar mundir fyrir ráðstefnu í Lundúnum um kynferðisofbeldi á átakasvæðum ásamt William Hague, utanríkisráðherra Bretlands. - bá

**Matvælafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu óskar eftir að ráða verkstjóra**

Um er að ræða rótgróið framleiðslufyrirtæki sem framleiðir á innanlands og erlenda markaði.

Ef þú býrð yfir framúrskarandi hæfileikum í mannlegum samskiptum og reynslu af verkstjórn í matvælafyrirtæki þá ert þú hugsanlega rétt maðurinn/konan í starfið.

Æskilegt er að viðkomandi hafi menntun sem nýtist í starfi, svo sem matvælaverkfræði, matvælafræði eða önnur menntun sem nýtist.

Umsóknir sendast á **starf123@gmail.com**

**Umsóknarfrestur er til 16. Júní 2014**




PIPAR\TBWA • SÍA • 141768




**MERIDA** MATTS REDWOOD

**55.992 KR.**
FULLT VERÐ 69.990 KR.
Léttgreiðslur **9.332** KR. í 6 mánuði

| | |
|---|---|
| Stærð: | 18"–20" |
| Bremsur: | Shimano Torney |
| Þyngd: | 13,9 kg |
| Demparagaffall | |




**MERIDA** BIG SEVEN 40

**103.992 KR.**
FULLT VERÐ 129.990 KR.
Léttgreiðslur **17.332** KR. í 6 mánuði

| | |
|---|---|
| Stærð: | 13,5"–15"–17"–18,5" |
| Gírar: | Shimano Altus |
| Þyngd: | 14,1 kg |
| Bremsur: | Promax vökvadiskabremsur |




**MERIDA** BIG NINE 300

**143.992 KR.**
FULLT VERÐ 179.990 KR.
Léttgreiðslur **23.998** KR. í 6 mánuði

| | |
|---|---|
| Stærð: | 15"–17"–19"–21" |
| Gírar: | Shimano Rapidfire |
| Þyngd: | 14,4 kg |
| Bremsur: | Tektro HDC-301 160 |




**THERMOS** GASGRILL
Grillflötur 430x430 mm
2 brennarar

**39.900 KR.**
Léttgreiðslur **6.650** KR. í 6 mán.



**CHAR-BROIL** GASGRILL
Grillflötur 450x470 mm
2 brennarar

**79.900 KR.**
Léttgreiðslur **13.317** KR. í 6 mán.




**CHAR-BROIL** GASGRILL
Grillflötur 670x470 mm
3 brennarar

**129.900 KR.**
Léttgreiðslur **21.650** KR. í 6 mán.



**CHAR-BROIL** GASGRILL
Grillflötur 790x470 mm
4 brennarar

**159.900 KR.**
Léttgreiðslur **26.650** KR. í 6 mán.






**COLEMAN** INSTANT 4
TOURER 4 MANNA

**55.993 KR.**
FULLT VERÐ 79.990 KR.



**COLEMAN**
LOFTDÝNA

**5.990 KR.**



**PRIMUS** TJALDHITARI
2000–2500W

**13.990 KR.**



**CAMPINGAZ**
GASHELLUBORÐ

**14.990 KR.**

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16 • **ellingsen.is**

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA




Ný bygging fjármögnuð af framlögum velunnara SÁÁ hefur verið opnuð:

# Álma fyrir þá elstu og veikustu

**HEILBRIGÐISMÁL** SÁÁ hefur tekið í notkun nýja álmu á Vogi sem er fyrir veikustu sjúklinga sjúkrahússins.

Með nýju álmunni er komið til móts við þarfir veikustu sjúklinganna, oft er um að ræða eldra fólk sem glímir við hreyfihömlun og þarfnast umönnunar og aðhlynningar.

Viðbyggingin var fjármögnuð með framlögum sem velunnarar SÁÁ létu af hendi, án þátttöku ríkis eða sveitarfélaga. Einn einstaklingur styrkti framkvæmdina um heilar fimmtíu milljónir króna.

„Við fáum ótrúlega mikla peninga frá fyrirtækjum og einstaklingum. Á síðasta ári settum við 280 milljónir inn í reksturinn en við erum að reka spítalann með 200 milljóna króna halla því við fáum of litlar fjárveitingar frá ríkinu," segir Þórarinn Tyrfingsson, yfirlæknir á Vogi.

Miklir biðlistar eru á Vogi vegna skorts á starfsfólki og fjármagni. „Þeir veikustu sem hafa komið oft þurfa að bíða lengst. Allar svona sparnaðaraðgerðir bitna á veikustu sjúklingunum." - ebg



**VOGUR** Nýja álman er með betri aðstöðu fyrir starfsfólk. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA



**HERINN SKILDI DÓTIÐ SITT EFTIR** Búnaður frá íraska hernum við eftirlitsstöð skammt frá borginni Mosúl, sem uppreisnarmenn náðu á sitt vald í vikunni. NORDICPHOTOS/AFP

# Írak virðist vera að liðast í sundur

Íraksstjórn ræður ekkert við uppreisn íslamista, sem hafa náð stórum hluta landsins á sitt vald og stefna nú til höfuðborgarinnar Bagdad. Stjórnarherinn gufaði upp þegar á reyndi og ráðamenn eru sagðir bíða eftir aðstoð frá Bandaríkjaher.

**ÍRAK** Íraksstjórn virðist standa ráðalaus gagnvart herskáum íslamistum, sem hafa nú í vikunni náð borgunum Mosúl og Tikrít á sitt vald og segjast nú stefna til höfuðborgarinnar Bagdad.

Kúrdar hafa brugðist við með því að senda hersveitir til borgarinnar Kirkuk og segja að stjórnarherinn sé flúinn þaðan. Kirkuk er í næsta nágrenni sjálfstjórnarsvæðis Kúrda í norðausturhluta landsins, en Kúrdar hafa lengi deilt við stjórnina í Bagdad um yfirráðin í Kirkuk.

Her og lögregla sýndu litla mótspyrnu og forðuðu sér hið snarasta þegar uppreisnarsveitir íslamista réðust inn í Mosúl og Tikrít.

Uppreisnarsveitir íslamista hafa þá náð á sitt vald meststöllum vesturhluta Íraks, þar sem súnnímúslímar eru í meirihluta, en hafa enn sem komið er ekki hætt sér inn á svæði sjíamúslíma í suðausturhlutanum.

Engu er líkara en að Írak sé að liðast í sundur og klofna í smærri einingar, þar sem sjíamúslímar héldu hugsanlega eftir suðausturhlutanum, Kúrdar stæðu fastir fyrir í norðausturhlutanum en hinir herskáu íslamistar næðu völdum á svæði súnnímúslíma í vesturhlutanum – væntanlega við litlar vinsældir heimamanna þar.

Fréttastofan AP segir margt benda til þess að fyrrverandi stuðningsmenn Saddams Hussein á meðal súnnímúslíma í her og lögreglu landsins hafi stutt aðgerðir uppreisnarmanna.

Bandaríski fréttavefurinn The Daily Beast fullyrðir að írösk stjórnvöld bíði nú eftir því að bandaríski herinn komi þeim til aðstoðar með loftárásum, en tæplega tvö og hálft ár er síðan Bandaríkjaher yfirgaf landið og lýsti því yfir að hernaði þar væri lokið.

Barack Obama Bandaríkjaforseti ræddi stuttlega við fjölmiðla í gær og sagði þar að Írakar myndu nú þurfa hernaðaraðstoð frá Bandaríkjunum, en gaf ekkert upp um í hverju hún kynni að verða fólgin.

Íraska þjóðþingið hefur ekki fengist til að samþykkja kröfu Núri al Malikis forseta, um að lýst verði yfir neyðarástandi sem myndi færa honum aukin völd til að takast á við ástandið.

Al Maliki er sjálfur sjíamúslími og hefur lítinn stuðning á meðal súnnímúslíma, enda þykir þeim hann hafa gert sjíum hærra undir höfði við stjórn landsins en súnníum. gudsteinn@frettabladid.is

➜ Her og lögregla sýndu litla mótspyrnu og forðuðu sér hið snarasta þegar uppreisnarsveitir íslamista réðust inn í Mosúl og Tikrít.




Hæstiréttur mildaði í gær dóm yfir manni sem greiddi stúlku fyrir mök:

# Vissi ekki að stelpan var 13 ára

**DÓMSMÁL** Karlmaður var dæmdur til tíu mánaða fangelsisvistar í Hæstarétti í gær fyrir að hafa sleikt kynfæri þrettán ára stúlku og greitt henni 25 þúsund krónur fyrir. Héraðsdómur Reykjavíkur hafði dæmt manninn til fimmtán mánaða fangelsisvistar.

Héraðsdómur hafði komist að þeirri niðurstöðu að maðurinn hefði ekki vitað um aldur stúlkunnar. Tölvupóstsamskipti þeirra sýndu að hún hefði sagst vera sautján ára að verða átján. Þá mun hún hafa gefið sama svar þegar maðurinn hitti hana. Álit dómsins var að ekki hefði verið hægt að slá því föstu að hún væri yngri en fimmtán ára miðað við svör hennar og útlit.

Ríkissaksóknari vísaði málinu til Hæstaréttar, en maðurinn fór fram á að dómur héraðsdóms yrði mildaður.

Sökum þess að meðferð málsins dróst, maðurinn hefði leitað sér sálfræðiaðstoðar og greitt stúlkunni skaðabætur og bætur vegna kostnaðar lögmanns, var refsing mannsins í Hæstarétti ákveðin fangelsi í tíu mánuði. Þar af eru átta mánuðir skilorðsbundnir til þriggja ára. - skó



**HÆSTIRÉTTUR** Maðurinn hefur leitað sér sálfræðiaðstoðar og greitt stúlkunni sem um ræðir skaðabætur. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# ÚTSALA

ILVA

30. MAÍ - 6. JÚLÍ 2014

NÚ 7.495,-



SPARAÐU 25% AF ÖLLUM ÁBREIÐUM

**Bergen-ábreiða**

*Ábreiða úr ull. 130 x 200 cm 9.995,- NÚ 7.495,-*



Coco-borðstofuborð 29.900,-

SPARAÐU 10.000,-

**Coco-borðstofuborð og Asta-borðstofustólar**

*Svart borðstofuborð með hvítri plastlagðri borðplötu og svörtum köntum. Svartlakkaðir fætur úr akasíuvið. L 120 x H 74 x B 80 cm. 39.900,- NÚ 29.900,- Asta-borðstofustóll án arma. Svartlakkaður úr gúmmívið. Fæst í fleiri litum. 14.900,- NÚ 9.900,-*

NÚ 2.995,-



SPARAÐU 25% AF ÖLLUM PÚÐUM

**Contrast-púði**

*Svartur og drapplitaður púði. 50 x 50 cm. 3.995,- NÚ 2.995,-*

NÚ 7.995,-



SPARAÐU 60%

**Dorina-ljós**

*Borðstofuljós. Opal-gler, stálrá. L 83,5 cm. 19.995,- NÚ 7.995,-*

SPARAÐU 25% AF ÖLLUM MARSEILLE-SÁPUM




**Marseille-sápa**

*Ýmsar gerðir. 1000 ml áfylling í plastflösku. 3.995,- NÚ 2.995,- 500 ml í glerflösku með pumpu. 2.995,- NÚ 2.195,-*

NÚ 19.995,-



SPARAÐU 40%

**Fig-tré**

*Fíkjutré gerviplanta. H 170 cm. 34.995,- NÚ 19.995,-*

H37

NÚ 8.995,-

SPARAÐU 25%



**Evaristo-lampi**

*Borðlampi messing. H 45 cm. 13.995,- 9.995,- H 37 cm. 11.995,- NÚ 8.995,- Skermur seldur sér.*

SPARAÐU 25%

NÚ 3.495,-

NÚ 5.995,-



NÚ 4.495,-

**Miotal-lugt**

*Grá lugt. H 44,5 cm. 7.995,- NÚ 5.995,-*
*Hvít lugt. H 38 cm. 5.995,- NÚ 4.495,-*
*Svört lugt. H 35,5 cm. 4.995,- NÚ 3.495,-*

Classic 201 boxdýna 77.880,-

SPARAÐU 51.920,-



**Classic 201 - boxdýna**

*Boxdýna með tvöfaldri fjöðrun • Millistíf • Botn: 150 stk. Bonell-fjöðrun á hvern fermetra • Toppur: 265 stk. 5 svæða pokafjöðrun á hvern fermetra • Innifalin er 25 mm latex-yfirdýna með mjúku áklæði sem má þvo • Einnig hægt að sérpanta með gráu áklæði. Fætur seldir sér. 90 x 200 cm. 129.800,- NÚ 77.880,-*

ÁBYRGÐ
15 ár á grind og fjöðrun
10 ár á framleiðslu
5 ár á mótor

Áklæði

NÚ 695,-

kaffi ILVA



**Tilboð í júní - Camembert-beygla**

*Camembert-ostur, sólþurrkað tómatpestó, rauðlaukur, basilolía, papriku chili sulta og salatblanda. 995,- NÚ 695,-*

**ILVA Korputorgi**, s: 522 4500 www.ILVA.is
laugardaga 10-18, sunnudaga 12-18, mánudaga - föstudaga 11-18:30

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

Gildir frá 13.06 til 17.06
www.rfl.is




**LIMHAMN GARÐHÚSGÖGN**
Sett úr áli og fléttuðu, veðurþolnu polyrattan efni. Borð með hertri glerplötu sem hægt er að breyta í skemil, 3ja sæta tungusófi og armstóll. Slitsterkar sessur með polyester áklæði fylgja. Stærð á borði: B54 x L65 x H29 sm. Tungusófi + borð/skemill + stóll + sessur.
Vnr. 3737600




**ODDA BORÐ OG 4 DOVRE ARMSTÓLAR**
Fallegt sett úr stáli og fléttuðu polyrattan efni. Stólunum er hægt að stafla. Litur: Grár.
Borð stærð: 90 x 150 sm. **24.950** Stóll **9.995**
Vnr. 3752200, 3749700




**ROMANO GARÐSETT**
Fallegt garðsett úr svörtu, fléttuðu polyrattan efni. Sófi, 2 armstólar og borð ásamt sessum. Borð er með hertri glerplötu.
Stærð á borði: 40 x 80 x 40 sm.
Vnr. 43051001




**BLOKHUS BORÐ + 2 BROHAVE STÓLAR**
Flott garðborð og stólar úr svörtu stáli. Borðið er með glerplötu úr hertu gleri. Stærð á borði: Ø60 sm.
Borð **3.895** Stóll **2.995**
Vnr. 3770704, 3752000

3JA MANNA TJALD
5.995



**TRILLEMARKA TJALD**
Gott 3 manna tjald með límdum saumum. Þéttur botn úr polyester. Stærð: 210 x 210 x 130 sm. Þyngd: 2,0 kg. Vnr. 4701901






**SVEFNPOKAR**
Mikið úrval af svefnpokum á frábæru verði.
**1.** SVARTSKOG svefnpoki **7.995**
**2.** AURSKOG svefnpoki **3.995**
**3.** FRASER svefnpoki **4.995**
**4.** BUBERG svefnpoki **2.495**
Vnr. 4701300, 4713000, 906-10-1039, 4715200



BORÐ + 4 STÓLAR

**39.990**

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

SPARAÐU **24.940** KRÓNUR



VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

VIÐHALDSFRÍTT

Jutlandia Ál

Jutlandia Polyrattan

BORÐ + 4 STÓLAR + SESSUR

SETTIÐ FULLT VERÐ: 99.990

**79.990**

SPARAÐU **20.000** KRÓNUR

**TIVEDEN GARÐHÚSGÖGN**
Innskotsborð með fíbersteini og stálgrind Ø80 x H42/Ø50 x H38 sm. 4 þægilegir armstólar úr áli og handfléttuðu polyrattan efni. Slitsterkar sessur úr polyester efni fylgja. Vnr. 3762200



**BERGEN SÓLTJALD**
Gott sóltjald með opnum hliðum. Hægt er að kaupa stakar hliðar og renna þeim saman við NOLA sóltjaldið. Stærð: B3 x L3 metrar. Hlið 1 stk. **1.295** Vnr. 3732193

SÓLTJALD

**5.995**



Jutlandia Polyrattan

VIÐHALDSFRÍTT

BORÐ + 4 STÓLAR

**69.990**

BORÐ + 4 STÓLAR

VALITOR KORTALÁN VISA ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR

**ALS BORÐ OG 4 BIRKEMOSE ARMSTÓLAR**
Sett úr áli og sterku, veðurþolnu polyrattan efni. Extra langt borð með borðplötur úr hörðum trefjum með granítáferð. Léttir og þægilegir stólar úr polyrattan efni með sterkri sessu og baki. Stærð á borði: B95 x L180 x H73 sm. Borð **59.990** Stóll **6.895**
Vnr. 3710200, 3762300

SPARAÐU **17.580** KRÓNUR



**BRAGA XL ÚTILEGUSTÓLL**
Góður útilegustóll úr dökkgrárri röragrind. Fæst í 3 litum.
Vnr. 3734400

**33%** AFSLÁTTUR

FULLT VERÐ: 2.995

**1.995**



**PISA LUX ÚTILEGUSTÓLL**
Lúxus útilegustóll með örmum, glasahaldara og auka bólstrun. Hægt að leggja saman. Taska fylgir. Vnr. 3730700

OPEN AIR

PISA LUX

**3.995**



**EINANGRUNARDÝNUR OG SJÁLFUPP-BLÁSANLEGAR DÝNUR**
**1.** Einangrunardýna 6 mm: **595**
**2.** Einangrunardýna 12 mm: **1.995**
**3.** Blá dýna 51 x 180 x 3 sm. **3.995**
**4.** Græn dýna 60 x 200 x 5 sm. **5.995**
**5.** Rauð dýna 65 x 200 x 7.5 sm. **7.995**
Vnr. 4730300, 4730200 4736000, 4736100, 4736500

DÝNUR VERÐ FRÁ:

**595**





**ÚTILEGUBORÐ**
Samanleggjanlegt borð úr áli og borðplötu úr MDF.
Stærð: B60 x L90 x H70 sm.
Vnr. 39859001

ÚTILEGUBORÐ

**4.995**

Ráðleggingar Hafró kynntar:

# Kvótinn verði 218.000 tonn

**SJÁVARÚTVEGUR** Hafrannsóknastofnun leggur til að þorskkvóti fiskveiðiársins 2014-2015 verði 218 þúsund tonn. Veiða má 214 þúsund tonn af tegundinni á yfirstandandi fiskveiðiári samkvæmt aflareglu stjórnvalda. Á blaðamannafundi í gær kom fram að þorskstofninn hefði ekki styrkst eins mikið og vonast hefði verið eftir enda nýliðun undir meðaltali. Hafró ráðleggur að ýsukvótinn verði minnkaður úr 38 þúsund tonnum í 30.440 tonn. **- hg**

Enn ófrágengin mál varðandi bátasiglingar á jökullónum Hornafjarðar og færri komast að en vilja:

# Vildi að fleiri fyrirtæki kæmust að lóninu

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þetta er eitt af stóru málunum sem ný sveitarstjórn þarf að takast á við,“ segir Ásgrímur Ingólfsson, bæjarfulltrúi á Höfn í Hornafirði, sem lagði til á síðasta bæjarstjórnarfundi að einu bátasiglingafyrirtæki í viðbót yrði veitt stöðuleyfi við Jökulsárlón.

Bæjarstjórnin samþykkti á fundinum eftir auglýsingu að veita fyrirtækinu Fjallsárlóni ehf. leyfi til að starfa á austurbakka Fjallsárlóns. Tvö önnur fyrirtæki sóttu um leyfið, þar á meðal Ice Lagoon, sem Ásgrímur lagði til að fengi stöðuleyfi til eins árs á vesturbakka Jökulsárlóns. Vandinn er sá að þar er þjóðlenda og ekki gert ráð fyrir slíkri starfsemi með skipulagi. Ásgrímur segir að leyfi fyrir Ice Lagoon hafi verið hafnað því menn vilji hafa fyrirtækin innan skipulags.

„Ég er svo sem sammála því en það virðist bara ekki ganga,“ segir Ásgrímur og vísar til þess að sveitarfélagið hafi í fyrra kostað nýtt skipulag á einkalandi á austurbakka Jökulsárlóns. „Sveitarfélagið ákvað að fara í þetta í von um að höggva á þann hnút sem þarna er og vonaðist til að þeir sem óskuðu eftir að koma þarna með rekstur færu að starfa inni í því skipulagi. En það þarf samþykki allra landeigenda til og það hefur ekki gengið hingað til.“ **- gar**



**JÖKULSÁRLÓN** Miklir hagsmunir felast í sívaxandi ásókn að útsýnissiglingum um jökullónin eystra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI








**BRIM** Súrnun sjávar norður af Íslandi er gríðarhröð. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hætt skuli við olíuvinnslu:

# Vilja aðgerðir vegna súrnunar

**UMHVERFISMÁL** Stjórnvöldum ber að grípa til aðgerða gegn súrnun sjávar, segir í ályktun frá aðalfundi Náttúruverndarsamtaka Íslands, enda mælist nú súrnun sjávar tvöfalt hraðari norður af Íslandi en sunnar í Atlantshafi.

Samtökin segja aðgerðir kalla á alþjóðlegt samstarf og að mikilvægt sé að efla rannsóknir á þessu sviði, bæði á alþjóðavísu og á hafsvæðinu við landið. Einnig að til þess að Íslendingar geti beitt sér í alþjóðasamstarfi gegn súrnun sjávar verði þjóðin að hafa trúverðugleika á sviði loftslagsmála, og stjórnvöld verði því að leggja af áform um olíuvinnslu á Drekasvæðinu. **- shá**



**HJÓLAÐ Á VESTFJÖRÐUM** Tólf hjólreiðaslys áttu sér stað á þjóðvegum landsins síðustu fimm ár. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Fjölgun slysa á þjóðvegum:

# Fjórum sinnum fleiri hjólaslys

**SAMGÖNGUR** Fjöldi hjólreiðaslysa á þjóðvegum í dreifbýli fjórfaldaðist á undanförnum fimm árum miðað við næstu fimm ár þar á undan.

Frá árinu 2004 til 2008 voru slysin þrjú en frá 2009 til 2013 voru þau tólf. Slysin eru þó enn tiltölulega fá og hjólreiðafólki hefur fjölgað á þessu sama tímabili.

Þetta kemur fram í frétt á vef VÍS. Þar er athygli vakin á því að ökumenn þurfi að sýna hjólreiðafólki tillitssemi á þjóðvegum, þar sem aðstæður fyrir hjólreiðafólk eru sjaldnast upp á það besta. **- bá**

Björgunarsveitir kallaðar út:

# Aðstoðuðu tvo vélarvana báta

**BJÖRGUNARSTARF** Björgunarsveitir Slysavarnafélagsins Landsbjargar aðstoðuðu tvo bilaða báta í gær. Björgunarsveitin Pólstjarnan á Raufarhöfn var kölluð út vegna báts sem bilaði um 2,5 sjómílur norðaustur af þorpinu. Bátinn rak í átt að landi þegar sveitin kom og dró hann til hafnar. Björgunarsveit Hafnarfjarðar var kölluð út vegna vélarvana báts út af Álftanesi. Báturinn var tekinn í tog og komið til hafnar í Hafnarfirði. **- hg**

Tugir björgunarmanna vinna að því að ná slösuðum hellakönnuði út úr helli:

# Slasaður í helli dögum saman

**ÞÝSKALAND** Tveir læknar segja að þýski hellakönnuðurinn Johann Westhauser, sem hefur legið slasaður djúpt í helli í Þýskalandi síðan á sunnudag, sé nægilega hraustur til þess að hægt verði að ná honum út úr hellinum.

Hins vegar mun það taka nokkra daga að flytja Westhauser út undir bert loft, því hann var kominn djúpt niður í hellakerfi Riesending-hellanna, sem eru skammt frá landamærum Austurríkis, þegar hann slasaðist á höfði í grjóthruni.

Það tók læknana nokkra daga að komast að honum, en þeir vinna nú að því að búa hann undir flutning. Ranghalar hellakerfisins eru víða þröngir og svo þarf að hífa hinn slasaða á nokkrum stöðum upp lóðrétt göng, enda var hann kominn niður á þúsund metra dýpi þegar hann slasaðist. Westhauser, sem er 52 ára, var í fylgd tveggja hellakönnuða. Annar beið hjá honum á meðan hinn fór til að tilkynna um slysið. Það tók hann 12 klukkustundir að komast út úr hellunum. **- gb**



**BJÖRGUNARAÐGERÐIR** Búast má við að það taki nokkra daga að ná manninum út úr þröngum ranghölum hellakerfisins. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Sumargötur opnaðar 17. júní:

# Pollapönksgötur í Reykjavík

**REYKJAVÍK** Starfsmenn Reykjavíkurborgar eru þessa dagana að mála bekki, borð og hjólahlið í Pollapönkslitum.

Litirnir urðu hlutskarpastir í kosningu á vefnum en íbúar gátu einnig valið melónuliti eða strandarliti. Frá 17. júní verða hlutar Laugavegs og Skólavörðustígs svokallaðar sumargötur fyrir gangandi vegfarendur, auk Pósthússtrætis frá Kirkjustræti. Sumargöturnar verða mannlífsgötur allt til 1. september. **- ebg**



**BÆJARSTJÓRI KVEÐUR** Árni Sigfússon hefur verið bæjarstjóri Reykjanesbæjar síðastliðin 12 ár. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Reykjanesbær varð 20 ára:

# Kvaddi sem bæjarstjóri

**REYKJANESBÆR** Á tuttugu ára afmæli Reykjanesbæjar kvaddi Árni Sigfússon samstarfsfólk sitt eftir 12 ára setu sem bæjarstjóri.

Á vef Víkurfrétta kemur fram að Árni hafi notað tækifærið og kvatt formlega með ræðu þar sem hann lagði áherslu á hversu mikið hefði áunnist í sameinuðu sveitarfélagi.

Talaði Árni sérstaklega um þá ákvörðun starfsfólksins að gefa 10-15 prósent af vinnu sinni eftir hrun, sem væri líklega einsdæmi. „Núna þegar ég kveð í þessu hlutverki er ég mjög bjartsýnn og trúi því að með ykkur er hægt að gera allt vel,“ sagði Árni meðal annars. **- ebg**



**HERMANN HREIÐARSSON** Landsliðsfyrirliðinn fyrrverandi stofnaði sjóðinn í byrjun júní.

Hægt að styrkja á vefnum:

# Gjafabréf fyrir Hemmasjóð

**FÉLAGSMÁL** Sérstakt gjafabréf hefur nú verið útbúið á vef Hjálparstarfs kirkjunnar fyrir hinn svokallaða Hemmasjóð sem Hermann Hreiðarsson knattspyrnumaður stofnaði fyrr í mánuðinum.

Nú geta þeir sem óska tekið þátt og styrkt verkefnið á vefsíðunni gjofsemgefur.is.

Þetta kemur fram í tilkynningu frá Hjálparstarfi kirkjunnar. Sjóðurinn hefur það að markmiði að styrkja börn efnalítilla fjölskyldna og veita þeim tækifæri til að stunda íþróttir. **- bá**



HM í fótbolta er ýmist elskað eða hatað.

# Boltinn sameinar

Heimsmeistaramótið í fótbolta hófst í gær. Aðdragandi þess hefur verið óvenju stormasamur að þessu sinni og í heilt ár hafa þúsundir Brasilíubúa mótmælt á götum úti og kvartað yfir hækkun á opinberum samgöngukostnaði, miklum útgjöldum vegna heimsmeistarakeppninnar og ófullnægjandi fjárveitingum í opinberri þjónustu. Bent hefur verið á slæman aðbúnað og brot á mannréttindum verkamanna sem unnið hafa við byggingu nauðsynlegra mannvirkja, varað við hættu á auknu barnavændi í kringum mótið og almennt hafa allar fréttir sem tengjast undirbúningi þess verið neikvæðar, ekki að ástæðulausu þar sem fátækt í Brasilíu er gríðarleg og mannréttindabrot daglegt brauð.

Mótmælin hafa verið brotin á bak aftur af lögreglu og her af mikilli hörku sem einnig hefur vakið hörð viðbrögð umheimsins.



**Friðrika Benónýsdóttir**

fridrikab@frettabladid.is

Það er ekki með góðri samvisku hægt að halda því fram að gleðin og eftirvæntingin hafi verið ríkjandi þættir í aðdraganda þessa heimsmeistaramóts, enda potturinn í undirbúningi brasilískra yfirvalda fyrir mótið margbrotinn. Ofan á ólguna í Brasilíu hafa bæst fréttir af spillingu að baki þeirrar ákvörðunar FIFA að halda heimsmeistaramótið í knattspyrnu í Katar árið 2022. Það er ekki lognmollunni fyrir að fara í kringum HM.

Allar þessar dimmu fréttir hverfa þó tímabundið í skuggann af þeirri gleði sem grípur milljónir fótboltaáhugamanna um heim allan þegar blásið er til fyrsta leiks. Allir eiga sitt uppáhaldslið hvort sem það er eigið landslið eða eitthvert allt annað lið sem áhorfandinn hefur valið sér að halda með. Sigurvíman þegar hið útvalda lið vinnur leik er óviðjafnanleg og að sama skapi er sorgin blýþung þegar tapleikur er staðreynd. Á vinnustöðum er varla minnst á annað en leikina í gær í hádegishléum og kaffitímum og þeir sem ekki hafa orðið fótboltabakteríunni að bráð eru algjörlega jaðarsettir í umræðunni í heilan mánuð. Ýmsum í þeim flokki blöskrar hversu hlaðið er undir fjandans fótboltabullurnar þegar dagskrá Ríkissjónvarpsins er undirlögð viku eftir viku af leikjum og leikskýringum og margir hafa uppi vanburða mótmæli á samfélagsmiðlum til að benda á að enginn annar þrýstihópur fái slíka þjónustu. Skýringin á því er væntanlega sú að áhorfið er gríðarlegt og þess eru dæmi að um 70 prósent fólks á aldrinum 16 til 75 ára horfi á úrslitaleiki HM í útsendingu íslenska sjónvarpsins. Slíkar áhorfstölur sjást yfirleitt ekki nema á Eurovision-kvöldum þar sem Ísland keppir og ætti fremur að vera fagnaðarefni að fólk af öllum stéttum og úr öllum aldurshópum geti sameinast um eitt áhugamál. Áhugamál sem ekki einu sinni hefur neitt með íslenska frammistöðu að gera, aldrei slíku vant.

Fótboltaáhuginn á auðvitað sínar dökku hliðar eins og fjölmörg mál þar sem fótboltabullur misþyrma áhangendum fjandliðsins bera vitni um, en í langflestum tilfellum er samkenndin og gleðin í fyrirrúmi og þessi mánuður af sameiginlegum áhuga á bestu fótboltaliðum heims fjórða hvert ár hlýtur að vega upp á móti missi nokkurra sjónvarpsþátta og raski á rútínu sjónvarpsfíkla. Eftir mánuð verður allt komið í samt horf aftur en milljónir fótboltafíkla munu hafa eignast ógleymanlegar minningar sem ylja þeim næstu fjögur árin.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

**Verkjalaus hreyfing í sumar?**

- Öflug blanda fyrir auma liði
- Styður við brjósk og eykur liðleika
- 10 g af kollagenum í hverjum skammti



SWANSON HEALTH INTERNATIONAL

Joint Health Mix

Swanson – ánægðustu viðskiptavinirnir í USA árið 2013.

Söluaðilar á Íslandi á **www.swanson.is**.

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Ilmur í stað Bjarkar

Nýi meirihlutinn í borginni var áferðarfallegur þegar hann kynnti sjálfan sig og stefnumál sín í borginni í iðagrænu umhverfi Elliðaárdalsins. Frjálslegur í fasi. Sumir mættu með börn sín og aðrir komu hjólandi. Afar frjálslegt og notalegt.

Nánast ekkert kom á óvart nema ef vera skyldi að Ilmur Kristjánsdóttir, Bjartri framtíð, verður formaður velferðarsviðs að ári, en þá hættir Björk Vilhelmsdóttir, Samfylkingu. Þetta finnast mörgum undarleg skipti þar sem Björk er hokin af reynslu í málaflokknum en Ilmur nýgræðingur. Hún hefur hins vegar heilt ár til að koma sér inn í málin áður en hún tekur við.



### Von um húsnæði

Þá fóru menn að lesa stefnuskrárnar og bera saman hverju var lofað og hvað á að efna. Eitt kosningaloforð segjast menn ætla að standa við, það er að byggja 2.500 til 3.000 nýjar íbúðir í Reykjavík, helst á morgun. Samfylkingin, Vinstri græn og Björt framtíð sögðu öll fyrir kosningar að þetta ætti að gera. Píratar voru ekki með neinn kafla í stefnuskránni um húsnæðismál, ákváðu bara að samþykkja að taka þátt í þessu með hinum. Alger samhljómur þarna og því ætti að vera leikur einn að koma þessu í verk.



### Aukið lýðræði

Reykjavík er líklega eini staðurinn í heiminum þar sem Píratar hafa komist til valda. Þótt þeir hafi ekki haft neinar sérsakar skoðanir á húsnæðismálum þá hafa þeir sterkar skoðanir á lýðræði og stjórnkerfi borgarinnar. Í málefnasamningi meirihlutans er langur kafli um lýðræðisumbætur og hvernig hægt sé að auka íbúalýðræði. Halldór Auðar Svansson pírati hefur því greinilega sett mark sitt á málefnasamninginn og komið sínum hugðarefnum á blað. Enda hver getur svo sem verið á móti lýðræðisumbótum?

**jóhanna@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Félagslegt heilbrigðiskerfi

HEILBRIGÐISMÁL



**Sigríður Ingibjörg Ingadóttir**

þingkona Samfylkingarinnar og formaður velferðarnefndar

Vaxandi vantraust á stjórnmálaflokkum og stjórnmálakerfinu er mikið áhyggjuefni hér á landi sem annars staðar. Fólk situr uppi með þá tilfinningu að stjórnmálin snúist öðru fremur um að tryggja sérhagsmuni háværra, valdamikilla og auðugra hópa samfélagsins en ekki hagsmuni hins almenna borgara. Heilbrigðismál eru hér ekki undanskilin, því miður.

### Stuðningur við opinbert kerfi

Heilbrigðiskerfið er ein af meginstoðum hvers samfélags. Á Íslandi vill yfirgnæfandi meirihluti fólks (81,1%) að heilbrigðisþjónusta sé fyrst og fremst rekin af hinu opinbera og enn fleiri að fjárveitingar til kerfisins verði auknar. Þetta eru rökréttar áherslur enda má auðveldlega sýna fram á að aukin einkaframkvæmd leiði í raun til einkavæðingar. Hér á landi höfum við gott dæmi um þetta. Ríkið hefur gert samninga við ýmsa sérgreinalækna í einkarekstri. Þegar ekki náðist að endurnýja samningana var ríkið í raun orðið háð þjónustu einkarekinnar heilbrigðisþjónustu og læknarnir gátu hækkað gjaldskrár sínar einhliða og kostnaðarþátttaka sjúklinga jókst sem því nam. Ríkið missir stjórn á kerfinu, verður háð einkaaðilum vegna mikilvægrar þjónustu og kostnaður sjúklinganna eykst. Þessi þróun veldur því að erfiðara verður fyrir hið opinbera að hafa áhrif á uppbyggingu og skipulag þjónustunnar. Í raun missir ríkisvaldið að einhverju leyti stjórn á fjárveitingum til kerfisins og á erfiðara með að stýra fjármunum þangað sem þörfin er brýnust.

**➜ Við höfnum frekari einkavæðingu á velferðarþjónustu sem nú er í opinberum rekstri.**

### Einkavæðing?

Ríkisstjórnarflokkarnir, Framsóknarflokkur og Sjálfstæðisflokkur, sem og Björt framtíð hafa lýst yfir áhuga á fjölbreyttari rekstrarformum í heilbrigðisþjónustu. Þessir flokkar verða að svara því hvort í því felist dulin skilaboð um einkavæðingu, þvert á vilja almennings. Stefna Samfylkingarinnar er skýr í þessum efnum: Við höfnum frekari einkavæðingu á velferðarþjónustu sem nú er í opinberum rekstri. Brýnustu verkefnin í heilbrigðisþjónustu næstu árin eru risavaxin. Við þurfum að efla og styrkja heilsugæsluna, endurnýja húsa- og tækjakost Landspítala og draga úr kostnaðarþátttöku sjúklinga vegna heilbrigðisþjónustu og lyfja.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Fjögur ár



Í DAG
Pawel Bartoszek
stærðfræðingur

Fyrir rúmum fjórum árum sat ég og hringdi í ungt fólk fyrir hönd Sjálfstæðisflokksins. Fyrir mann sem hafði staðið í kosningabaráttu í nokkra mánuði og taldi sig hafa kynnt sér hin ýmsustu borgarmál kom það á óvart hvaða spurning það var sem brann helst á hinum ungu kjósendum. (Upplýst neðar.)

Ef Öskubuskusagnariturum þessa heims verður að ósk sinni og kvikmyndir verða gerðar upp úr þeim bókum sem fyrrverandi frambjóðendur Besta flokksins rita þá verður maður hugsanlega einhvern tímann sýndur sem andlitslaus statisti í stuttu skoti úr höfuðstöðvum vonda liðsins. Fótgönguliði í dauðastjörnunni.

**Uppbyggileg stjórnarandstaða**

Hin mjög svo hlutdræga sjálfskoðun hefur samt leitt mig að því að ég hafi gert Reykjavík gagn. Þau atkvæði sem bárust Sjálfstæðisflokknum fyrir fjórum árum voru ekki nýtt til vondra verka. Aðkoma Gísla Marteins að skipulags- og samgöngumálum á seinustu fjórum árum var mikil og góð. Sömuleiðis held ég að framlag Þorbjargar Helgu til skóla- og fræðslumála á kjörtímabilinu hafi verið meira en fólk myndi vænta af óbreyttum fulltrúa minnihluta. Sjálfstæðisflokkurinn í borginni rak ekki skítuga eða ómálefnalega stjórnarandstöðu. Hanna Birna var meira að segja forseti borgarstjórnar framan af kjörtímabilinu uns hún hætti því og hin granítharða grasrót Sjálfstæðisflokksins gat tekið gleði sína á ný.

Til að svara gátunni þá var algengasta spurningin sem ungir kjósendur spurðu auðvitað: „Hvenær eru aftur kosningarnar?“ Það er skrítið að þurfa að svara henni með orðunum „eftir tvo daga“. En það sýnir aðeins nauðsyn þess að fólk sé böggað.

**Máttur ópersónukjörs**

Sumir vilja meina að það mætti auka áhuga á kosningum með því að innleiða persónukjör, jafnvel þannig að menn gætu valið fólk af mörgum listum óháð flokkum. Sumir sjá jafnvel fyrir sér enga flokka. En hvaða áhrif myndi hreint persónukjör hafa á möguleika fólks til að losa sig við sitjandi ráðamenn? Ef hreint persónukjör hefði verið notað í kosningunum 2010 hefði Jón Gnarr komið inn í borgarstjórn með blússandi persónufylgi en engan annan með sér. Hið þurra og steríla listafyrirkomulag gerði honum kleift að draga inn með sér hóp af grunlausum vinum. Og satt að segja stóðu þessir grunlausu vinir Jóns sig alls ekki svo illa.

**Nokkur góð verk**

Svo ég nefni nokkra hluti: Hætt var við að byggja „samgöngumiðstöð“ í Vatnsmýri, vandræðabyggingu sem sameina átti flug-, rútu- og strætósamgöngur undir einu þaki. Byggingu sem Strætó vildi ekki, rútufyrirtækin kærðu sig ekki um og Flugfélag Íslands hafði ekki not fyrir en virtist vera á sjálfstýringu gegnum borgarkerfið.

Leidd var til lykta vinna við aðalskipulag Reykjavíkur sem byggir á gröfum dráttum á þéttingu byggðar og því að Reykjavík fái að vera evrópskari borg. Götur á borð við Hverfisgötuna og Borgartúnið voru endurhannaðar með það að markmiði að gera þær göngu- og hjólavænni. Það var auðvitað ekki allt án andmæla. Ef einhver einn fær meira af opinberu rými þá þarf einhver annar að fá minna af því. Og það skapar pústra.

> Ef hreint persónukjör hefði verið notað í kosningunum 2010 hefði Jón Gnarr komið inn í borgarstjórn með blússandi persónufylgi en engan annan með sér.

Orkuveitan var sett á réttari braut. Það er hins vegar auðvitað ekki alveg þannig að öll vandamál tengd OR séu horfin. Hinn óeðlilega hái rafmagnsreikningur Reykvíkinga er verðið sem þeir þurfa að greiða fyrir einhver súperhagstæð lán sem fengin voru á sínum tíma í skjóli þess að OR var í eigu opinberra aðila. Upp á framtíðina verður að leita leiða til að koma í veg fyrir að borgin fari aftur í svona rugl.

Ég ber virðingu fyrir fólki sem gefur nokkur ár ævi sinnar í þágu stjórnmála. Mig langar að þakka Jóni Gnarr fyrir það að hafa gert það. Mér líst raunar ekkert sérlega vel á þá borgarstjórn sem nú tekur við en þannig er það nú. Þótt sífellt færri kjósi ræður maður þessu víst ekki enn þá einn.

Jón Gnarr sagði í einhverjum viðtölum að hann væri „í raun anarkisti“. Flestir sem segjast „í vera raun anarkistar“ eru í raun fábjánar. Jón Gnarr er undantekning þar á. Hann er enginn fábjáni. Og enginn anarkisti.

# Stjórnvöld mega ekki bregðast



SJÁVARÚTVEGUR
Elín Hirst
alþingismaður

Það er augljóst að það er skylda samfélagsins að bregðast við þeirri alvarlegu stöðu sem upp er komin eftir að sjávarútvegsfyrirtækið Vísir tilkynnti að það ætlaði að leggja niður starfsemi á þremur stöðum á landsbyggðinni. Við tölum iðulega um forsendubrest vegna fasteignalána sem hækkuðu vegna verðbólgu í tengslum við hrunið. Á sama hátt verður ástandinu sem nú blasir við í litlum sjávarþorpum eins og Djúpavogi og Þingeyri ekki lýst öðruvísi en sem stórfelldum forsendubresti.

**Hlutverkið**

Löggjafinn hefur sjálfur ákveðið að fiskveiðistjórnarkerfið hafi byggðalegt og félagslegt hlutverk, jafnframt því að vera grundvöllur sjálfbærrar nýtingar og hagræðis í greininni. Þetta sést best á því að til ráðstöfunar eru 5,3 prósent af heildaraflaheimildum, í þorskígildum talið, sem byggðaleg úrræði til að byggja upp með varanlegum hætti fiskveiðar og fiskvinnslu á stöðum sem verða fyrir áfalli.

**Skynsemi og þekking**

Í grein sem Einar K. Guðfinnsson, forseti Alþingis og fyrrverandi sjávarútvegsráðherra, skrifaði nýlega í Fiskifréttir í tilefni stöðunnar sem upp er komin vegna aðgerða Vísis segir: „Nær 30 þúsund tonn til félagslegra/byggðalegra úrræða er umtalsvert magn. Spurningin sem nú á við er sú hvort við notum þennan afla til nægilega markvissra aðgerða. Sl. sumar var lögfest ákvæði sem fól í sér nýmæli við úthlutun byggðakvóta. Byggðastofnun hafði yfirumsjón með ráðstöfun þessara aflaheimilda. Þar sem ég þekki til tókst vel til. Þarna virðist komin góð fyrirmynd að því að nýta takmarkaðar heimildir til þess að byggja upp með varanlegri hætti fiskveiðar og fiskvinnslu á stöðum sem verða fyrir áfalli, eða slíkt er fyrirsjáanlegt. En jafnframt þarf að vinna til lengri tíma. Skapa skilyrði til nýrrar og annarrar atvinnustarfsemi, þannig að sjávarútvegsplássin okkar verði líkari stærri byggðarlögum með fjölþættari atvinnustarfsemi.“

> **Við tölum iðulega um forsendubrest vegna fasteignalána sem hækkuðu vegna verðbólgu í tengslum við hrunið. Á sama hátt verður ástandinu sem nú blasir við í litlum sjávarþorpum eins og Djúpavogi og Þingeyri ekki lýst öðruvísi en sem stórfelldum forsendubresti.**

Einar talar hér af skynsemi og þekkingu og reynslu og ég get tekið heilshugar undir sjónarmið hans.





KOMDU OG PRÓFAÐU VOLVO V40, ÖRUGGASTA BÍL Í HEIMI

VOLVO V40 FÉKK HÆSTU EINKUNN SEM HEFUR VERIÐ GEFIN Í ÖRYGGISPRÓFUNUM EURO NCAP.

OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17 OG LAUGARDAGA KL. 12-16.

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I volvo.is

Volvo V40 D2 115 hö, tog 285 Nm, 6 gíra beinskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,4 l/100 km. $CO_2$ 88 g/km.
Volvo V40 D2 115 hö, tog 285 Nm, 6 þrepa sjálfskiptur. Eldsneytisnotkun í blönduðum akstri 3,9 l/100 km. $CO_2$ 102 g/km.
Volvo V40 búinn D2 dísilvél uppfyllir þau skilyrði sem þarf til að fá frítt í stæði í miðbæ Reykjavíkur í 90 mínútur í senn.
Brimborg og Volvo áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

# Hvers vegna eru erfðabreytt matvæli merkt?

ERFÐABREYTT MATVÆLI



Sandra B. Jónsdóttir
sjálfstæður ráðgjafi

Erfðabreytt matvæli eru merkt vegna þess að aldrei hefur verið sýnt fram á öryggi þeirra til neyslu. Nytjaplöntum var erfðabreytt með sn. genasmíð, sem inniheldur gen úr framandi lífveru (t.d. fiski, skordýri, dýrum og jafnvel mönnum) sem flækt er saman við bakteríu, vírus og gen sem tjáir ónæmi fyrir sýklalyfjum. Slík planta mundi aldrei verða til í náttúrunni og afleiðingar þess að neyta fæðu sem er svo gjörólík þeirri fæðu sem þróunin hefur ætlað okkur eru óþekktar.

Fyrirtækin sem þróa erfðabreyttar plöntur þurfa ekki að gera öryggisprófanir á mönnum, heldur er þeim aðeins gert að sýna fram á hvort erfðabreytt matvæli séu umtalsvert jafngild venjulegum matvælum. „Umtalsvert jafngildi“ hefur enga lagalega eða vísindalega skilgreiningu. Það er einfaldaður samanburður á nokkrum grunnþáttum (próteinum, fitu og kolvetnum) og er ekki til þess bært að greina marktækan mun á erfðabreyttum og hefðbundnum matvælum. Til dæmis gæti hann ekki greint mun á heilbrigðri kú og kú með riðuveiki. En þeir sem neyta kjötafurða af riðusýktum nautgripum kunna að sýkjast af hinum banvæna sjúkdómi CJD.

Nú er hálfur annar áratugur síðan sýnt var fram á að umtalsvert jafngildi er vísindalega innantómt hugtak. Það kom nánar í ljós m.a. í norskri rannsókn á erfðabreyttu soja (2013), egypskri rannsókn á Bt-maís (2013) og í brasilískri rannsókn (2014) sem sýndi að 32 gerðir próteina voru tjáðar með ólíkum hætti í erfðabreyttum maís samanborið við venjulegan maís.

## Rangar staðhæfingar

En það eru ekki aðeins gervivísindi jafngildisprófana sem vekja spurningar um öryggi erfðabreyttra matvæla heldur einnig rangar staðhæfingar líftæknifyrirtækja um slíkt öryggi, til dæmis að erfðabreytt matvæli gætu ekki valdið mönnum og dýrum heilsutjóni þar sem meltingarkerfi spendýra sundri DNA í matvælum. Rannsóknir hafa afsannað þetta og þeirra áhrifaríkust er kanadísk rannsókn frá árinu 2011 sem sýndi að Bt-eitur úr erfðabreyttum matvælum komst í gegnum meltingarveginn og fannst í blóði þungaðra kvenna og í blóði ófæddra barna þeirra.

Kanadíska rannsóknin hafði gríðarleg áhrif á neytendur og kallaði þegar á andsvör hagsmunaafla í erfðatækni sem reyndu að grafa undan tiltrú á henni. Þegar höfundar rannsóknarinnar vörðu þær aðferðir og staðla sem hún byggðist á brást líftækniiðnaðurinn við með því að fullyrða að engu breytti þótt Bt-eitur kæmist í gegnum meltingarveginn því það væri spendýrum skaðlaust, nokkuð sem vísindin hafa enn og aftur afsannað. Frönsk rannsókn (2012) sýndi að ein tegund af Bt-eitri dræpi frumur úr mönnum og þriggja ára rannsókn á sauðfé sýndi að Bt-eitur olli röskun á starfsemi meltingarkerfisins.

A.m.k. fjórar rannsóknir á tilraunadýrum sýna eitrun í smáþörmum, lifur, nýrum, milta og briskirtli af völdum Bt-eiturs. Þá sýna aðrar rannsóknir samdrátt í vexti og truflun á ónæmiskerfi. Egypsk rannsókn (2013) sýndi að rottur sem fengu Bt-maís sýndu sterk merki um eitrun í lifur, nýrum og smáþörmum eftir þrjá mánuði. Augljóst er að fullyrðingar talsmanna erfðabreytinga um öryggi erfðabreyttra matvæla hafa reynst rangar; DNA úr erfðabreyttum matvælum kemst í gegnum meltingarveg spendýra og getur valdið þeim verulegu heilsutjóni.

## Merkingar mikilvægar

Merkingar erfðabreyttra matvæla eru mikilvægar vegna þess að þær eru aðvörun. Því miður krefst íslenska merkingareglugerðin þess eins að orðið „erfðabreytt“ sé prentað næst þeim innihaldsefnum sem eru erfðabreytt, og að jafnaði er þetta að finna í örsmáu og næstum ólæsilegu letri. Reglugerð ESB gerir kröfu um að setningin „þessi afurð inniheldur erfðabreyttar lífverur“ sé prentuð í innihaldslýsinguna, sem auðveldara er fyrir neytendur að lesa.

Íslenska reglugerðin tilgreinir heldur ekki hvers konar erfðabreytt efni mega vera í matvælum. Þar af leiðandi eru neytendur hér á landi berskjaldaðir fyrir mengun af völdum alls konar erfðabreyttra afurða – þar með talinna tilraunaplantna og hættulegra plantna sem ræktaðar eru til lyfjagerðar og iðnaðar. Evrópugerðin kveður hins vegar á um að hvers konar mengun af völdum erfðabreyttra afurða megi einvörðungu vera frá plöntum sem ESB hefur þegar heimilað til ræktunar eða innflutnings. Ljóst er að tilraun Íslands til að rita sína eigin útgáfu af merkingarreglum fyrir erfðabreyttar afurðir hefur ekki skilað árangri. Íslandi ber sem EES-ríki að taka upp gerðir ESB á þessu sviði. Nú er tími til kominn að innleiða gerð ESB um merkingar erfðabreyttra matvæla – frá orði til orðs. Það er okkar eina leið til þess að vernda viðskipti milli okkar og Evrópu og tryggja jafnframt íslenskum neytendum sömu vernd og aðrir Evrópubúar njóta.

**➜ Nú er tími til kominn að innleiða gerð ESB um merkingar erfðabreyttra matvæla – frá orði til orðs.**

Landsvirkjun

*Það er allt í lagi að það blási svolítið*

Í Búrfellsstöð við Þjórsá er gagnvirk orkusýning og skammt norður af stöðinni eru fyrstu vindmyllur Landsvirkjunar. Þeim er ætlað að veita vísbendingar um framtíðarmöguleika í beislun íslenska roksins. Við vonum auðvitað að sumarið verði gott en okkur finnst líka allt í lagi þó það blási hressilega í 50 metra hæð yfir hraunsléttunni fyrir norðan Búrfell.

**Velkomin í heimsókn í sumar!**

Gagnvirk orkusýning í **Búrfellsstöð** er opin alla daga kl. 10–17.

Einnig tekur starfsfólk á móti gestum við **vindmyllurnar norðan Búrfells** alla laugardaga í júlí kl. 13–17.

Jarðvarmasýning í gestastofu **Kröflu** er skemmtilegur áfangastaður fyrir norðan. Þar er opið alla daga kl. 10–17.

Við **Kárahnjúkastíflu** tekur leiðsögumaður á móti gestum alla miðvikudaga og laugardaga kl. 14–17.

*www.landsvirkjun.is/heimsoknir*

**3 m/s** – raforkuframleiðsla hefst **15 m/s** Kjöraðstæður til raforkuvinnslu **28 m/s** **34 m/s** – raforkuframleiðsla stöðvast



# Nauðsynlegar sameiningar háskóla

MENNTUN



Sveinn Hallgrímsson
dr. scient., fv. skólastjóri Bændaskólans á Hvanneyri

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, fv. ráðherra, fer yfir sameiningar Háskóla (HÍ) í Fréttablaðinu mánudaginn 5. maí sl. og nefnir þar sameiningu Tækniskólans og Háskólans í Reykjavík og HÍ og Kennaraháskólans. Þá nefnir Þorgerður áhuga menntamálaráðherra á að sameina HÍ og Landbúnaðarháskóla Íslands (LbhÍ) og segir að „hagrænir hvatar séu þó nokkrir en ekki síður út frá faglegum sjónarmiðum háskólanáms er óábyrgt að standa gegn þessari sameiningu“. Ég er einn þeirra sem hafa efasemdir um sameiningu HÍ og LbhÍ, allavega miðað við þær forsendur sem notaðar eru.

**Engin vísbending**

Ég hef lesið greinargerðir og „minnisblöð“ sem ég hef náð í um málefnið. Þar er ekki að finna neina vísbendingu um verulega hagræna, rekstrarlega hagræðingu við sameiningu HÍ og LbhÍ. Faglega yrði vissulega ávinningur, en hann á eingöngu að koma öðrum aðilanum til góða, það er HÍ. Samkvæmt núverandi skipulagi eftir sameiningu yrði háskólanámið á Hvanneyri fært undir Verkfræði- og raunvísindasvið HÍ. Líklegt verður að telja að með því móti yrði kennslu á háskólastigi á Hvanneyri hætt innan fárra ára. Þá yrði settur punktur aftan við 66 ára nám og kennslu á háskólastigi á Hvanneyri!

**Missir sjálfstæðis**

Hér er rétt að leggja áherslu á að aðaláhyggjur Hvanneyringa eru ekki samstarf við HÍ, heldur að missa sjálfstæðið: Sjálfstæði til að taka ákvarðanir sem snerta heill Hvanneyrarstaðar, samfélagsins og Landbúnaðarháskóla Íslands. Heill staðarins og viðgangur LbhÍ fer saman. Það er alkunna að þegar lítil eining sameinast stærri einingu missir minni einingin sérstöðu sína og þýðingu.

Þorgerður Katrín segir: „Þekkt er íhaldssemi kerfisins og andstaða ýmissa héraðshöfðingja gegn skynsamlegum breytingum á gildandi kerfi þótt bæði fagleg og rekstrarleg viðmið hvetji til annars.“ Ég telst ekki til héraðshöfðingja. Get verið sammála sumu sem þú segir en ekki að verið sé að leggja til skynsamlegar breytingar.

Ég tel mig vita og skilja þann ávinning sem HÍ hefur af að fá LbhÍ undir sinn hatt, einkum í ljósi þess metnaðar sem rektor hefur sett fram um að koma HÍ í hóp 100 bestu háskóla heims. Háskóli Íslands, og menntamálaráðherra, ættu því að vera tilbúin að veita LbhÍ, og Hvanneyri, nauðsynlegt frelsi, faglega og fjárhagslega, til að „heimamenn“ treysti því að Hvanneyri – bæði skóli og staður – dafni á ókomnum árum.

**Kerfið stokkað upp?**

ÞK nefnir Keldur í grein sinni. Keldur er sjálfstæð stofnun, tengd HÍ. Hvers vegna nefnum við ekki fleiri stofnanir sem ættu að vera hluti af háskólasamfélaginu? Hvers vegna nefnum við ekki stofnun eins og Náttúrufræðistofnun? (Ég óska starfsfólki stofnunarinnar til hamingju með bætta starfsaðstöðu og nýtt og glæsilegt hús!) Væri ekki akkur að því að vísindamenn stofnunarinnar tengdust háskólum landsins, bæði fyrir starfsmenn Náttúrufræðistofnunar og fyrir háskólasamfélagið? Væri ekki ráð að útvíkka umræðuna og skoða hvernig við gætum tengt hinar ýmsu stofnanir, sem nú eru sjálfstæðar og dreifðar, háskólum landsins?

**Hænufet**

Hvers vegna förum við ekki alla leið og sameinum allar vísinda- og rannsóknastofnanir undir hatti HÍ? LbhÍ gæti orðið sérstakt svið og fengi einhverjar landbúnaðarstofnanir til sín. (Háskólinn á Akureyri yrði að sjálfsögðu áfram sjálfstæður.) LbhÍ yrði að vera rekstrarlega og faglega sjálfstætt svið. Tæki sínar ákvarðanir bæði rekstrarlega og faglega, sem sagt héldi sjálfstæði sínu. Sjálfstæði LbhÍ innan HÍ yrði að vera tryggt, svo að hagsmunir samfélagsins á Hvanneyri yrðu tryggðir. Samfélagið á Hvanneyri yrði ekki lagt í rúst! Myndi það ekki styrkja innviði háskólastigsins, sérstaklega HÍ, stuðla að rekstrarhagræðingu og aukinni samkeppnishæfni íslensks samfélags? Það myndi líka hjálpa Háskóla Íslands til að ná metnaðarfullu markmiði sínu um að verða einn af 100 bestu háskólum heims!

Af hverju að stíga hænufet ef hægt er að stíga stærri skref?

**➜Hvers vegna förum við ekki alla leið og sameinum allar vísinda- og rannsóknastofnanir undir hatti HÍ? LbhÍ gæti orðið sérstakt svið og fengi einhverjar landbúnaðarstofnanir til sín. (Háskólinn á Akureyri yrði að sjálfsögðu áfram sjálfstæður.) LbhÍ yrði að vera rekstrarlega og faglega sjálfstætt svið.**



# Rannsakaður afturábak og áfram í 12 ár

DÓMSMÁL



**Jón Ásgeir Jóhannesson**
fjárfestir og stofnandi Bónuss

Í síðustu viku féll dómur í svo kölluðu Aurum-máli. Þar var enn á ný dæmt um sakargiftir á hendur mér. Í vel rökstuddum forsendum dómsins er í raun tekið undir allt sem ég hef haldið fram í þessu máli frá upphafi. Mikilvægast er að sýnt er fram á með rökum að Glitnir var betur settur eftir viðskiptin en áður var.

Frá árinu 2002 hef ég haft stöðu grunaðs manns hjá Sérstökum saksóknara og fyrirrennara þess embættis, efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra. Ég veit ekki hvað ég á ekki að hafa gert. Ég held að á þessum tíma hafi ég verið sakaður um allar tegundir viðskiptabrota sem til eru. Út úr þessu hefur ekkert komið miðað við allar þær sakir, sem á mig hafa verið bornar.

Í þessi tólf ár hafa tveir menn hjá Ríkislögreglustjóra og svo Sérstökum saksóknara farið fremstir í flokki. Ég tel rétt að þeir séu nafngreindir. Þetta eru lögreglumennirnir Grímur Grímsson og Sveinn Ingiberg Magnússon. Ég leyfi mér að vona að fleiri jafn óheiðarlegir lögreglumenn fyrirfinnist ekki hér á landi. Ég tel þá vera uppvísa að því að leyna mikilvægum gögnum við rannsókn málanna og hafa snúið út úr framburðum annarra sem hafa verið bornir undir mig. Mér finnst þeir rannsaka mál út frá sektinni einni saman. Með þessu brjóta þeir lög. Hvort brotin hafa þann tilgang að þóknast yfirmönnum þeirra, skal ósagt látið – en líkur standa til þess.

Ég tel að sl. tólf ár hafi íslenska ríkið eytt sem nemur 3,5 milljörðum króna í þessar rannsóknir. Aldrei fyrr í Íslandssögunni hefur einum manni verið haldið sem sakborningi í tólf ár. Þrátt fyrir sterkan vilja rannsóknar- og saksóknarvaldsins til þess að koma mér bak við lás og slá hefur það ekki gerst.

### Ég trúði á kerfið

Á árinu 2002 og fram til ársins 2005 hafði ég þá trú að mál væru rannsökuð jafnt til sýknu og sektar, eins og lög kveða á um. Ég trúði á kerfið. Fram til 1. júlí 2005 sýndi ég fullan samstarfsvilja við rannsakendur, en þann dag leit fyrsta ákæran af fremur í s.k. Baugsmáli dagsins ljós. Þá rann upp fyrir mér að allar mínar skýringar og gögn skiptu engu máli. Vilji þeirra sem rannsökuðu málið til saksóknar var svo mikill að ekkert annað komst að. Stór hluti skýringarinnar er sá að rannsóknarvald og ákæruvald er á sömu hendi.

Vald rannsakenda er gríðarlega mikið. Þess vegna er mikilvægt að sem rannsakendur veljist hæfir menn og eins hitt að þess sé gætt að ákæruvald og rannsóknarvald sé ekki á sömu hendi. Annað leiðir til þess að mál verða einungis rannsökuð til sektar. Að halda mönnum sem sakborningum svo árum skiptir er ómannúðleg aðgerð. Sá sem hefur stöðu sakbornings getur illa skipulagt sitt eigið líf. Hvenær verð ég kallaður fyrir næst? Verður ákært og þá hvenær? Er verið að hlera mig? Verður ráðist inn á heimilið mitt? Sími eiginkonu minnar var t.d. hleraður þótt mér vitanlega hafi hún aldrei legið undir grun hjá embættinu.

Sigurjón Þ. Árnason, fyrrverandi bankastjóri Landsbankans, lýsti svipaðri upplifun í svo kölluðu Imon-máli nú um daginn. Þar skýrði hann frá því að langar yfirheyrslur með fullum samstarfsvilja hans hefðu reynst tímaeyðsla. Ekkert hefði verið hlustað á hann. Meira að segja hefði Sérstakur saksóknari leyft sér að halda frá dómendum gögnum sem Sigurjón lagði fram á rannsóknarstigi málsins.

Ég komst að þeirri niðurstöðu fyrir tæplega níu árum að ekki væri rétt að tjá sig hjá Embætti sérstaks saksóknara. Ég ræð mönnum eindregið frá því að svara spurningum rannsakenda við það embætti a.m.k. þar til sú breyting hefur átt sér stað að kappsamir rannsakendur sitji ekki undir sama þaki og þeir sem taka ákvörðun um útgáfu ákæru. Um leið og starfsmenn Sérstaks saksóknara eru búnir að afla sér heimilda til þess að hlera síma, ryðjast inn á heimili, handtaka fólk og hafa rótað í nærbuxnaskúffu á heimili hins grunaða þá er embættið komið í þá stöðu að þurfa að koma sekt á menn með öllum tiltækum ráðum. Kappsamir saksóknarar, sem verða að verja fyrri gerðir sínar á rannsóknarstigi, eru hættulegir samfélaginu. Í Aurum-málinu reyndi Sérstakur saksóknari að halda frá dómnum mjög mikilvægum gögnum. Gögnum sem gátu skilið á milli þess hvort við sem vorum ákærðir yrðum dæmdir til fangelsisvistar eða ekki. Er það virkilega svo að æðsti yfirmaður ákæruvaldsins í landinu ætli að láta þetta átölulaust? Á hann ekki að gæta varðmannanna? Einhver verður að gera það. Það gengur ekki að saksóknari sem reynir með brögðum að koma mönnum í fangelsi starfi áfram eins og ekkert hafi í skorist.

### Einhliða tilbúningur

Ákæran í Aurum-málinu var byggð á því að verðmæti hlutafjárins í Aurum á miðju ári 2008 hefði verið fjarri því að vera 100 milljónir punda. Sú viðmiðun hefði verið einhliða tilbúningur forstjóra Baugs og enga stoð haft í raunveruleikanum. Þau lykilgögn sem vantaði í Aurum-málið þegar ákæran var gefin út og Sérstakur saksóknari hafði undir höndum eða a.m.k. vísbendingar um að væru til eru m.a.

1 Staðfestingarbréf frá viljugum kaupanda um að hann féllist á að hlutabréfin væru 100 milljóna punda virði.

2 Verðmat Kaupþings banka hf. frá 1. apríl 2008 sem sýndi að virði hlutafjárins væri 121 milljón punda.

3 Verðmat Glitnis banka frá júní 2008, sem gerði ráð fyrir að verðmæti hlutafjárins væri allt að 190 milljónir punda.

4 Áreiðanleikakönnun viljugs kaupanda, sem hann framkvæmdi sjálfur, sem sýndi verð upp á 107 milljónir punda.

Grímur Grímsson lögreglumaður skýrði fyrir dómi að ástæða þess að niðurstöðu áreiðanleikakönnunar kaupandans var haldið fyrir utan málið hafi verið sú að gögn málsins hefðu verið orðin svo mikil að vöxtum að ekki hafi þótt rétt að bæta við fleiri gögnum, auk þess sem þau hefðu verið á ensku! Rétt er að halda til haga að þessi gögn eru nokkur hundruð síður en málsskjölin öll eru um 7.000 blaðsíður. Þessi aulaskýring stenst ekki skoðun, ekki frekar en eftiráskýring saksóknara um að hann hafi ekki vitað hver var bróðir annars meðdómarans.

Ég hef legið undir grun í 12 ár. Upphaf mála gegn mér má rekja til óvildar fyrrverandi áhrifamanna í Sjálfstæðisflokknum í minn garð. Sannleikurinn í því efni kom í ljós þegar tölvupóstar Styrmis Gunnarssonar, fyrrverandi ritstjóra Morgunblaðsins, og Jónínu Benediktsdóttur voru opinberaðir fyrir um níu árum.

Mál mitt gegn íslenska ríkinu er nú á lokastigum hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Ég vænti mikils af þeirri niðurstöðu enda sjá það allir að ekki er hægt að halda manni í sakborningsstöðu í tólf ár.

Ég hvet samfélag okkar til að skoða með yfirveguðum hætti hvort ekki hafi eitthvað farið út af sporinu í rannsókn Sérstaks saksóknara frá árinu 2009.

**➜ Mál mitt gegn íslenska ríkinu er nú á lokastigum hjá Mannréttindadómstól Evrópu. Ég vænti mikils af þeirri niðurstöðu enda sjá það allir að ekki er hægt að halda manni í sakborningsstöðu í 12 ár.**

# Má ég biðja um tært og ómengað vatn í sundlaugar!

HEILSA



**Benedikta Jónsdóttir,**
heilsu- & lífstílsráðgjafi og einn af stofnendum Heilsufrelsis á Íslandi

Hættum að klórmenga sundlaugar á Íslandi. Klór er ætandi eiturefni sem enginn ætti að baða sig upp úr.

Fjöldi rannsókna, sem gerðar hafa verið, sýnir fram á skaðleg og heilsuspillandi áhrif klórefna.

Vel þekkt er að asmi og öndunarfærasjúkdómar hafa verið fylgifiskar hjá sundíþróttafólki sem æfir og keppir í klórmenguðum laugum. Sömuleiðis hafa húðvandamál og augnsjúkdómar gert vart við sig hjá þeim er stunda sund í klórvatni. Óeðlilega margt sundfólk þarf á asmalyfjum að halda og sterakremum fyrir húðina.

### Ætandi og mengandi

Erlendis neitar sundfólk jafnvel að æfa og keppa í klórmenguðu sundlaugarvatni. Og það ekki að ástæðulausu. Fyrir utan það að klórinn sé ætandi og mengandi fyrir fólk og lífríki, þá verða til hættuleg efnasambönd er fólk pissar í sundlaugar með klórvatni. Erlendis hefur verið blandað efni í sundlaugarvatn sem fær skæran lit um leið og einhver losar þvag í laugina. Kannanir sýndu að var aðallega fullorðna fólkið sem var sökudólgarnir en síður börnin. Þetta vandamál er óleyst enn sem komið er, en maður gæti haldið að það væri hollara að detta ofan í fjóshauginn en stinga sér til sunds í klórmenguðum laugum þar sem margir hafa kastað af sér vatni.

Klór hefur verið svo lengi í sundlaugum hér á landi að fólk tekur því sem sjálfsögðum hlut þótt flestum þyki lyktin vond. Fæstir gera sér aftur á móti grein fyrir því hve skaðlegur klórinn er. Það á að sjálfsögðu að vera heilsusamlegt að fara í sund en ekki mengandi fyrir sundlaugargesti.

Á Reyðarfirði lá við stórslysi fyrir nokkrum árum er klór blandaðist við sýru. Það sýnir bara hve eitraður klór er. Enda er hægt að framleiða sinnepsgas úr klór og vissri tegund af sýru en sinnepsgas er efnavopn sem notað var í fyrri heimstyrjöldinni. Það segir sig sjálft að það er löngu tímabært að hætta þessari efnamengun í sundlaugum landsins.

Rannsaka þarf betur hvaða áhrif klórmengun hefur á börn og þá sérstaklega í sambandi við asma, krabbamein og ófrjósemi seinna á lífsleiðinni.

### Alveg skaðlausar aðferðir

Hægt er að nota náttúrulegar og alveg skaðlausar aðferðir til að hreinsa sundlaugarvatn með góðum árangri. Þær aðferðir eru notaðar víða erlendis. Má þar nefna Ozonmeðferð, vetnisperoxíð og útfjólublátt ljós.

Einnig hafa plöntur verið notaðar til að hreinsa vatn í sundlaugum. Þar eru Þjóðverjar framarlega í flokki. Það er reyndar ekki eins hagkvæmt enn sem komið er, þar sem færra fólk getur notað sundlaugarnar í einu. Ánægjulegt væri samt að geta haft þannig laugar hér á landi. Fróðlegt væri að vita hvort íslenskar jurtir og lífræn efni úr jarðveginum ásamt heitu vatni beint úr jörðinni gætu verið öflug til hreinsunar í náttúrulegum sundlaugum. Sömuleiðis saltur sjór með þörungum sem um leið gæfi baðgestum steinefni og vítamín gegn um húðina. Þörf er á að rannsaka þetta.

Lærum af öðrum þjóðum sem eru lengra komnar og hafa notað náttúrulegar og eiturefnalausar aðferðir til að hreinsa sundlaugarvatn með góðum árangri.

Ímyndið ykkur þau forréttindi að geta synt í heitu og tæru sundlaugarvatni án mengandi efna.

Ísland er enn sem komið er nokkuð hreint land með ómengað vatn sem hægt er að drekka beint úr krönunum.

Þegar okkur hefur tekist að losa okkur við hættulegan klórinn þá getum við sagt með stolti:

„Ísland hreint land, hreint vatn og hreinar sundlaugar."

**➜ Lærum af öðrum þjóðum sem eru lengra komnar og hafa notað náttúrulegar og eiturefnalausar aðferðir til að hreinsa sundlaugarvatn með góðum árangri. Ímyndið ykkur þau forréttindi að geta synt í heitu og tæru sundlaugarvatni án mengandi efna.**

# Aukin þjónusta við fatlað fólk

SAMGÖNGUR



**Kolbeinn Óttarsson Proppé**
upplýsingafulltrúi Strætó bs.

Breytingar verða á Ferðaþjónustu fatlaðs fólks á höfuðborgarsvæðinu frá og með áramótum. Strætó bs. hefur umsjón með þjónustunni að stærstum hluta og þar sem hún skiptir miklu í lífi margra er bæði ljúft og skylt að greina nánar frá því í hverju breytingarnar eru fólgnar. Ákvarðanir um breytingarnar voru teknar af sveitarfélögunum á höfuðborgarsvæðinu og skrifað var undir samning við Strætó bs. þar um 19. maí. Rétt er að taka það fram að samningurinn nær ekki til Kópavogs, en þar er í gildi samningur um akstur fyrir fatlað fólk sem Strætó hefur ekki aðkomu að.

Breytingarnar munu fela í sér aukna þjónustu við fatlað fólk. Þjónustuver Strætó mun taka við pöntunum á ferðum og með því lengist þjónustutíminn umtalsvert, en þjónustuverið er opið frá klukkan 7 á morgnana til 22 á kvöldin, en í athugun er að lengja opnunartíma þjónustuversins enn frekar.

Akstur bíla í Ferðaþjónustu fatlaðs fólks verður á sömu tímum og akstur strætisvagna. Þá mun breytingin þýða styttri pöntunartíma, en miðað verður við að panta þurfi ferðir með tveggja tíma fyrirvara. Þessi breyting, ásamt lengri opnunartíma þjónustuvers, gerir notendum mun auðveldara fyrir að panta ferðir.

Strætó bs. mun ekki sjá um sjálfan aksturinn heldur verður hann á höndum einkaaðila, en í dag er nær allur akstur í Ferðaþjónustu fatlaðs fólks í höndum einkaaðila. Þá má geta þess að um helmingur af öllum akstri strætisvagna á höfuðborgarsvæðinu er í höndum einkaaðila, þótt hann sé undir merkjum Strætó bs. Bílarnir verða þannig ekki í eigu Strætó, heldur þjónustuaðila. Við innkaup á akstursþjónustu fyrir fatlað fólk verða gerðar kröfur um aldur, ástand og gæði bíla og má því reikna með að mikil endurnýjun verði á þeim bílaflota sem sinnir þjónustunni í dag.

### Áfram samstarf

Strætó bs. hefur fjárfest í hugbúnaði eins og þeim sem notaður er í ferðaþjónustu fatlaðra á Norðurlöndunum og víðar. Þannig verður ferðaniðurröðun sem hagkvæmust og sá tími sem notendur þjónustunnar eyða í ferðir sem skemmstur. Strætó mun koma tölvubúnaði fyrir í öllum bílunum og kenna verktökum á hann. Hugbúnaðurinn mun sjá til þess að lengstu ferðir með Ferðaþjónustu fatlaðra taki ekki lengri tíma en lengstu ferðir með hefðbundnum almenningssamgöngum.

Eftir sem áður er það í höndum hvers sveitarfélags að skilgreina notendur, gjaldskrá og umfang þjónustunnar, en hún er ætluð fyrir hjólastólanotendur, blinda og þau sem eru ófær um að nota almenningsvagnaþjónustu vegna annarrar langvarandi fötlunar. Strætó bs. verður í samskiptum við samráðshóp félagsmálastjóra sveitarfélaganna varðandi þjónustuna.

Strætó bs. og starfsmenn sveitarfélaganna hafa haft samráð við hagsmunasamtök fatlaðs fólks við undirbúning breytinganna og því samstarfi verður haldið áfram.

Það er von Strætó bs. að notendur verði ánægðir með þær breytingar sem verða á Ferðaþjónustu fatlaðs fólks frá og með áramótum, en með þeim verður þjónustan betri en nú; styttri pöntunartími, lengri opnunartími þjónustuvers, betri bílar og markvissari ferðir.

**➜ Þá mun breytingin þýða styttri pöntunartíma, en miðað verður við að panta þurfi ferðir með tveggja tíma fyrirvara. Þessi breyting, ásamt lengri opnunartíma þjónustuvers, gerir notendum mun auðveldara fyrir að panta ferðir.**


KRÓNAN
– fyrst og fremst ódýr!
ÓDÝRT Í KRÓNUNNI
General Mills
Cocoa Puffs
Naturally and Artificially Flavored Frosted Corn Puffs
50% afsláttur
Hámark 4 pakkar á mann meðan birgðir endast!
249 kr. pk.
Verð áður 498 kr. pk.
GM Cocoa Puffs, 335 g
40% afsláttur
1979 kr. kg
Verð áður 3298 kr. kg
Ungnauta Roast Beef, erlent
Nýtt
2298 kr. pk.
Partíbakki Krónunnar
Partíbakki
Kokteilpylsur og
8 mini partíborgarar
foreldaðir m/brauði
6 fyrir 4
Kristall
944 kr.
Egils Kristall mexican-lime, 6x2 lítrar
2014
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/eða myndabrengl
EXPO • www.expo.is
Krónan Árbæ
Krónan Bíldshöfða
Krónan Breiðholti
Krónan Granda
Krónan Hvaleyrarbraut
Krónan Lindum
Krónan Mosfellsbæ
Krónan Reykjavíkurvegi
Krónan Vallakór
Krónan Akranesi
Krónan Reyðarfirði
Krónan Selfossi
Krónan Vestmannaeyjum



✝

Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför ástkærrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**ELÍNAR INGÓLFSDÓTTUR**
**kennara,**
**hjúkrunarheimilinu Skjóli,**
**áður Melabraut 4, Seltjarnarnesi.**

Sérstakar þakkir til starfsfólksins á Skjóli og Laugaskjóli.

**Hjördís Þorgeirsdóttir** — **Broddi Þorsteinsson**
**Sigrún Þorgeirsdóttir** — **Ari Páll Kristinsson**
**Stefanía Þorgeirsdóttir** — **Karl Blöndal**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HENRIK LINNET**
**læknir,**
**Árskógum 6, Reykjavík,**

lést þann 6. júní sl. á hjúkrunarheimilinu Skógarbæ. Útförin fer fram frá Seljakirkju mánudaginn 23. júní kl. 15.00. Blóm afþökkuð, en þeim sem vilja minnast hans er bent á Krabbameinsfélag Íslands.

**Vernharður Linnet** — **Anna Bryndís Kristinsdóttir**
**Kristján Linnet** — **Jónína Guðnadóttir**
**Jóhanna Linnet** — **Gunnar Þór Benjamínsson**
**Svanhildur Jóna Linnet** — **Theodore Vougiouklakis**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær amma okkar, langamma og frænka,

**ÞÓRUNN M. EIRÍKSDÓTTIR**
**(EDDA)**

lést að Hrafnistu í Boðaþingi fimmtudaginn 5. júní. Jarðarför verður frá Grafarvogskirkju mánudaginn 23. júní klukkan 13.00.

**Kveðja,**
**aðstandendur.**







# Kvartar ekki yfir neinu

**Selma Björnsdóttir söngkona, leikkona og leikstjóri fagnar fertugsafmæli sínu í dag. Hún ætlar að gera sér dagamun í tilefni dagsins, en frestar stórum veisluhöldum fram í ágúst.**



**AFMÆLISBARNIÐ** „Það verður ekki haldið upp á afmælið með veislu fyrr en í ágúst. Þá munum við besta vinkona mín slá saman fertugsafmælum okkar og bjóða til risaveislu.“ FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Ég er eins og er í níu til fimm vinnu sem „casting director“ hjá Reykjavík Studios fyrir sjónvarpsþáttaröð sem heitir Ófærð þannig að ég mun nú bara mæta í vinnuna eins og venjulega,“ segir Selma spurð hvernig hún ætli að fagna tímamótunum. „Ég mun vakna snemma og borða góðan morgunmat með krökkunum mínum áður en ég fer að vinna og bjóða svo mínu nánasta fólki í kokteil milli sex og átta. Eftir það ætla ég út að borða með þeim sem nenna en það verður ekki haldið upp á afmælið með veislu fyrr en í ágúst. Þá munum við besta vinkona mín slá saman fertugsafmælum okkar og bjóða til risaveislu.“

Selma er tilnefnd til Grímuverðlaunanna, sem veitt verða á mánudaginn, bæði sem leikkona ársins í aðalhlutverki og söngvari ársins fyrir hlutverk sitt í söngleiknum Spamalot. Þetta er í fyrsta sinn sem hún er tilnefnd sem leikkona og er hún að vonum ánægð með það. „Ég er auðvitað bara rosalega sátt við það,“ segir hún og hlær. „Ég fer yfirleitt alltaf á Grímuna til að samgleðjast kollegum, enda er þetta uppskeruhátíð þar sem við klöppum hvert öðru á bakið og alltaf gott partí. Ég á nú alls ekki von á að fá verðlaun, enda finnst mér heiðurinn aðallega vera fólginn í tilnefningunum og hefur alltaf fundist. Auðvitað væri gaman að vinna, það er alltaf gaman að fá verðlaun, en ég reikna alls ekki með því.“

Eftir sumarfrí í Frakklandi fer Selma til New York til að vinna í Hróa hetti með Gísla Erni og síðan til Svíþjóðar til að leikstýra. „Í janúar á næsta ári mun ég svo byrja að leikstýra þungarokksöngleik eftir Hugleik Dagsson og Sigurjón Kjartansson í Þjóðleikhúsinu, þannig að næsta leikár er löngu fullbókað. Auk þess er ég alltaf að syngja hér og þar annað slagið. Ég vinn svo fjölbreytt störf að ég fæ útrás á öllum þeim sviðum sem ég þarf að fá útrás á og get ekki kvartað yfir einu né neinu.“

fridrikab@frettabladid.is



✝

Innilegar þakkir til ættingja og vina fyrir samhug og hjálpsemi við fráfall og útför sambýlismanns míns, föður, tengdaföður, afa, sonar, bróður og mágs,

**AXELS BERGMANN SVAVARSSONAR.**

**Kolbrún Hauksdóttir**
**Árni Þór Jónsson** — **Sandra Dís Benediktsdóttir**
**Telma Björk Jónsdóttir** — **Gísli Örn Ólafsson**
**Anna Bergmann Guðbjörnsdóttir**
**Svavar Sigurðsson**
**Erna Svavarsdóttir** — **Haukur Bjarnason**
**Pétur Svavarsson** — **Kolfinna Matthíasdóttir**
**Benedikt Bergmann Svavarsson** — **Snædís Baldursdóttir**
**Ragnhildur Björg Svavarsdóttir** — **Jón Harðarson**
**barnabörn og systkinabörn.**



✝

Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**KONRÁÐ SÆMUNDSSON**
**Ísafold, áður Gullsmára 10,**

lést sunnudaginn 8. júní. Útför hans mun fara fram frá Hafnarfjarðarkirkju mánudaginn 16. júní kl. 15.00.

**Ómar Konráðsson**
**Sævar Konráðsson** — **Aldís Antonsdóttir**
**og barnabörn.**



✝

Eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÖRN ÞÓR KARLSSON**
**skriftvélameistari,**
**Sigtúni 37, Reykjavík,**

lést á hjúkrunarheimilinu Sólvangi í Hafnarfirði aðfaranótt 11. júní. Útför fer fram frá Laugarneskirkju 18. júní kl. 13.00.

**Soffía Zophoníasdóttir**
**Karl Friðjón Arnarson** — **Snjólaug G. Kjartansdóttir**
**Örn Þór Karlsson**
**Atli Björn Karlsson**
**Úlfar Snær Arnarson** — **Gréta V. Guðmundsdóttir**
**Saga Úlfarsdóttir**
**Guðmundur Karl Úlfarsson**



✝

Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**AÐALSTEINN EYJÓLFUR AÐALSTEINSSON**
**frá Hvallátrum á Breiðafirði,**
**til heimilis að Hraunbæ 103, Rvk.,**

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir 8. júní sl. Jarðarförin fer fram frá Árbæjarkirkju föstudaginn 27. júní kl. 13.00.

**Anna Margrét Pálsdóttir**
**Hafliði Már Aðalsteinsson** — **Jófríður Benediktsdóttir**
**Elín Ágústa Aðalsteinsdóttir** — **Ásbjörn R. Jóhannesson**
**Jón Valdimar Aðalsteinsson** — **Sigrún Davíðsdóttir**
**Páll Finnbogi Aðalsteinsson** — **Anna Reynisdóttir**
**Skúli Aðalsteinsson** — **Guðrún Brynjarsdóttir**
**Jóhanna Björg Aðalsteinsdóttir** — **Eiríkur Kr. Jóhannsson**
**Aðalsteinn Aðalsteinsson**
**Guðbjörg Aðalsteinsdóttir** — **Gísli Jón Bjarnason**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



✝

Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**KARL SÆMUNDUR SIGURÐSSON**
**vélvirki,**
**áður til heimilis að**
**Brekkuhúsi 1, Hjalteyri,**

sem lést á hjúkrunarheimilinu Lögmannshlíð laugardaginn 31. maí, verður jarðsettur frá Möðruvallakirkju, Hörgárdal, laugardaginn 14. júní kl. 13.00.

**Stefán Karlsson** — **Nína Ingvarsdóttir**
**Sigurbjörn Karlsson**
**Sigurður Karlsson** — **Sigurlaug Jóhannesdóttir**
**Anna Jóna Karlsdóttir** — **Aðalbjörn Sverrisson**
**Ester Guðlaug Karlsdóttir** — **Kristinn Georgsson**



✝

Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**INGI INGIMUNDARSON**
**Borgarbraut 46, Borgarnesi,**

andaðist þriðjudaginn 10. júní. Útförin verður gerð frá Borgarneskirkju miðvikudaginn 18. júní kl. 14.00.

**Jónína Björg Ingólfsdóttir**
**Unnur Ingadóttir** — **Grímur Lúðvíksson**
**Brynja Ingadóttir** — **Magnús Sigurðsson**
**Ingimar Ingason** — **Guðrún Margrét Hannesdóttir**
**Anna Ingadóttir** — **Sigurþór Leifsson**
**afa- og langafabörn.**

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## BÍLADAGAR Á AKUREYRI

**Bíladagar verða á Akureyri um helgina. Margt verður um að vera, enda er þetta eins konar árshátíð allra áhugamanna um mótorsport. Bílaklúbbur Akureyrar er með tjaldsvæði þessa daga en boðið er upp á opnar æfingabrautir fyrir alla gesti og gokart-leigu.**




ELSKENDUR
Allt fyrir ástina
www.elskendur.is
Sími: 849-0698




**FLOTTUR SUMARRÉTTUR** Girnilegur réttur úr smiðju Úlfars meistarakokks. MYNDIR/GVA


SUMARDAGAR



20% afsláttur

Fylgist með okkur á
facebook.com/Parisartizkan

BASLER Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770


# ELDAÐ MEÐ HOLTA

**HOLTA KYNNIR** *Úlfar Finnbjörnsson er einn færasti kokkur landsins. Hann sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar fáum við að fylgjast með honum elda ljúffenga kjúklingarétti úr Holta-kjúklingi.*

Matreiðslumaðurinn Úlfar Finnbjörnsson sér um sjónvarpsþáttinn Eldað með Holta á ÍNN. Þar eldar hann ljúffenga rétti úr Holta-kjúklingi fyrir áhorfendur. Hér færir Úlfar okkur uppskrift að beikonvöfðum og fylltum kjúklingabringum með tómatsalsa. Hægt er að fylgjast með Úlfari elda þessa girnilegu máltíð í kvöld klukkan 21.30 á sjónvarpsstöðinni ÍNN. Þættirnir verða svo endursýndir yfir helgina. Einnig er hægt að horfa á þá á heimasíðu ÍNN, inntv.is.

## BEIKONVAFÐAR OG FYLLTAR KJÚKLINGABRINGUR MEÐ TÓMATSALSA



**FYRIR 4**

3 stórar kjúklingabringur
1 dl sólþurrkaðir tómatar í bitum
1 dl grilluð paprika í bitum
1 dl hvítlaukur í krukku í bitum
5 basilíkulauf, smátt söxuð
1 msk. timjanlauf
9 beikonsneiðar
1 msk. Original Chicken frá McCormick

Skerið vasa í bringurnar með beittum hníf. Blandið saman í skál sólþurrkuðum tómötum, paprikunni, hvítlauk, basilíku og timjanlaufum. Fyllið vasana á kjúklingabringunum með fyllingunni og vefjið þremur beikonsneiðum utan um hverja bringu. Kryddið á báðum hliðum með Original Chicken frá McCormick. Leggið bringurnar á grillgrind og grillið á milliheitu grilli í 15-17 mín. eða þar til kjarnhiti sýnir 70°C. Snúið reglulega. Berið bringurnar fram með tómatsalsa og til dæmis grilluðu grænmeti og kartöflum.

**TÓMATSALSA**

3 tómatar, skornir í litla bita
1 rauðlaukur, í litlum bitum
1 hvítlauksgeiri, smátt saxaður
¼ chili-pipar, steinlaus og smátt saxaður
2 msk. kóríander, smátt saxað
2 msk. óreganó, smátt saxað
2 msk. lime-safi
1 msk. olía
Salt og nýmalaður pipar
Allt sett í skál og blandað vel saman.


NINGS
SUMARTILBOÐ




1995 á mann
verð fyrir tvo 3990
gildir aðeins fyrir tvo eða fleiri
Yasmin hrísgrjón, Soyasósa

2L af Gosi
299 kr.
með öllum tilboðum.

Veitingastaðir okkar eru opnir alla daga frá 11:30 - 22:00
Suðurlandsbraut | Hlíðarsmári | Stórhöfði

## MIÐBÆR Í LITUM POLLAPÖNKS

**LÍFLEGT**
**Miðbær Reykjavíkur verður litríkur í sumar. Unnið er af fullum krafti í málun bekkja, nestisborða og hjólahliða í litum Pollapönks – burtu með fordóma. Frá þjóðhátíðardeginum verður Laugavegur lokaður bílaumferð neðan við Vatnsstíg og Skólavörðustígur neðan Bergstaðastrætis. Pósthússtræti frá Kirkjustræti hefur verið breytt í sumargötu. Reykvíkingar gátu valið á milli þriggja litasamsetninga fyrir sumarbekkina. Í boði var PollaPönk – burtu með fordóma, sem flestir vildu, MelónuÆði – safaríkir litir og StrandarSnilld – sandur milli tánna.**
**Auðvelt ætti að vera að njóta mannlífsins í litríkum miðbæ í sumar án þess að hafa áhyggjur af bílaumferð.**



**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal** | Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512 5447




Eva Ólöf Hjaltadóttir segir að sér hafi ekki liðið vel í langan tíma áður en hún kynntist Femarelle. „Ég er á lyfjum vegna sykursýki og sjúkdóms í skjaldkirtli. Ég þyngdist vegna lyfjanna, hef auk þess þjáðst af gigt með tilheyrandi verkjum. Mér fannst óþægilegt að vera innan um margt fólk og var farin að finna fyrir þunglyndi. Einnig átti ég erfitt með að vera í hávaða og var að einangrast gagnvart félagslífi. Núna hef ég tekið Femarelle inn í fjóra mánuði og hef endurheimt mitt fyrra líf. Mér líður svo vel að nú get ég farið daglega út að ganga með hundinn minn, fer í sund á hverjum degi, sæki félagsvist og bingó.“






**STUÐ** Landbúnaðarráðherra og Eyþór Arnalds fá sér bita. Ráðherrann mun dæma í Grillmeistara ársins á morgun.

# KARNIVALSTEMNING Á KÓTELETTUNNI

**HELGIN** *Fjölskyldu- og bæjarhátíðin Kótelettan BBQ Festival fer nú fram í fimmta sinn um helgina. Leitað verður að Grillmeistara ársins 2014.*

Við erum mjög spennt fyrir helginni og búumst við fjölda manns enda er veðurspáin góð,“ segir Einar Björnsson, einn skipuleggjenda Kótelettunnar BBQ Festival en hátíðin fer nú fram í fimmta sinn á Selfossi um helgina.

Dagskráin er fjölbreytt, tónleikar, grillveislur, söngvarakeppni og markaðir svo fátt eitt sé nefnt en upplýsingar um dagskrá er að finna á síðunni www.kotelettan.is.

Þá verður keppt í bestu grilltöktunum.

„Kótelettan er kjötkarnival og í ár efnum við í fyrsta sinn til keppni um besta götugrillarann, Grillmeistari ársins 2014. Í dómnefnd verða meðal annarra bakarameistarinn Jói Fel og Sigurður Ingi Jóhannsson landbúnaðarráðherra og til mikils er að vinna,“ segir Einar.

Keppnin um Grillmeistara ársins 2014 fer fram klukkan 14 í miðbæjargarðinum á morgun og annað kvöld verður einnig flottasta grillveislan verðlaunuð.

„Við leggjum áherslu á að kynna íslenska kjötið og stefnum á að markaðssetja Kótelettuna erlendis, sem Kotelettan BBQ Festival, og fá hingað erlenda gesti til að smakka, sem vonandi kaupa svo af okkur íslenskt kjöt.“



**STEMNING** Skipuleggjendur Kótelettunnar á Selfossi lofa góðu stuði um helgina.
MYND/KÓTELETTAN

Margir af þekktustu tónlistarmönnum landsins koma fram á hátíðinni, meðal annarra Helgi Björns, Friðrik Dór, Björgvin Halldórsson, Skítamórall, Á móti sól og fleiri.

Þá er vegleg dagskrá fyrir börnin en hljómsveitin Pollapönk kemur fram og Brúðubíllinn verður á ferðinni, Íþróttaálfurinn einnig auk þess sem slegið verður upp tívolíi og úrval leiktækja verður á svæðinu.

**Allar upplýsingar að finna á www.kotelettan.is og á Facebook undir heitinu Kótelettan – bæjar-, fjölskyldu- og tónlistarhátíð.**

MK
MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI

MATSVEINN – MATARTÆKNIR

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN

HEILSA OG MATUR

Matsveina- og matartæknanám er fyrir þá sem starfa eða vilja starfa á fiski- og flutningaskipum, mötuneytum vinnustaða, heilbrigðis- og menntastofnana.

INNRITUN STENDUR YFIR.



WWW.MK.IS
Upplýsingar hjá Baldri Sæmundssyni í síma 594 4000 eða á baldur.saemundsson@mk.is



# Lífið

FÖSTUDAGUR
13. JÚNÍ 2014

*Hljómsveitin Reykjavíkurdætur*
**HELDUR FATAMARKAÐ Á PRIKINU 2**

*Ásta Bárðardóttir jógakennari*
**MEÐ JÓGANÁMSKEIÐ FYRIR KRAKKA 4**

*Katla Hreiðarsdóttir fatahönnuður*
**MEÐ SUMARLEGA SÆLKERARÉTTI 8**

*Natalie Guðríður Gunnarsdóttir*

# LÍFIÐ ER OF STUTT TIL AÐ VERA Í FELUM

FRÉTTABLAÐIÐ
› visir.is/lifid

# HVER ER?



**Nafn?**
**Eva Dögg Lárusdóttir**
**Aldur 27 ára**

**Starf?**
Vinn hjá flugfélaginu Erni í sumar og sem sminka og hágreiðslukona á RÚV.

**Maki?**
Enginn.

**Stjörnumerki?**
Tvíburi.

**Hvað fékkstu þér í morgunmat?**
Morgunmatur var hafragrautur.

**Uppáhaldsstaður?**
Er einstakur staður nálægt minni sveit. Þar sem ég geng með fram sjónum upp að vita. Þar sem er svo mjög notalegt að setjast niður og njóta ;)

**Hreyfing?**
Jaðarsport er besta ræktin og ég er mikið fyrir útiveru.

**Uppáhaldslistamaður?**
Úff, það eru of margir en sá fyrsti sem kom upp í huga mér er hönnuðurinn Karl Lagerfeld, sem er mikill listamaður.

**Uppáhaldsmynd?**
Dirty Dancing frá 1987.

**A- eða B-manneskja?**
Er klárlega A-manneskja.

## HVERJIR HVAR?

Um síðastliðna helgi fór fram lokasýning leikverksins Spamalot í Þjóðleikhúsinu en í kjölfarið var haldinn gleðskapur í Þjóðleikhúskjallaranum. Þar mátti



að sjálfsögðu sjá flesta leikara verksins skemmta sér vel eins og **Selmu Björnsdóttur** og Jóhannes Hauk Jóhannesson.



Leikstjóri verksins, **Hilmir Snær Guðnason**, var einnig mættur og sló á létta strengi. Að auki lét Tinna Gunnlaugsdóttir Þjóðleikhússtjóri sig ekki vanta í gleðskapinn.

# FÓLK MANNLÍFIÐ Í SUMARBLÍÐUNNI Í MIÐBÆNUM

***Borgin hefur iðað af lífi undanfarna sólskinsdaga en ljósmyndari Lífsins fór á stúfana og myndaði áhugavert fólk á blíðviðrisdegi sem flest var komið í heimsókn til Íslands til að kynnast landi og þjóð.***


Deon Whiskey frá Bandaríkjunum.


Denise Wiedermann frá Þýskalandi.


James Fallama frá Síerra Leóne.


Harry Ome frá Ástralíu.


Guido Javier var flottur í tauinu.


Tobias Kaufmann frá Þýskalandi.


Eva Kaljurand frá Eistlandi.




# MARKAÐUR REYKJAVÍKURDÆTUR SELJA AF SÉR SPJARIRNAR

***Salka Sól Eyfeld, ein af meðlimum Reykjavíkurdætra, hvetur fólk til að mæta á markaðinn á morgun.***

„Við erum náttúrulega hreyfing af stelpum sem rappa og erum að nýta okkur þetta nafn til að gera fleiri skemmtilegar uppákomur," segir Salka Sól Eyfeld, einn af meðlimum Reykjavíkurdætra. Rapphópurinn, sem í eru nú 14 stelpur, hefur nú ákveðið að halda fatamarkað á Prikinu, Bankastræti 12, á morgun, laugardag, og selja af sér spjarirnar ásamt myndlist og ljóðabókum. Markaðurinn er opinn frá kl. 11.30-17.

„Við erum allar með svo mismunandi stíl og ákváðum að selja fötin okkar en þar verður að finna pelsa, hatta, kimonóa, bikiní og ýmislegt skart," segir Salka. Reykjavíkurdætur hafa nóg fyrir stafni í sumar en þær munu koma fram á Eistnaflugi og Secret Solstice-tónlistarhátíðinni. Salka segir meðlimi Reykjavíkurdætra misvirka í hópnum en að það sé mikil tillitssemi innan hópsins. „Hópurinn er opinn öllum konum sem vilja rappa og það hafa fleiri bæst í hópinn þegar við höfum haldið rappkonukvöld sem við gerum á 12-14 vikna fresti."


Nokkrar Reykjavíkurdætra samankomnar. Þuríður Blær Jóhannsdóttir, Salka Sól Eyfeld, Solveig Pálsdóttir og Sigurlaug Sara Gunnarsdóttir.

**Lífið** www.visir.is/lifid
ÚTGÁFUFÉLAG 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000
Ritstjórnarfulltrúi **Álfrún Pálsdóttir** alfrun@frettabladid.is
Umsjón **Marín Manda Magnúsdóttir** marin@365.is • Auglýsingar **Atli Bergmann** atlib@365.is
Hönnun **Silja Ástþórsdóttir** siljaa@frettabladid.is • Forsíðumynd Daníel Rúnarsson


Fylgstu með á Facebook Lindex Iceland
Bikinítoppur,
2995,–
LINDEX





Stelpurnar skemmta sér konunglega í alls konar leikjum.





# SUMAR JÓGASTÖÐUR, HÓPEFLI OG TRÚNÓ

*Ásta Bárðardóttir jógakennari kennir krakka- og unglingajóganámskeið í sumar.*

Þetta eru svolítið öðruvísi jóganámskeið en þau hafa slegið í gegn hjá þessum stelpum sem fá að vera þarna á sínum eigin forsendum og upplifa að þær séu flottar og heilar eins og þær eru," segir Ásta Bárðardóttir jógakennari sem að stýrir krakka-og unglinganámskeiðum í jóga í sumar. „Það er svo mikið áreiti alls staðar og þessar stúlkur eru að koma í inn í umhverfi þar sem þeim líður augljóslega vel. Þær læra einbeitingu, öndun og allar grunnstöður í jóga og svo elska þær að fara í slökun." Ásta er menntuð sem grunnskólakennari og jógakennari og er að gera jóga að fullu starfi hjá Jóga jörð á Höfðabakka 9. Í sumar stýrir hún jóganámskeiðum fyrir 7-10 ára og 10-13 ára börn milli hálf eitt og fjögur frá mánudegi til föstudags í Ártúnsskóla í júní og ágúst og félagsmiðstöð Árbæjar í júlímánuði.

Námskeiðin standa í viku í senn og kennt er jóga í einn og hálfan tíma á dag ásamt því að farið er í leiki.

„Við leggjum áherslu á hópefli í gegnum leiki og stundum klæða þær sig upp í búninga og búa til indverska dansa. Þetta er vettvangur þar sem þær fá algjörlega að njóta sín, stunda jóga, búa til origami-föndur, baka pönnukökur, fara á trúnó eða hvað annað sem sprettur upp" segir Ásta. Nánari upplýsingar um námskeiðin er að finna á Facebook-síðunni Krakkajóga-Unglingajóga eða á jogajord.is.

*Þær læra einbeitingu, öndun og allar grunnstöður í jóga og svo elska þær að fara í slökun.*




# MARKAÐUR SAMEINAST Á KEXI HOSTELI

*Vefverslanir taka saman höndum og blása til markaðar á morgun.*

Fimm vefverslanir sameina krafta sína á markaði á Kexi hosteli á morgun. Það eru verslanirnar Petit, Snúran, Andarunginn, Nola og Esja Dekor sem bjóða upp á innanhússhönnun, snyrtivörur og barnafatnað svo eitthvað sé nefnt.

Mikill uppgangur er í vefverslun hér á landi og eiga þessar búðir það sameiginlegar að hafa verið stofnaðar á síðasta ári.

Markaðurinn er haldinn til þess að viðskiptavinir og áhugasamir geti séð vörurnar með eigin augum enda önnur upplifun að skoða hluti og fatnað af tölvuskjá en í raun og veru.

Markaðurinn stendur frá 12-16 í Gym og Tonic-salnum á Kexi hosteli á Skúlagötu 28.



Fallegt í barnaherbergið frá Petit.



Barnaföt frá Färg og form frá Petit.



Klassískir kertastjakar frá Nagelstager repro frá Snúrunni.



Ullarteppi frá Rosenberg CPH.







# NÁÐU STJÓRN Á HÁRINU MEÐ FRIZZ EASE

**Hin margverðlaunaða FRIZZ EASE-lína fyrir úfið hár frá JOHN FRIEDA hefur fengið nýtt útlit og hefur fleiri vörum verið bætt við hana. Nýja serumið í línunni er nauðsynjavara fyrir allar konur.**

Hin margrómaða **FRIZZ EASE**-lína frá **JOHN FRIEDA** fyrir úfið hár hefur nú fengið nútímalegra útlit og er komin í fallegri pakkningar. Einnig hefur fleiri vörum til þess að berjast við úfið hár verið bætt við línuna. Með **FRIZZ EASE**-vörulínunni eiga allir að geta haft stjórn á hári sínu en ekki látið hárið stjórna sér. Hárið getur verið eins og hver og einn óskar sér það, hvort sem óskað er eftir aukinni mýkt, sléttara hári eða mótuðum liðum. Jafnvel konur sem hafa þurft að kljást við erfitt og úfið hár alla sína ævi hafa fæðst með óviðráðanlegt hár og svo lært að lifa með því. Þær sem hafa þurft að slétta það eða krulla til þess að ná betri stjórn á því – en svo yfirleitt gefist upp og skellt hárinu í tagl. Með **FRIZZ EASE**-vörunum er komin lausn fyrir þessar konur.



Hin margverðlaunaða **FRIZZ EASE**-lína gerir öllum konum kleift að fá mjúkt, glansandi og heillandi hár, sama hvaða hártegund þær hafa. Harry Josh, alþjóðlegur sköpunarráðgjafi fyrir **JOHN FRIEDA**, segir að úfið hár sé vandamál fyrir allar gerðir hárs. „Það skiptir ekki máli hvort þú vilt fá mótaðar krullur, fallega liði eða rennislétta áferð, úfið hár er vandamál. Ég er sérstaklega spenntur fyrir nýja seruminu í **FRIZZ EASE**-línunni af því að serumi hefur löngum verið fagnað sem bestu lausninni til þess að berjast gegn úfnu hári.“

**JOHN FRIEDA FRIZZ EASE** Original 6 Effects Serum er nauðsynjavara fyrir konur sem berjast við úfið hár – og það af góðri ástæðu. Eina takmark þessa öfluga serums er að ráðast á úfið hár, það útilokar stöðurafmagn og það hrindir frá raka þannig að hárið fær á sig aukinn gljáa og verður silkimjúkt. „Serum er vara sem verður að vera í eigu kvenna sem vilja að hárið fái slétta áferð. **JOHN FRIEDA**-formúlan er mjög árangursrík og vinnur að því að umbreyta hári kvenna þannig að þær fái meiri stjórn á því. Ólíkt hárolíum þekur serumið hárið til þess að innsigla gljáa og vernda gegn raka og lætur þannig stjórnlaust hár haga sér. Það er frábært að **JOHN FRIEDA** geti boðið upp á slíka heildarlausn,“ segir Harry Josh.

Þessi tvö serum innan **FRIZZ EASE**-línunnar, Original 6 Effects og Perfect Finish Polishing Serum með nýrri virkni, eru sérstaklega hönnuð fyrir úfið hár. Það má því kveðja stöðurafmagn og stjórnlausa lokka því serumin hrinda frá sér raka og gefa glansandi og silkimjúka áferð. Best er að nota serumin með öðrum nauðsynlegum mótunarvörum frá **JOHN FRIEDA** til þess að ná fram dásamlega mjúkri og viðráðanlegri stofugreiðslu innan veggja heimilisins.




**NÝ VIRKNI: Perfect Finish Polishing SERUM: Þróað fyrir endapunkt greiðslunnar**

Þessi vara er hinn fullkomni endapunktur til þess að fá rennislétta áferð á hárið. Hún spornar við því að hárið verði úfið og gerir því vöruna að nauðsyn í snyrtitöskuna. Settu lítið magn í miðju hársins og enda til þess að ná stjórn á úfnu hári og stöðurafmagni, vernda hárið gegn raka og setja endapunktinn á greiðsluna.




**ORIGINAL 6 EFFECTS SERUM: Þróað fyrir miðlungsúfið hár**

Þetta serum er upprunaleg hetja línunnar og vinnur samstundis að því að útiloka úfið hár og hrinda frá raka til þess að hárið fái glansandi og silkimjúka áferð. Serumið inniheldur einnig hitavörn sem gefur þessari vöru heildstæða lausn fyrir konur sem vilja slétta úr lokkum sínum þannig að hárið fái rennislétt og fágað útlit.






# NATALIE GUÐRÍÐUR
## HIPPHOPPTÓNLISTIN BJARGAÐI MÉR

***Natalie er plötusnúður af lífi og sál. Fjölskyldusaga hennar er óvenjuleg en hún var ættleidd af ömmu sinni og afa. Lífið ræddi við hana um upprunann, eineltið á yngri árum, samkynhneigð og tónlistina sem á hug hennar allan.***

Natalie fæddist í Chicago í Bandaríkjunum. Aðeins þriggja mánaða gömul var hún send til Íslands með vinafólki móður sinnar í pössun til afa og ömmu, Gunnars og Guðríðar. Heimsóknin varð þó ekki skammvinn eftir allt saman því örlögin gripu í taumana og Natalie átti ekki afturkvæmt til Chicago, nema til að heimsækja foreldra sína sem barn og unglingur. Afi hennar og amma ættleiddu Natalie og gengu henni í foreldra stað. Hún ólst upp í huggulegu húsi í Þingholtunum.

„Hvernig líst þér á þetta málverk sem amma mín kom með hingað niður til mín í gær? Ég er ekki viss hvað ég á að gera við það. Amma á það til að koma með ýmsa muni hingað niður til að gleðja mig en ég veit ekki alltaf hvað ég á að gera við þá,“ segir Natalie, og hlær. Hún býr í kjallaraíbúð í húsi ömmu sinnar en í húsinu hefur hún búið allt sitt líf og segir erfitt að yfirgefa æskuslóðirnar þrátt fyrir að hafa oft leitt hugann að því.

„Ég ílengdist í þessari íbúð og er hér alltaf þegar ég er á Íslandi. Ég á erfitt með að fara héðan vegna ömmu. Við erum fjölskylda og hún þarf á mér að halda. Ég á kannski ekki venjulega fjölskyldusögu,“ segir Natalie.

### *Faðirinn deyr*
Natalie á tvær hálfsystur sem ólust upp hjá íslenskri móður hennar í Bandaríkjunum. Einnig á hún uppkomna systur sem bandarískur faðir hennar eignaðist en hann starfaði sem læknir í Chicago. „Pabbi var töluvert eldri en mamma. Hann sendi mér reglulega gjafir og ég hitti hann á sumrin þegar ég heimsótti Chicago. Í einni heimsókninni veiktist hann mikið því hann var nýrnaveikur og lést þegar ég var aðeins 15 ára. Að sjálfsögðu var það sorglegt en ég var mjög þakklát fyrir að hafa kynnst honum og fjölskyldu hans sem var mjög heilsteypt. Samskiptin við mömmu hafa ekki verið sérstaklega mikil þar sem að amma mín var eins og mamma mín alla tíð og afi minn eins og pabbi minn.“

### *Hrottalegt einelti*
„Það vantar brot í mína sögu sem ég veit ekki hvort ég fái nokkurn tímann útskýrð. Ég var lengi vel rosalega leitandi og pirruð að bíða eftir einhverjum svörum um fjölskylduna, en ég er búin að sætta mig við að ég fæ ekki svör við öllum spurningunum. Ég hef aldrei lagt í þá vegferð hvað varðar föðurfjölskyldu mína, kannski legg ég í það einhvern tímann.“

Minningarnar frá því að alast upp í Þingholtunum eru góðar. Borgin var í mikilli uppbyggingu og víða voru BMX-torfærubrautir sem héldu krökkunum í hverfinu uppteknum.

„Það var brjálað að gera hjá okkur. Ég var eina stelpan í hverfinu og til að fá að leika sér með strákunum reyndi ég eftir bestu getu að vera minna stelpuleg. Þegar ég fór í Austurbæjarskóla uppgötvaði ég, að ég var alls ekki eins og allir hinir krakkarnir í útliti. Það voru ekki fallegir hlutir sem gerðust. Mér var strítt og hótað og það var ákveðið ofbeldi í gangi allan veturinn. Strákarnir beittu meira líkamlegu ofbeldi,“ segir hún og þagnar skamma stund. „Ég reyndi að segja frá en fólk leit undan og ég fékk þau svör að ekkert væri að. Ég væri bara eins og allir aðrir. Það var ekki fyrr en ég var elt heim einn daginn og þurfti lögreglufylgd heim eftir skólann að fólk uppgötvaði alvarleika málsins. Eftir það var ég látin skipta um skóla, fór í Suðurhlíðaskóla frá 6-9. bekk. Það var æðislegur tími en þar sem ég var að æfa körfubolta með KR ákvað ég að klára 9 og 10. bekk í Hagaskóla.“

### *Rasisminn enn þá til staðar*
„Eftir tíunda bekk braust út í mér allt það sem ég hafði verið að upplifa varðandi eineltið. Það var allt annar tíðarandi á þessum tíma og við vorum kannski sex krakkar sem vorum blönduð og bjuggum í Reykjavík. Við vissum hvert af öðru en það var alltaf verið að rugla okkur saman. Einn daginn tók kona viðtal við okkur öll. Hún var að skrifa mastersritgerðina sína í Háskólanum um blönduð börn. Þá kom í ljós að upplifun okkar allra var sú sama – að vera blönduð hér á landi í ákveðnum aðstæðum. Ég átti það til að hugsa um hve ég hlakkaði til að verða fullorðin, því þá myndi eineltið hætta þá myndu allir vita hve fáránlegt þetta væri. Rasisminn yrði þá ekki lengur til staðar. Það er því hræðileg þróun sem er í gangi í samfélaginu í dag varðandi innflytjendur og allt þetta umtal í kosningunum, um moskur. Umræðan er á hættulegum stað. Hún er að vísu orðin meiri og fólk er orðið meðvitað um að það getur ekki talað eins og áður því það er ekki pólitísk rétthugsun. Orðræðan er að breytast en að sama skapi er þessi stemning gagnvart útlendingum ekkert betri. Staða mín er svolítið kómísk því ég er alin upp á Íslandi af ömmu minni og afa og öll mín gildi eru mjög íslensk. Við héldum til dæmis ættleiðingarpartí þegar ég var 23 ára og ég bað um brauðtertu í veisluna með íslenska fánanum. En um leið og ég hitti nýtt fólk í samfélaginu þá segir það eitthvað við mig á ensku. Það er mjög erfitt fyrir mig stundum því allt mitt er svo íslenskt og það getur verið mjög sárt að ræskja sig og svara; Nei, ég tala íslensku og þurfa þannig að sanna það. Þannig er sífellt verið að minna mann á að manni er ekki tekið eins og þeim Íslendingi sem maður er.“

### *Hipphopp bjargaði mér*
„Í kringum 1993-94 varð hipphopp vinsælt á Íslandi og allir voru að hlusta á rapp. Þessi kúltúr varð mjög vinsæll og ég fann mig í honum. Þar blandaðist ég auðveldlega inn í hópinn og fékk mikinn meðbyr til að geta haldið áfram. Andrúmsloftið gagnvart dökku fólki breyttist mikið og þá varð í lagi að vera ég. Tónlistin hefur alltaf haft líkamleg áhrif á mig. Sú vellíðan sem ég finn fyrir þegar ég heyri gott lag er nóg fyrir mig til að halda áfram að finna næsta lag sem að hefur svona mikil áhrif á mig. Það er aðalástæða þess að ég fór að vinna með tónlist. Sú tónlist sem einna mest hefur mótað mig er 90´s hipphopp og hústónlist. Þetta snýst um að hlusta eftir taktinum en maður þarf að hafa þetta svolítið í sér. Ég var alin upp í mikilli tónlist því afi var tónlistarmaður og ég var þakklát fyrir að fá innblástur frá mörgum stöðum. Þar af leiðandi er ég mjög opin á allar stefnur nema amerískt háskólarokk, það er svo hræðilegt að ég get ekki opnað fyrir það,“ segir hún og brosir.

> ***Það var ekki fyrr en ég var elt heim einn daginn og þurfti lögreglufylgd heim eftir skólann að fólk uppgötvaði alvarleika málsins.***

### *Plötusnúður af lífi og sál*
„Ég hef alltaf verið að pæla í tónlist og er næm á hljóð. Þegar ég var 18 ára keypti ég mér tvo plötuspilara og mixer. Plötusnúðamennska lá bara næst fyrir og þau kvöld sem að standa upp úr hjá mér eru þegar ég spila tónlist sem enginn þekkir en fólk er samt í geðveiku stuði og dansandi fram í rauðan dauðann. Þá líður mér eins og ég hafi náð til fólks. Ég var komin á fullt að semja en þegar afi veiktist fyrir tveimur árum fór ég bara að hjálpa honum og lagði mitt til hliðar. Nú er ég að vakna til lífsins á ný og er byrjuð að vinna í því aftur og ég er rosa spennt. Ég gerði þó eitt lag með Adda Intro sem er í nýju Nova auglýsingunni. Samstarf okkar hefur gengið mjög vel, en við vorum saman úti í London um daginn þar sem ég var að syngja með honum.“

Natalie er á kafi í ýmsum verkefnum en hún spilar á Secret Solstice í Laugardalnum í lok mánaðarins og stefnir á að fara út í haust að spila. „Ég er með erlendan Dj bókara sem hefur viljað bóka mig yfir allt sumarið úti en ég hef verið milli steins og sleggju því ég vil ekki skilja ömmu eina eftir. Ég hef því ekki getað sinnt þessu 100% út af fjölskylduaðstæðum. Nú eru hins vegar ýmis tækifæri í boði fyrir mig ef ég spila rétt úr spilunum en stór partur af því er að ég fari út. Ísland verður alltaf endastöðin en draumurinn væri að geta spila meira utan landsteinanna. Ég trúi því að hlutirnir gerist þegar þú opnar ákveðnar gáttir og ert tilbúinn að taka því sem kemur.“

Natalie er haldin mikilli ævintýraþrá og þegar hún kláraði Kvennaskólann flutti hún um tíma til Frakklands, Spánar, Kaupmannahafnar og Þýskalands. „Mér bauðst að spila heilmikið í Berlín þegar ég bjó þar. Ég var mjög sátt með lífið og var að spila úti um allt ásamt því að skrifa á ensku fyrir þýskt blað. Ég var því engan veginn á leiðinni heim.“

Plönin fóru þó ekki sem skyldi því Natalie þurfti að koma heim til að fara í stóra aðgerð á fæti eftir slys. Hún hafði árið 2009 fallið niður af húsþaki á heimili sínu og handleggs- og fótbrotnað. Í kjölfarið þurfti hún að fara í fimm aðgerðir á fætinum. „Afi veiktist á sama tíma og ég þurfti pakkaði bara öllu mínu saman og flutti heim. Þá skráði ég mig í viðskiptafræði í Háskóla Íslands og er enn í því námi. Fyrir jól lést afi svo ég ákvað að taka mér árs frí frá náminu til að sinna ömmu betur og tónlistinni. Ég var í raun orðin örlítið þunglynd yfir að vera ekki að gera nógu mikið skapandi og ákvað að gefa tónlistinni meiri tíma og sinna fjölskyldunni sem ég sé alls ekkert eftir. Þau tækifæri sem hafa komið núna hefðu ekki komið hefði einbeitingin verið öll á skólanum.“

### Samkynhneigð ekki feimnismál

„Ég var 23 ára þegar ég ákvað að horfast í augu við þá staðreynd að ég er samkynhneigð. Það vissu það í raun allir á undan mér en ég þrjóskaðist við og var svolítið lengur að viðurkenna það. Ég var í raun löngu komin út úr skápnum en ákvað að takast á við mína samkynhneigð með áfengi. Sjálfsmyndin var brotin og ég var með skrítna sýn á sjálfa mig. Ég náði að flækja þetta fyrir mér lengi en á ákveðnum tímapunkti var þetta óumflýjanlegt. Ég komst að því að þetta væri ekki val og sætti mig við það og ákvað að kalla vini mína á mjög dramatískan fund til að tilkynna þetta. Þeir sögðu; til hamingju að vera búin að uppgötva þetta sjálf, við vissum þetta fyrir löngu,“ segir hún og glottir. „Ég er mjög heppin með vini. Ég var búin að eiga í einhverjum leynisamböndum en nú var engin mótstaða. Ekki heldur með ömmu þrátt fyrir að vera af þessum gamla skóla. Amma hefur alltaf vitað þetta en ég sagði henni þegar ég var byrjuð með stelpu og hún sagði bara að hún vildi að ég yrði hamingjusöm. Í kringum mig hefur því enginn sett sig upp á móti þessu og þá líður mér sjálfri betur með mig að þurfa ekki að vera í neinum feluleik. Með aldrinum næ ég meiri sátt við sjálfa mig og lífið er of stutt til að vera í felum og skammast sín fyrir það hver maður er.“

Talið berst að framtíðinni og barneignum. „Ég hef mjög gaman af börnum. Þegar ég er hætt að vera vandræðaunglingur langar mig að eignast börn. Ég held að allir vilji skapa öryggi og góðan ramma utan um líf barna sinna þar sem þau skortir ekki neitt. Ég sé fyrir mér að þegar ég er komin á þann stað þá er ég tilbúin. Það eru mín markmið áður en ég fer út í barneignir. Vinkonur mínar hafa verið duglegar að eignast börn og það hentar mér mjög vel að vera Natalie frænka, fá að vera vinsælust og dekra þau.“

*Myndaalbúmið*


Fjölskyldumynd af okkur þremur.


Tveggja ára stelpuskott.


Langamma og bróðir hennar og konan hans.


Ég og afi, Gunnar Guðmundsson.



# MATUR

# SUMARLEGIR RÉTTIR

***Katla Hreiðarsdóttir fatahönnuður er mikill sælkeri en hún býður hér upp á dýrindis sumarlegan forrétt og aðalrétt sem hentar vel í matarboðið undir berum himni.***



### *Rækjur og avókadó í salatskál með hoisin-kokteilsósu*

*Aðalréttur fyrir tvo eða forrétt-ur fyrir fjóra*

**1 rautt chili**
**¼ rauðlaukur**
**1 límóna, safi og rifið hýði (zest)**
**4 msk. ólífuolía**
**½ bolli rauðvínsedik**
**2 cm ferskt engifer**
**1 tsk. dijon-sinnep**
**3 stk. púðursykur (Má sleppa, þá þarf að minnka magnið af edikinu um 1/3 og setja smá hunang í staðinn.)**
**Salt og pipar**

Setjið í lítinn mixer eða blandara og blandið öllu vel saman saman. Hellið allri dressingunni yfir 500 g af rækjum. (Þetta mýkir rækjurnar og gefur þeim gott bragð.) Leyfið rækjunum að liggja í safanum á meðan dressingin er undirbúin og klárið svo restina af salatinu. Skerið niður fjögur lítil mjúk avókadó í teninga og 1 dós af cherry-tómötum til helminga. Losið heil iceberg-blöð svo að þið fáið stórar salatskálar. Blandið þá avókadóinu og tómötunum varlega saman við rækjurnar og setjið í iceberg-skálarnar. Berið fram með hoisin-kokteilsósu og límónubátum.

### *Hoisin-kokteilsósa*

**125 g létt majones**
**1 tsk. dijon-sinnep**
**2 msk. tómatsósa**
**2 tsk. hoisin-sósa**
**Salt og pipar.**
**Blandið öllu saman.**

### *Mintu-chorizo-lamba-kótilettur með kartöflu-flögum og melónusalati*

*Aðalréttur fyrir tvo*

**Lambakótilettur 500 g**
**4 cm af chorizo-pylsu.**
**1 poki ruccola**

### *Dressing*

**1 rautt chili**
**3 hvítlauksgeirar**
**6 msk. ólífuolía**
**1 tsk. chili-sjávarsalt**
**1 tsk. þurr minta**
**Svartur pipar**
**6 stilkar fersk minta**
**1 sítróna (aðeins hýðið)**



Katla Hreiðarsdóttir, fatahönnuður.

Blandið hráefnunum í dressingunni saman í litlum blandara og nuddið kótiletturnar með henni, setjið til hliðar meðan allt annað er undirbúið. (Einnig hægt að undirbúa fyrr um daginn og geyma undir filmu í ísskáp). Steikið næst kótiletturnar á heitri pönnu með fituna fyrst niður og lokið kótilettunum á öllum hliðum. Komið fyrir í eldföstu móti, skerið chorizo-pylsuna í litla 1 cm bita og stráið yfir. Hitið í ofni í 10 mínútur við 180°C, leyfið kjötinu að hvíla í 5 mínútur þegar það er komið úr ofninum.

### *Melónusalat*

**1 lítil vatnsmelóna eða hálf stór**
**2 cm af rauðlauk skorinn í mjög þunnar sneiðar**
**½ fetaostskubbur**
**Lítill bakki bláber**
**4–5 stilkar fersk minta (aðeins laufin)**
**6 msk. ólífuolía**
**3 msk. balsamedik**
**1½ msk hunang**
**Salt og pipar**
**1 límóna**

Skerið rauðlaukinn í mjög þunnar sneiðar og setjið í litla skál. Hellið ólífuolíunni yfir, balsamedikinu, hunanginu, salti og pipar og látið standa í 10 mín. Skerið melónuna í teninga og blandið saman við niðurskorna mintuna og bláberin. Veiðið að lokum rauðlaukinn upp úr dressingunni sem nú er hægt að hræra vel saman og blanda saman við safa úr einni límónu. Brjótið að lokum fetaostinn yfir salatið og berið fram.

### *Grilluð paprika*

**1 rauð paprika**
**Ólífuolía**
**Salt og pipar**

Grillið heila papriku beint á gasloga eða á grilli þar til hún verður mjög svört að utan. Setjið hana beint í plastpoka á látið hana svitna í nokkrar mínútur. Því næst má nudda mesta hýðið af undir köldu rennandi vatni. Skerið niður í strimla og veltið upp úr ólífuolíu, salti og pipar.

### *Kartöfluflögur*

**4 litlar kartöflur – dugar sem meðlæti fyrir tvo.**

Skerið kartöflurnar í þunnar 2–3 mm sneiðar (best að gera í vél eða með mandólíni/rifjárni). Skolið kartöflurnar þegar þær eru skornar og þurrkið létt, raðið á ofnplötu með bökunarpappír undir, ýrið svolitlu af matarolíu yfir og grófu salti. Bakið við 200°C í um 15 mín. eða þar til kartöflurnar eru gylltar og stökkar. Gott er að fylgjast vel með þeim og snúa þeim reglulega.





Óttastu að þyngjast ef þú hættir að reykja?

Sýnt hefur verið fram á að notkun Nicorette nikótínlyfjatyggigúmmís í ráðlögðum skömmtum hjá konum, getur hjálpað til við að vinna gegn þyngdaraukningu hjá þeim í kjölfar þess að reykingum er hætt.






Fæst án lyfseðils í næsta apóteki

Mjúkt nikótínlyfjatyggigúmmí með mintu- og ávaxtabragði

**Nicorette lyfjatyggigúmmí 2 og 4 mg** (inniheldur nikótín) er notað til meðferðar við tóbaksfíkn. Það dregur úr nikótínþörf og fráhvarfseinkennum og auðveldar reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tóbaki. **Skammtar:** Börn yngri en 15 ára mega ekki nota lyfjatyggigúmmíið. Fullorðnir: eitt lyfjatyggigúmmí við reykingaþörf. Nota má lyfjatyggigúmmíið eitt og sér eða samtímis Nicorette Invisi forðaplástri. Skammta skal ákveða út frá hve háður nikótíni viðkomandi er en hámarksdagskammtur er 24 stk. Mælt er með 2 mg lyfjatyggigúmmí fyrir þá sem eru lítið háðir nikótíni en 4 mg fyrir þá sem hafa mikla nikótínþörf eða hefur ekki tekist að hætta með notkun 2 mg lyfjatyggigúmmís. Tyggið hægt og látið lyfjatyggigúmmíið liggja í munninum þess á milli. Ekki er ráðlagt að nota Nicorette lengur en í eitt ár. Einstaka aðilar geta þurft meðferð í lengri tíma og er hugsanleg áhætta við langtímanotkun umtalsvert minni en áhættan af að reykja. Ráðgjöf og leiðsögn eykur venjulega líkur á því að fólki takist að hætta. **Frábendingar:** Ofnæmi fyrir nikótíni eða einhverju hjálparefnanna. **Varnaðarorð:** Reykingafólk með nýlegt hjartadrep, óstöðuga eða versnandi hjartaöng (þ.m.t. Prinzmetal), alvarlegar hjartsláttartruflanir, ómeðhöndlaðan háþrýsting eða sem hefur nýlega fengið heilablóðfall skulu einungis nota Nicorette undir nákvæmu eftirliti læknis. Gæta skal varúðar við notkun Nicorette hjá sjúklingum sem hafa nýlega farið í kransæðahjáveituaðgerð og aðrar æðaaðgerðir eða eru með: alvarlegan háþrýsting, stöðuga hjartaöng, hjartabilun, æðasjúkdóm í heila, teppusjúkdóm í slagæðum útlima, sykursýki, ómeðhöndlað skjaldvakaóhóf, krómfíklaæxli, skerta lifrar- eða nýrnastarfsemi, bólgu í vélinda, munni eða koki, magabólgur eða virkt skeifugarnar- eða magasár. Lyfjatyggigúmmíið getur átt til að festast við gervitennur og í mjög sjaldgæfum tilfellum skemmt þær. Nicorette inniheldur bútýlhýdroxýtólúen, sem getur valdið ertingu í slímhúðum, og xylitol, sem getur haft hægðalosandi áhrif. Nicorette Classic inniheldur sorbitól og skulu þeir sem eru með frúktósaóþol ekki nota það. **Aðgát í návist barna:** Ráðlagðir skammtar nikótíns fyrir fullorðna geta valdið alvarlegum eitrunareinkennum og verið banvænir ungum börnum. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá og fleygið notuðu tyggigúmmíi þar sem börn ná ekki til. **Meðganga og brjóstagjöf:** Eingöngu skal nota lyfjatyggigúmmíið í samráði við heilbrigðisstarfsfólk. Nikótín berst yfir fylgju og hefur áhrif á hjartsláttartíðni og öndun fóstursins/nýburans. Nikótín berst í brjóstamjólk í magni sem getur haft áhrif á brjóstmylking. **Lesið allan fylgiseðilinn vandlega áður en byrjað er að nota lyfið.** Markaðsleyfishafi: McNeil Denmark ApS. Umboð á Íslandi: Vistor hf., sími: 535-7000.

nicorette
nicotin

IS/NIC/2014-12-F-3



# GÓÐ LAUSN VIÐ VÖÐVABÓLGU

**Ertu með þreytta vöðva eða aum liðamót? Áttirðu erfiða vinnuviku eða tókstu of vel á því í ræktinni og finnur til í vöðvum sem þú vissir ekki að væru til? Þá kemur Deep Heat til bjargar.**




## Hvað er Deep Heat?

- Deep Heat-vörurnar hjálpa til við að losa um vöðvaverki og spennu.
- Deep Heat fæst sem sprey, baðolía, plástur og krem sem borið er á auma vöðva.




## Hvað er Deep Freeze?

- Deep Freeze-vörurnar eru hannaðar til að kæla meiðsl og sporna við bólgumyndun. Til að lágmarka sársauka þarf að bregðast hratt við og kæla svæðið strax. Deep Freeze hentar vel fyrir harða tæklingu, tognun eða meiðsl og minnkar sársauka, léttir á vöðvaverkjum, kælir og kemur þér aftur af stað.
- Deep Freeze fæst sem sprey sem nota má beint á meiðsl, gel sem nota má á meðan á æfingu stendur eða strax eftir æfingu og kælir þá í allt að 60 mínútur.




## Muscle Rescue - lausn fyrir þig?

- Nýjasti meðlimur Deep Heat-fjölskyldunnar er Muscle Rescue. Flestar konur þjást af vöðvabólgu og þar kemur Muscle Rescue til hjálpar. Kreminu fylgir svampur sem auðveldar smurningu á axlir og háls og einnig er hægt að leggjast í endurnærandi bað með Muscle Rescue-baðolíu.
- Splunkuný Muscle Rescue-línan er með yndislegum rósmarín- og vanilluilmi og því fylgir henni ekki hefðbundin hitakremslykt. Muscle Rescue er tilvalið fyrir skrifstofufólk, námsmenn og alla þá sem finna fyrir bólgum í herðum.

# FATASKÁPURINN
# ELEGANT EIGIN HÖNNUN

***Auður Jónsdóttir er að læra viðskiptafræði í Háskólanum í Reykjavík. Ásamt náminu starfar hún sem meðstjórnandi hjá rafverkstæðinu Agli. Áhugasviðið er fjölbreytt en tíska, fjármálamarkaðir og stjórnun eru í miklu uppáhaldi. Í mörg ár hefur hún hannað og saumað eigin flíkur.***





## 1 VESKIÐ
Mér fannst vanta einhvern fylgihlut hérna með. Mér finnst ekkert leiðinlegt að eiga veski fyrir hvert og eitt tilefni eða dress svo ég á nokkur. Þetta er úr Friis & Company. Það er svo frískandi og sumarlegt þannig að mér fannst vel við hæfi að leyfa því að fylgja með.



## 2 RAUÐI KJÓLLINN
Ég held mikið upp á þessa sumardásemd! Kjóllinn rifjar upp skemmtilegar minningar um sól, sumar og brúðkaup bestu vina minna en hann hannaði ég og saumaði ég sjálf fyrir þetta ákveðna tilefni.



## 3 SVARTI KJÓLLINN
Er ekki nauðsynlegt fyrir alla fataskápa að innihalda einn lítinn svartan kjól? Allavega vantaði mig slíkan og var ekki lengi að uppfylla þá kröfu og hannaði þennan kjól sem passar við nánast allt.



## 4 RÖNDÓTTI JAKKINN
Ég elska „sailor“ á sumrin. Það er svo elegant og gengur við svo margt. Ég fer í hann til dæmis við rifnar gallabuxur, hvíta blússu og létta skó. Það skemmir ekkert að skella hatti á höfuðið í góða veðrinu. Ég keypti þennan jakka í Zöru, búð sem klikkar sjaldan.



## 3 LEÐURJAKKINN
Skinnjakkinn er frá mér líka. Mér finnst hann óttalega gæjalegur og svolítill pilot-fílingur yfir honum. Hann poppaði ég upp með litlili hauskúpu á rennilás og kraga. Hann er ekki þessi týpíski leðurjakki svo það er gaman að breyta til og slíta sig frá þessum hversdags leðurjökkum.



IED

Námsleiðir (BA • DIP • MA)
**Fashion Marketing & Communication**
Fashion Design
**Interior Design**
Product Design
**Graphic Design**
Creative Advertising & Branding
**Business Design**

## Háskólanám erlendis
*á sviði skapandi greina*

**MILAN • ROMA • FIRENZE • BARCELONA • MADRID**

Nemum í **alþjóðlegum fagháskólum** gefst einstakt tækifæri til að kynnast suðupotti hugmynda, með stefnum og straumum víða að úr heiminum.

Í boði er **hagnýtt nám**, sem sameinar frumkvæði, hugmyndir og tækni og er í góðum tengslum við alþjóðleg fyrirtæki.

Nemendur hafa aðgang að vel búnum rannsóknar- og vinnustofum og **kennarar eru reyndir sérfræðingar** á sínu sviði.

Háskólanám erlendis í **hönnun, listum, miðlun, stjórnun, eða tísku** opnar einnig möguleika á að hitta „rétta“ fólkið og komast áfram á alþjóðlegum markaði.

**OPIÐ** fyrir umsóknir

KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ • SÍMI 562 2220 • WWW.LINGO.IS

lingó MÁLAMIÐLUN

# NÚ TELJUM VIÐ HRATT NIÐUR

## ALLT Á AÐ SELJAST

AFSLÁTTUR

**50-80%**

AF ÖLLUM VÖRUM

Herra
hafnarfjörður
S. 572 3400

TAX FREE HELGI

FJÖRÐUR
www.fjordur.is



ALLAR VÖRUR MEÐ

**30-50%**

AFSLÆTTI

TAX FREE HELGI

Mind Xtra
Smart verslun fyrir konur

Firði Hafnarfirði • Sími 556 3400

FJÖRÐUR
www.fjordur.is

Pinterest




### Make Up forever Official
**pinterest.com/makeupfor-everww/for-ever-how-to/**

Þeir sem hafa ánægju af og áhuga á förðun og förðunarvörum ættu að fylgjast með pinterest-síðu snyrtivöruframleiðandans Make Up Forever. Þar er til dæmis hægt að sjá „skref fyrir skref" leiðbeiningar um allt frá fullkomnum augabrúnum að fallegri augnförðun. Einnig er að finna það nýjasta í förðunarheiminum hverju sinni.

Instagram




### Time Magazine
**Instagram.com/Time**

Þeim, sem hafa gaman af fréttum og fallegum myndum er bent á að fylgjast með Instagram-síðu tímaritsins Time. Síðan er reglulega uppfærð með nýjum myndum sem tengjast umfjöllunarefnum blaðsins hverju sinni í bland við málefni líðandi stundar, í fréttum jafnt og dægurmálum.




### Hógvært Mont
**Twitter.com/hogvaertmont**

Twitter er skemmtilegur miðill þar sem fólk deilir skoðunum sínum og pælingum varðandi lífið og tilveruna í stuttum setningum. Einn notandinn kallar sig Hógvært Mont og einbeitir sér að því að benda á twitter-færslur frá hinum ýmsu notendum, gjarnan frægum, sem eru einmitt hógvært mont. Góð afþreying sem lífgar upp á hversdagsleikann.

# BLOGGIÐ STÍLHREINN STÍLISTI FRÁ SKANDINAVÍU

***Emma Elwin emmsedge.elle.se***

***Hin sænska Emma Elwin hefur skotist hratt upp metorðastigann innan sænska tískuheimsins í kjölfarið á vinsælu bloggi sínu sem nú er hluti af vefsíðu sænska Elle.***

Emma hóf sinn feril sem aðstoðarkona Elinar Kling en er nú tískuritstjóri sænska Elle og eftirsóttur stílisti þar í landi. Á blogginu má finna allt um tísku þar sem hinn stílhreini skandínavíski stíll er í hávegum hafður en einnig slæðist með innanhússhönnun, tónlistarumfjöllun og færslur úr daglegu lífi. Skemmtilegt og fjölbreytt blogg.








new balance



# RISA LAGERHREINSUN!

## 30-90% afsláttur

af öllum Liverpool vörum!

LFC Treyjur frá aðeins 1.990 - 5.990 kr.
LFC Stuttbuxur á aðeins 2.990 kr.
LFC Sokkar á aðeins 990 kr.
LFC Barnasett frá aðeins 2.990 – 4.990 kr.
LFC Jakkar og Úlpur á aðeins 5.990 kr.



Netverslun ReAct er opin allan sólarhringinn... www.react.is



ReAct

ReAct / Bæjarlind 4 / Kópavogi / S: 571 9210 / www.react.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

bilfang.is S. 567 2000



NISSAN QASHQAI SE Árgerð 2011. Ekinn 115 Þ.KM Verð kr. 2.990.000.

**Bílasalan Bílfang**
Tilboð í bíó. Gildir á allar sýningar merktar með rauðu.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 22 JUMP STREET | 5, 8, 10:20 | 12 |
| MILLION WAYS TO DIE IN THE WEST | 5, 8, 10:30 | 16 |
| VONARSTRÆTI | 5, 8, 10:40 | 14 |

5% Sími: 553-2075 www.laugarasbio.is

# Brasilíu-Aron

**BAKÞANKAR**
Kolbeins Tuma Daðasonar



Ekki leið langur tími frá því að pósturinn var sendur út á fréttastofunni um HM-leikinn í gær þangað til fólk streymdi að og staðfesti þátttöku sína. Fólk sem gæti ekki tengt Cristiano Ronaldo og Lionel Messi saman við þjóðerni þeirra ætlaði ekki að missa af því að vera hluti af stemningunni sem fram undan er næsta mánuðinn. Það er nefnilega málið með heimsmeistaramótið í knattspyrnu. Það vilja allir vera með.

Í fyrsta skipti eigum við Íslendingar fulltrúa okkar í veislunni sem hófst í gærkvöldi. Aron Jóhannsson, 23 ára markamaskína úr Grafarvoginum, er í leikmannahópi Bandaríkjanna. Foreldrar hans eru á leiðinni til Sao Paulo. Ættingjar og vinir fylgjast með spenntir. Sömuleiðis allir sem hafa snefil af áhuga á knattspyrnu.

**KOLLEGAR** mínir vestanhafs hafa tjáð mér að Aron njóti mikillar hylli á meðal „landa“ sinna. Aron, sem fæddist í Alabama og bjó þar með íslenskum foreldrum fyrstu þrjú ár ævi sinnar, skoraði á dögunum sitt fyrsta mark fyrir landsliðið. Fjölmiðlar vestra nefna hann reglulega til sögunnar sem eina ástæðu þess að bandaríska liðinu gæti vegnað vel í Brasilíu.

**PERSÓNULEGA** hef ég hvorki trú á því að landslið Bandaríkjanna geri rósir í Suður-Ameríku né að Aron muni slá í gegn. Ég vona það engu að síður. Hvernig er annað hægt en að halda með fyrsta Íslendingnum sem fær boð í stærstu veislu ársins í heiminum? Vissulega var ég svekktur þegar Aron valdi Bandaríkin fram yfir Ísland. Valið var hins vegar hans og miðað við forsendurnar sem hann hafði hef ég skilning á því.

**„ÉG** held að maður sé ekki alveg að meðtaka þetta,“ sagði Helga Guðmundsdóttir, móðir Arons, í viðtali við Vísi í gær. Ég held að fleiri séu sammála. Reyndar á ég von á því að þeir sem hafa haft hæst í föðurlandssvikaraumræðunni mýkist til muna þegar þeir sjá okkar mann, í treyju númer níu, stíga sín fyrstu spor á grasinu í Brasilíu.

# Áhrifamiklar ljósmyndir

Ljósmyndarinn Ásta Kristjánsdóttir opnaði sýningu sína Minn líkami mín réttindi í vikunni á Kexi hosteli. Sýningin samanstendur af ljósmyndum sem Ásta tók fyrir Íslandsdeild Amnesty International þar sem sjónum var beint að baráttu samtakanna fyrir kyn- og frjósemisréttindum. Fjöldi fólks lagði leið sína á sýninguna þar sem þekktir einstaklingar túlkuðu tilfinningar fyrir myndavélina.



**LJÓSMYNDARINN** Ásta Kristjánsdóttir var ánægð með viðtökurnar.



**SÆT SAMAN** Lilja og Bergur.



**SÆLAR** Mæðgurnar Guðrún Gunnlaugsdóttir og Móeiður Júníusdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



**BROSMILDAR** Eva, Kristín Björk, Rebekka Rún og Anna Lilja Ægisdóttir.



**SKÁLUÐU** Vigdís Lára og Guðrún Helga Svansdóttir.



**GAMAN** Kristján Guðlaugsson og Sigríður Sveinsdóttir.

BÍÓ ★ PARADÍS EUROPA CINEMAS




SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADÍS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# SKAGEN SJÓNVARPSSÓFI OG HÆGINDASTÓLL
# Á FRÁBÆRU HM–TILBOÐI



SKAGEN tveggja
sæta sjónvarpssófi
Stærð: 217x102 H: 106 cm.
Svart bonded leður.
Hægt að halla aftur, með
fótskemli og
borði á milli.



**EF ÞÚ VILT ENN BETRI HM UPPLIFUN**





HM-TILBOÐ
SKAGEN
HÆGINDASTÓLL
**59.900**
Fullt verð kr.
79.900



HM-TILBOÐ
SKAGEN
SJÓNVARPSSÓFI
**126.900**
Fullt verð kr.
169.900

SKAGEN hægindastóll. Svart bonded leður.
Stærð: 100x102 H: 106 cm.
Hægt að halla aftur og með fótskemli.

# TUCSON OG AUGUSTA
# HÆGINDASTÓLAR Á HM–TILBOÐI



TUCSON hægindastóll.
Beige, svart, brúnt, grátt
og rautt ekta-leður á
slitflötum.

**NÝTTU TÆKIFÆRIÐ**
**KOMDU STRAX**

AUGUSTA hægindastóll.
Rautt, svart, brúnt, grátt
og beige ekta-leður á
slitflötum..



100% Real
**LEATHER**
Top Quality

HM-TILBOÐ
TUCSON
HÆGINDASTÓLL
**84.900**
Fullt verð kr.
99.900

DORMA
– býður góða nótt

HM-TILBOÐ
AUGUSTA
HÆGINDASTÓLL
**84.900**
Fullt verð kr.
99.900

**DORMA Holtagörðum, Reykjavík ✆ 512 6800** • OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 og Laugardaga frá kl. 11.00-16.00
Dalsbraut 1, Akureyri ✆ 558 1100 • Húsgagnahöllinni, Reykjavík ✆ 558 1100

HM Í FÓTBOLTA



2 SPORT 2 **22.00 SÍLE – ÁSTRALÍA** Um fátt annað hefur verið rætt í Síle en meiðsli miðjumannsins **Arturo Vidal** sem leikur með Juventus á Ítalíu. Hann hefur verið að glíma við meiðsli í aðdraganda keppninnar og gæti þess vegna misst af allri riðlakeppninni. Litið er á leikinn sem skyldusigur fyrir Sílemenn en búist er við að liðið muni berjast við Spán og Holland um efstu tvö sæti C-riðils. Ástralía er litla liðið í riðlinum en gæti vel bakað „stóru“ liðunum vandræði.

Vísir Allt um HM á Vísi

## Úrslitaleikurinn endurtekinn í Salvador

**FÓTBOLTI** Liðin sem mættust í úrslitaleik HM í Suður-Afríku fyrir fjórum árum eigast við í B-riðli keppninnar í dag. Spánn og Holland mætast í Fonte Nova-leikvanginum í Salvador en flestir reikna með því að þetta verði úrslitaleikur riðilsins.

Hollenska liðið er þó af mörgum talið ekki jafn sterkt og fyrir fjórum árum en það kemur þá í ljós þegar það mætir nú ríkjandi heims- og Evrópumeisturunum.

Allir í leikmannahópi Spánar eru heilir heilsu – líka sóknarmaðurinn Diego Costa sem er reyndar fæddur í Brasilíu. Costa glímdi við meiðsli í lok tímabilsins með Atletico Madrid á Spáni en er nú leikfær á ný.

„Við verðum að vera einbeittir og halda í þá hugmyndafræði sem hefur fært liðinu velgengni síðustu ára,“ sagði varnarmaðurinn Sergio Ramos, sem hefur verið lykilmaður í spænska landsliðinu undanfarin ár.

Leikurinn hefst klukkan 19.00 í kvöld en dagurinn byrjar með viðureign Mexíkó og Kamerún í A-riðli klukkan 16.00.

Það er svo nóg fram undan um helgina en alls fara fjórir leikir fram á laugardaginn og þrír á sunnudaginn. - esá



**BRUGÐIÐ Á LEIK** Sergio Ramos og Pepe Reina á æfingu spænska liðsins. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**LYKILMAÐUR** Það munar mikið um Aron Pálmarsson í íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

## Aron í hóp gegn Bosníu

**HANDBOLTI** Aron Kristjánsson, landsliðsþjálfari Íslands, gerir sér vonir um að leikstjórnandinn Aron Pálmarsson geti spilað með íslenska landsliðinu gegn Bosníu í síðari umspilsleik liðanna um sæti á HM 2015 í Katar. Bosnía vann fyrri leikinn með eins marks mun ytra um síðustu helgi.

Aron hefur verið að glíma við meiðsli í hné og ökkla og missti af fyrri leiknum af þeim sökum. Landsliðsþjálfarinn segir enn óvíst um þátttöku nafna síns í leiknum en að það komi betur í ljós eftir æfingu liðsins í dag.

Aðrir leikmenn sem bætast við íslenska hópinn eru Stefán Rafn Sigurmannsson, Daníel Freyr Andrésson og Heimir Óli Heimisson. Allan landsliðshópinn má sjá á íþróttavef Vísis. - esá

## Kári áfram hjá Rotherham

**FÓTBOLTI** Steve Evans, stjóri Rotherham United, hefur staðfest að Kári Árnason verði áfram í herbúðum félagsins en munnlegt samkomulag þess efnis liggur fyrir.

Kári kom til félagsins árið 2012 en liðið hefur komist upp um deild bæði árin hans og leikur Rotherham í ensku B-deildinni á næstu leiktíð.

„Hann er góður leikmaður,“ sagði Evans í samtali við fjölmiðla í Englandi. „Þegar við þörfnuðumst þess að menn stigu upp í síðari hluta umspilskeppninnar var hann algjörlega framúrskarandi.“

Að auki hefur Jóhann Berg Guðmundsson verið orðaður við Rotherham í fjölmiðlum ytra. - esá

# Fótbolti snýst um að vinna

Michael Præst átti stórleik með Stjörnunni er hún lagði KR, 2-1, í 7. umferð Pepsi-deildarinnar og er leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu. Stjarnan er nú orðið lið sem gerir það sem þarf til að vinna leikina.

**FÓTBOLTI** „Við sýndum karakterinn sem er búinn að byggjast upp í liðinu undanfarin tvö ár með þessum sigri,“ segir Michael Præst, danski miðjumaðurinn í liði Stjörnunnar í Pepsi-deild karla, í samtali við Fréttablaðið.

Præst átti stórleik og réð lögum og lofum á miðjunni er Stjarnan vann KR, 2-1, og er áfram taplaus í öðru sæti deildarinnar. Hann er leikmaður umferðarinnar hjá Fréttablaðinu.

„Það er alltaf erfitt að spila á móti KR og það byrjaði líka vel í leiknum. Þeir settu mikla pressu á okkur með löngum sendingum fram. En þegar við lentum undir, 1-0, fórum við að spila okkar leik; snöggar skyndisóknir og láta boltann ganga. Þannig unnum við okkur inn í leikinn. Frá því við lendum undir og þar til á svona 60. mínútu spiluðum við okkar besta bolta í sumar,“ segir Præst.

### Gera það sem þarf til

Præst, eða presturinn eins og hann er stundum kallaður, hefur verið hugfanginn af Silfurskeiðinni, stuðningsmannasveit Stjörnunnar, síðan hann gekk í raðir liðsins í fyrra. Hann gerir mikið úr stuðningi Garðbæinga við liðið.

„Það er erfitt að vinna okkur á heimavelli. Við gefumst ekki upp og sérstaklega ekki fyrir framan okkar fólk. Það er ekki bara Silfurskeiðin sem er að styðja okkur en hún kemur samt líka í útileiki. Við erum undir pressu í öllum leikjum, ekki bara frá sjálfum okkur heldur stuðningsmönnunum,“ segir Præst.

Stjörnuliðið hefur verið að kreista út sigra í byrjun móts, með góðu eða slæmu, og það líkar Dananum sem var gerður að fyrirliða í vetur. Honum er slétt sama hvort Stjarnan spilar sama bolta eða ekki svo framarlega að liðið vinni.

„Stjarnan var einu sinni lið sem þurfti að vinna alla leiki 4-3 en núna viljum við bara vinna. Þannig er karakterinn í félaginu. Ein af ástæðunum fyrir því að ég og Martin vorum sóttir í fyrra var til að reyna að fá þennan karakter í félagið. Það þarf ekki alltaf að spila voða fallegan fótbolta. Fótbolti snýst um að vinna. Ef þú vilt vera meistari þá hugsarðu þannig. FH er á toppnum núna og vinnur allt 1-0. Við unnum marga leiki 1-0 í fyrra. Maður þarf að vita hvað þarf að gera til að vinna fótboltaleiki,“ segir Præst.

### Gaman að hjálpa þeim ungu

Þegar Stjarnan vann Fótbolti.net undirbúningsmótið í janúar með ógnarsterkt lið fóru ýmsir að benda á það sem líklegt meistaralið. En síðan hvarf Jóhann Laxdal á braut til Noregs, Halldór Orri Björnsson fór til Svíþjóðar, Veigar Páll hefur verið meiddur og Garðar Jóhannsson ekki tekið þátt. Þá fóru menn að efast en Stjarnan heldur velli enn sem komið er við toppinn og á Veigar og Garðar inni.

„Við höfum verið að þróa okkar leik betur út af breytingunum. Það var svakalega slæmt að missa Jóa og enn verra að missa Dóra. Hann gerði svo mikið fyrir okkur sóknarlega. En Ólafur Karl Finsen er að leysa hann af og gerir það vel. Svo eru ungu strákarnir líka að koma flottir inn í þetta. Þeir eru kannski ekki jafnfrægir, en þeir eru rosalega góðir og þjálfarinn er óhræddur við að nota þá í hvaða stöðu sem er,“ segir Præst sem efaðist aldrei um gæði Stjörnuliðsins.

„Það eru svo miklir hæfileikar í þessum strákum og þeir þekkja það líka að vinna. Við verðum með rosalega gott lið eftir eitt til tvö ár sem byggt verður á heimastrákum. Ég er bara ánægður með að fá að hjálpa þeim af stað á sínum ferlum. Það eru mikil gæði í okkar liði og við erum fullir sjálfstrausts,“ segir Præst ákveðinn.



### Ólafur getur farið alla leið

Ef einhver hefur borið af í Stjörnuliðinu til þessa er það Ólafur Karl Finsen, sem er markahæstur í deildinni ásamt tveimur öðrum með fjögur mörk. Þessi 22 ára gamli strákur er að springa út og fyrirliðinn segir að hann geti farið langt. Mjög langt.

„Það eru engin takmörk fyrir því hversu langt hann getur náð. „The sky is the limit,“ eins og þeir segja. Hann getur orðið frábær kantmaður eða framherji, bara það sem hann vill,“ segir Præst en það er ekki bara sóknartilburðir Ólafs Karls sem heilla Danann.

„Fólk fylgist eðlilega meira með því sem hann gerir í sókninni; hvernig hann rekur boltann fram hjá öllum og skorar. En hann vinnur líka vel til baka og hjálpar til í vörninni sem ég kann að meta þar sem ég spila vörn. Óli Kalli er bara að gera allt rétt núna þannig að ég vona bara að hann haldi áfram á sömu braut. Þá getur hann orðið einn af bestu leikmönnum deildarinnar,“ segir Michael Præst.

### Betri í fyrri hálfleik

Það skyldi engan undra að Stjarnan hafi verið yfir á móti KR í hálfleik.

Stjörnumenn hafa nefnilega verið yfir í hálfleik í fimm af fyrstu sjö leikjum sínum í Pepsi-deildinni í sumar og státa af markatölunni 7-2 (+5) í fyrri hálfleik. Markatala Garðbæinga í seinni hálfleiknum er aftur á móti 4-5 (-1). tomas@365.is

## Góð umferð fyrir ...

**Guðjón Pétur Lýðsson, Breiðabliki**
Miðjumaðurinn sparkvissi var inn og út úr liðinu hjá Ólafi Kristjánssyni og byrjaði á bekknum í síðustu tveimur leikjum hans með Blikana. Guðjón Pétur fékk tækifæri í byrjunarliðinu í fyrsta leiknum undir stjórn Gumma Ben. Hann skoraði glæsilegt mark, beint úr aukaspyrnu, og var valinn maður leiksins. Því miður fyrir hann dugði það ekki til sigurs.

**Pape Mamadou Faye, Víkingi**
Pape hefur byrjað mótið vel og er markahæstur ásamt tveimur öðrum með fjögur mörk. Í heildina er hann búinn að skora fimm mörk í deild og bikar á tímabilinu. Pape lék Þórsvörnina grátt í fyrsta leik Víkinga í Víkinni í sumar. Það var ekki verra að mamma var í stúkunni og benti Pape á hana og brosti breitt er hann fagnaði mörkum sínum á móti Þórsurum.



**HEIMAMÖNNUM VAR LÉTT** Neymar og varamaðurinn Hernanes fagna í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Neymar hetja Brassa

Gestgjafarnir byrjuðu á 3-1 sigri á Króatíu í gær.

**FÓTBOLTI** Lukkudísirnar voru í liði með Brasilíu sem vann 3-1 sigur á Króatíu í opnunarleik heimsmeistarakeppninnar í knattspyrnu sem fór fram í Sao Paulo í gærkvöldi.

Svo fór að stórstjarnan Neymar, leikmaður Barcelona, var hetja heimamanna en hann skoraði tvívegis fyrir sína menn. Króatía komst reyndar yfir snemma leiks með sögulegu sjálfsmarki Marcelos en það var fyrsta sinnar tegundar hjá Brasilíu í úrslitakeppni HM.

Heimamenn náðu þó að róa taugarnar og tóku yfir leikinn, hægt og rólega. Það skilaði sér í marki Neymars um miðbik fyrri hálfleiks en hann lék laglega á varnarmenn Króata og skoraði með hnitmiðuðu skoti utan teigs í stöngina og inn. Neymar var þó ljónheppinn að vera þá enn á vellinum því hann fékk aðeins gult spjald fyrir olnbogaskot sem hann gaf Luka Modric nokkrum mínútum fyrr.

Dómari leiksins, Yuichi Nishimura frá Japan, kom sér svo aftur í sviðsljósið þegar hann gaf Brasilíu vítaspyrnu fyrir afar litlar sakir. Sóknarmaðurinn Fred féll í grasið við minnstu snertingu varnarmannsins Dejan Lovren en ákvörðun dómarans stóð og Neymar skoraði úr vítinu.

Króatar reyndu hvað þeir gátu til að jafna metin en fengu þess í stað mark á sig í blálokin er Oscar skoraði eftir skyndisókn. - esá


TOSHIBA
acer
UNITED
ASUS
nextbook
ARCHOS
RÝMING Á FARTÖLVUM OG SPJALDTÖLVUM !
TOSHIBA
-30.000
17,3" MEÐ INTEL i7
TOS-P70A11Q
169.990
Fullt verð 199.990
ASUS
-10.000
BLEIK REFURBISHED
ASU-X502CARB01PK
59.990
Fullt verð 69.990
TOSHIBA
-25.000
GEFORCE GT 740M
TOS-M50A118
124.990
Fullt verð 149.990
SÍÐASTI DAGURINN !
nextbook
-25%
8" SPJALDTÖLVA
NEX-NX008HD8G
14.990
Fullt verð 19.990
MEDIA DROID
-55%
25.000 KR. AFSLÁTTUR !
MET-MT7010
19.990
Fullt verð 44.990
ASUS Padfone 2
-60.000
10,1"
4,7"
SÍMI OG SPJALDTÖLVA !
99.990
Fullt verð 159.990
YFIRFARNAR 10" SPJALDTÖLVUR FRÁ 9.990 !
OPIÐ 10-18
90 MISMUNANDI GERÐIR !
tl.is
TÖLVU LISTINN
REYKJAVÍK SUÐURLANDSBRAUT 26 Sími 414 1700
AKUREYRI GLERÁRGÖTU 30 Sími 414 1730
HÚSAVÍK GARÐARSBRAUT 18A Sími 464 1600
EGILSSTAÐIR KAUPVANGI 6 Sími 414 1735
KEFLAVÍK HAFNARGÖTU 90 Sími 414 1740
SELFOSS AUSTURVEGI 34 Sími 414 1745
AKRANES ÞJÓÐBRAUT 1 SÍMI 431 3333
HAFNARFJÖRÐUR REYKJAVÍKURVEGI 66 Sími 414 1750



**BESTUR** Martin var kjörinn besti leikmaður síðasta árs. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Íslenskir bakverðir búa saman í Brooklyn

Martin Hermannsson fylgir Elvari Má Friðrikssyni til Long Island-háskólans næsta vetur.

**KÖRFUBOLTI** Það verður ekki einn íslenskur bakvörður í liði Long Island-háskólans í efstu deild bandaríska háskólakörfuboltans á næsta ári heldur tveir bakverðir. Martin Hermannsson, besti leikmaður Dominos-deildar karla á síðasta tímabili, er búinn að gera munnlegt samkomulag við skólann og mun spila þar ásamt Njarðvíkingnum Elvari Má Friðrikssyni næsta vetur.

„Þetta kom fljótt upp því þeir áttu aukaskólastyrk. Við Elvar fáum íbúð saman, sem er ekki algengt fyrir leikmenn á fyrsta ári. Þetta er alveg mjög spennandi,“ segir Martin sem fór gjörsamlega á kostum með KR á síðustu leiktíð rétt eins og Elvar hjá Njarðvík.

Long Island-skólinn spilar í sterkri deild og helmingur heimaleikja þeirra fer fram í Brooklyn Center, heimavelli NBA-liðsins Brooklyn nets. Liðið hefur komist í NCAA-mótið á þremur af síðustu fjórum árum þannig að íslensku strákarnir eru að fara í alvöruna.

„Körfuboltinn þarna hentar okkur vel. Það er evrópskur stíll yfir þessu; mikið um „pick and roll“ og svona. Þeir ætla okkur líka stórt hlutverk á næsta ári,“ segir Martin sem er hugsaður sem skotbakvörður en Elvar Már á að spila sem leikstjórnandi.

„Mér líður betur sem skotbakvörður en það skemmir ekkert fyrir að geta spilað ásinn líka. Það er mjög sjaldgæft að vera með tvo svona menn í þessum stöðum. Þetta gefur mér líka færi á fleiri mínútum,“ segir Martin.

KR-ingurinn ungi var ákveðinn að fara út eftir leiktíðina en hvort skóli yrði fyrir valinu var ekki ákveðið.

„Ég er búinn að tala við marga góða menn og þeir sögðu mér allir að prófa skólann. Maður tapar ekkert á því að fá 15 milljóna króna nám borgað fyrir sig og geta spilað körfubolta með því. Þetta opnar margar dyr, bæði í boltanum og lífinu eftir körfuboltann,“ segir Martin Hermannsson.

Martin fer út 1. september og býst við að vera klár í landsliðsverkefnin í ágúst. **- tom**

FRÁBÆR VERÐ
Á FLOTTUM MERKJUM



Sundföt

Fjölbreytt úrval fyrir alla aldurshópa

Sundbolir
Dömustærðir
Verð: 7.990 - 12.990 kr.
Outlet-verð:
frá 4.990 kr.
Allt að 60%
Stelpustærðir:
Verð: 6.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.

Bikiní
Dömustærðir
Verð: 7.990 kr.
Outlet-verð:
frá 1.990 kr.
Allt að 75%
Stelpustærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr

Sundskýlur
Herrastærðir:
Verð: 5.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Allt að 40%
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

Watershorts
Herrastærðir
Verð: 8.990 - 7.990 kr.
Outlet-verð:
3.990 kr.
Allt að 55%
Strákastærðir:
Verð: 4.990 kr.
Outlet-verð:
2.990 kr.

SPORT OUTLET
Vínlandsleið 6 113 Reykjavík
Opið:
Virka daga kl. 14-18 Laugardaga kl. 11-16 Sunnudaga kl. 13-17



**HARÐJAXL** Sverre gefur aldrei neitt eftir á vellinum og þykir afar harður í horn að taka í varnarleiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Læt vítin vera í bili

Sverre Andreas Jakobsson samdi við Akureyri á dögunum um að leika með liðinu næsta vetur ásamt því að þjálfa liðið með Heimi Erni Árnasyni. Sverre gerir ekki ráð fyrir að blanda sér í sóknarleik liðsins á næsta tímabili.

**HANDBOLTI** Handboltafélagið Akureyri fékk gríðarlegan liðsstyrk á dögunum þegar Sverre Andreas Jakobsson samdi við félagið. Fljótlega fylgdu Ingimundur Ingimundarson og Hreiðar Levý Guðmundsson inn um dyrnar fyrir norðan.

Sverre hefur leikið með Grosswallstadt undanfarin ár en hann er uppalinn á Akureyri. Sverre lék með KA upp alla yngri flokkana og er hann því að snúa aftur á heimaslóðir.

„Það er margt í gangi þessa stundina en ég einbeiti mér bara að leiknum gegn Bosníu á sunnudaginn,“ sagði Sverre þegar Fréttablaðið heyrði í honum. Sverrir er í leikmannahóp íslenska liðsins fyrir seinni leikinn gegn Bosníu í undankeppni HM í Katar.

### Spenntur að spila með Didda

Akureyri missti nokkra leikmenn en félagið fékk til sín öfluga leikmenn. Nú síðast kom reynsluboltinn Elías Már Halldórsson frá Haukum.

„Ég hlakka til að koma norður og takast á við nýtt verkefni. Þegar ég samþykkti tilboð þeirra voru engar kröfur um leikmenn eða neitt slíkt. Það hafa komið stórir bitar í liðið sem gerir þetta að mjög skemmtilegu verkefni. Peking-vörnin er komin aftur og ég er gríðarlega spenntur fyrir að spila með Didda aftur í vörninni,“ sagði Sverre.

Ekki er von á fleiri leikmönnum inn um dyrnar. Þess í stað á að leyfa ungum leikmönnum að blómstra við hlið reynsluboltanna.

„Við misstum marga leikmenn og við þurftum að fylla upp í þau göt. Vonandi getum við reynsluboltarnir miðlað einhverri reynslu til ungu strákanna því þeir þurfa að taka við einn daginn. Við erum ekki komnir til að henda neinum í burtu heldur að hjálpa þeim að taka næsta skref og gera þá að betri leikmönnum.“

### Verðum að æfa aukalega

Auk nýrra leikmanna er von á leikmönnum úr meiðslum fyrir norðan.

„Við eigum meidda menn inni og við þurfum einfaldlega að gefa þeim þann tíma sem þeir þurfa. Þetta eru mikilvægir leikmenn sem eru að glíma við alvarleg meiðsli og við getum ekki pressað á þá. Við verðum að leyfa þeim að ná sér að fullu áður en þeir fara af stað og horfa til lengri tíma.“

Einhver verður harkan þegar sótt er að marki Akureyrar næsta vetur en Sverre og Ingimundur eru engin lömb að leika sér við. „Við erum ekkert óvinnandi vígi. Við verðum að gæta okkar og láta ekki rigna upp í nefið á okkur og halda að við séum bestir. Þetta er annar handbolti en ég þekki. Það eru ungir og kvikir leikmenn í deildinni, sem gerir okkur gömlu jálkunum erfitt fyrir. Það getur verið erfiðara heldur en að glíma við eldri þyngri leikmenn. Við verðum eflaust að æfa aukalega til að halda uppi hraðanum, annað væri mistök. Ef maður ætlar að reyna að labba í gegn um þetta grípur maður á endanum í tómt,“ sagði Sverre.

### Lætur sérfræðingana um vítin

Þrátt fyrir að vera hluti af þjálfaraliðinu gerir Sverre ekki ráð fyrir að hlutverk sitt inn á vellinum breytist. Hann gerði ekki ráð fyrir að taka vítaköstin þegar spurningin var borin undir hann. „Ég er jarðbundinn hvað varðar það. Sá draumur myndi eflaust snúast upp í einhverja martröð. Það snýst allt eftir aðstæðum en í dag er það ekki uppi á borðinu. Ég ætla að einbeita mér að því hlutverki sem ég hef gert hingað til. Ætli ég láti ekki sérfræðingana áfram um vítin,“ sagði Sverre glottandi.

kristinnpall@365.is

## Erum með betra lið en Bosnía

Ísland mætir Bosníu í umspili um sæti á HM í Katar á sunnudaginn. Undirbúningurinn gengur vel en Ísland þarf að vinna upp eins marks forskot Bosníumanna. „Við erum að búa okkur vel undir það, það er hægt að læra margt af fyrri leiknum. Við erum að fá á okkur alltof mörg mörk og kerfin þeirra gengu of vel upp. Skytturnar þeirra fengu of auðveld skot sem skilaði sér í mörkum. Ég er bjartsýnn á leikinn sem fram undan er, enda erum við með betra lið að mínu mati.“

Sverre er þess fullviss að spili íslenska liðið á eigin getu vinnist leikurinn á sunnudaginn.

„Fyrst skildi ég ekki hvernig við töpuðum þessu en svo þegar litið er til baka sér maður margar glufur í varnarleiknum. Það verður að laga þetta og við erum að vinna í því þessa dagana og undirbúa okkur. Ég er nokkuð bjartsýnn, við ætlum okkur sigur,“ sagði Sverre sigurviss.




# HM VEISLA Á SPORT 2!

Stöð 2 Sport 2 mun sýna 18 leiki í beinni frá HM í Brasilíu. Allir leikirnir með Aroni Jóhannssyni og félögum í bandaríska landsliðinu og stórleiki eins og m.a. England – Ítalía á laugardagskvöld. HM-messan verður svo á sínum stað þar sem Gummi Ben stýrir alvöru umfjöllun fyrir hvern leik kl. 21:10.

**Ekki missa af þessum magnaða íþróttaviðburði!**




**Internet og heimasími fylgir sjónvarpsáskrift í þrjú ár!**

Stöð 2 Sport og Stöð 2 Sport 2 auk 4 íþróttarása, fjölda hliðarrása og internet og heimasími í 3 ár, á aðeins 11.990 kr. á mánuði.
Enginn binditími fyrir internet og heimasíma!

**TILBOÐIÐ GILDIR ÁFRAM!**
Þökkum frábærar viðtökur og minnum á að tilboðið gildir áfram sem hluti af áskrift að völdum pökkum.

## 11.990 kr. + 0 kr.

Innifalið er 10GB erlent niðurhal og 100 mínútur í heimasíma. Þriggja mánaða uppsagnarfrestur er á Sportpakkanum. Greiða þarf 2.610 kr. aðgangsgjald.

Fáðu þér áskrift! 365.IS

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 2 kl. 20
**Mike & Molly**



Gamanþáttaröð um turtildúfurnar Mike Biggs og Molly Flynn. Það skiptast svo sannarlega á skin og skúrir í sambandi þeirra og tekur ástin á sig ýmsar myndir.



### Super Fun Night
**STÖÐ 2 KL. 19.15** Gamanþáttaröð um þrjár frekar klaufalegar vinkonur sem eru staðráðnar í að láta ekkert stoppa sig í að leita að fjöri á föstudagskvöldum. Ástralska gamanleikkonan Rebel Wilson úr Pitch Perfect og Bridesmaids er í einu aðalhlutverkanna.



### Seinfeld
**STÖÐ 2 GULL KL. 19.05** Stöð 2 Gull sýnir nú þessa sígildu gamanþáttaröð eins og hún leggur sig, fjóra daga vikunnar og svo aftur um helgar. Jerry Seinfeld er uppistandari sem nýtur mikillar kvenhylli en á í stökustu vandræðum með eðlileg samskipti við annað fólk.



### HM: Síle – Ástralía
**STÖÐ 2 SPORT 2 KL. 21.50** Stöð 2 Sport 2 sýnir beint frá leik Síle og Ástralíu úr B-riðli heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.

### Bylgjan kl. 19-01
**Partývaktin**



Það er taumlaus gleði hjá Ásgeiri Páli á föstudags- og laugardagskvöldum á Bylgjunni. Vertu með Partývaktinni á Bylgjunni allar helgar.






## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.05 Hundagengið**
**08.25 Drop Dead Diva** *(2:13)*
**09.15 Bold and the Beautiful** *(6377:6821)*
**09.40 Doctors** *(95:175)*
**10.25 Fairly Legal** *(13:13)*
**11.10 Last Man Standing** *(7:24)*
**11.35 Heimsókn**
**11.55 Hið blómlega bú**
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Spy Next Door**
**15.10 Young Justice**
**15.35 Hundagengið**
**16.00 Frasier** *(7:24)*
**16.25 The Big Bang Theory** *(3:24)*
**16.45 How I Met Your Mother** *(7:24)*
**17.10 Bold and the Beautiful** *(6377:6821)*
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(17:21)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 Super Fun Night** *(2:17)*
**19.35 Impractical Jokers** *(2:8)* Sprenghlægilegir bandarískir þættir þar sem fjórir vinir skiptast á að vera þátttakendur í hrekk í falinni myndavél.
**20.00 Mike & Molly** *(12:23)*
**20.20 NCIS. Los Angeles** *(2:24)*
**21.05 Damsels in Distress**
**22.45 Love Ranch**
**00.40 Triage**
**02.15 Chasing Mavericks**
**04.10 The Expendables**
**05.50 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Miami - San Antonio**
**13.05 Demantamótin**
**15.05 Miami - San Antonio**
**16.55 Stjarnan - KR**
**18.45 Pepsi-mörkin 2014**
**20.00 NBA Special: Reggie Miller** Skemmtilegur heimildarþáttur frá NBA.
**20.50 Flensburg - Kiel**
**22.30 UFC Fight Night: Henderson vs. Khabilov** Útsending frá UFC.
**01.35 UFC Now 2014**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Brasilía - Króatía**
**10.35 Michael Owen**
**11.05 Man. Utd. - Liverpool**
**12.45 Úrúgvæ - Þýskaland**
**14.25 Holland - Spánn**
**16.50 Holland, Sao Paulo, Síle**
**17.20 Brasilía - Króatía**
**19.00 Spánn, Curitiba og Ástralía**
**19.30 Mexíkó - Kamerún**
**21.10 HM Messan**
**21.50 Síle - Ástralía** Bein útsending frá leik Síle og Ástralíu á HM 2014.
**00.00 Spánn - Holland**
**01.40 HM Messan**
**02.25 Síle - Ástralía**

## ÍNN

**20.00** Kling klang Íslenska poppflóran 4:6 **21.00** Harmonikkumenn Nikkan þanin í nóttlausri voraldar veröld. **21.30** Eldað með Holta Úlfar og Holtakræsingar

## STÖÐ 3

**17.30 Jamie's 30 Minute Meals** *(16:40)*
**17.55 Raising Hope** *(17:22)*
**18.15 The Neighbors** *(7:22)*
**18.35 Up All Night** *(8:11)*
**19.00 Top 20 Funniest** *(3:18)*
**19.45 Britain's Got Talent** *(1:18)*
**20.45 The Secret Circle** *(4:22)*
**21.30 Free Agents** *(7:8)*
**21.55 Community** *(12:24)*
**22.15 True Blood** *(8:12)*
**23.10 Sons of Anarchy** *(11:13)*
**23.55 Memphis Beat** *(2:10)*
**00.40 Top 20 Funniest** *(3:18)*
**01.20 Britain's Got Talent** *(1:18)*
**02.20 The Cougar** *(3:8)*
**03.05 The Secret Circle** *(4:22)*
**04.10 Community** *(12:24)*
**04.35 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07.45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Rasmus Klumpur og félagar **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveins **08.45** Ævintýraferðin **08.55** UKI **09.00** Ofurhundurinn Krypto **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tommi og Jenni **09.55** Leyndarmál vísindanna **10.00** Brunabílarnir **10.25** Latibær **10.47** Gulla og grænjaxlarnir **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Rasmus Klumpur og félagar **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveins **12.45** Ævintýraferðin **12.55** UKI **13.00** Ofurhundurinn Krypto **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tommi og Jenni **13.54** Leyndarmál vísindanna **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Gulla og grænjaxlarnir **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Rasmus Klumpur og félagar **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveins **16.45** Ævintýraferðin **16.55** UKI **17.00** Ofurhundurinn Krypto **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tommi og Jenni **17.54** Leyndarmál vísindanna **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Gulla og grænjaxlarnir **19.00** Algjör Sveppur **20.40** Sögur fyrir svefninn

## GULLSTÖÐIN

**18.10 Strákarnir**
**18.40 Friends** *(14:24)*
**19.05 Seinfeld** *(21:21)*
**19.30 Modern Family**
**19.50 Two and a Half Men** *(10:22)*
**20.10 Spurningabomban** *(1:21)*
**21.00 The Killing** *(9:12)*
**21.45 Boss** *(3:8)* Stórbrotin verðlaunaþáttaröð með Kelsey Grammer í hlutverki borgarstjóra Chicago sem svífst einskis til að halda völdum en hann á marga óvini sem eru ávallt tilbúnir að koma höggi á hann.
**22.40 It's Always Sunny In Philadelphia**
**23.00 Spurningabomban** *(1:21)*
**23.50 Footballer's Wives** *(8:8)*
**00.40 The Killing** *(9:12)*
**01.25 Boss** *(3:8)*
**02.20 It's Always Sunny In Philadelphia**
**02.45 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓSTÖÐIN

**10.40 Crooked Arrows**
**12.25 Joyful Noise**
**14.20 There's Something About Mary**
**16.20 Crooked Arrows**
**18.05 Joyful Noise** Tvær
**20.00 There's Something About Mary**
**22.00 Grown Ups 2**
**23.40 Hitchcock**
**01.15 Wanderlust**
**02.50 Grown Ups 2**

## RÚV

**11.45 HM í fótbolta**
**13.30 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**14.20 Ástareldur** *(Sturm der Liebe)*
**15.10 Táknmálsfréttir**
**15.20 HM stofan** Björn Bragi og gestir fjalla um mál málanna á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
**15.50 HM í fótbolta** *(Mexíkó - Kamerún)* Bein útsending frá leik Mexíkó og Kamerún á HM í fótbolta.
**18.00 Fréttir**
**18.20 Veðurfréttir**
**18.25 Íþróttir** Íþróttir dagsins í máli og myndum.
**18.30 HM stofan**
**18.50 HM í fótbolta** *(Spánn - Holland)* Bein útsending frá leik Spánar og Hollands á HM í fótbolta.
**20.50 HM stofan** Björn Bragi og gestir fjalla um mál málanna á HM í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu.
**21.30 Löggur á skólabekk** *(21 Jump Street)*
**23.15 Pappírsmaður** *(Paper Man)* Jeff Daniels, Emma Stone, Ryan Reynolds og Lisa Kudrow fara öll með hlutverk í þessari hjartnæmu gamanmynd um vináttu tveggja ólíkra einstaklinga að viðbættri ímyndaðri ofurhetju sem skiptir sér sí og æ af lífi þeirra. Leikstjórar Kieran og Michele Mulroney. Atriði í myndinni eru ekki við hæfi ungra barna.
**01.00 HM fótbolta** *(Chile - Ástralía)*
**02.45 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Everybody Loves Raymond** *(12:26)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**14.20 The Voice** *(3:26)*
**15.50 The Voice** *(4:26)*
**16.30 Necessary Roughness** *(8:16)*
**17.15 90210** *(21:22)*
**18.00 Dr. Phil**
**18.40 Minute To Win It**
**19.25 Men at Work** *(4:10)*
**19.50 Secret Street Crew** *(6:6)* Ofurdansarinn Ashley Banjo stjórnar þessum frumlega þætti þar sem hann æfir flóknar dansrútínur með ólíklegasta fólki.
**20.35 America's Funniest Home Videos** *(35:44)*
**21.00 Survior** *(3:15)*
**21.45 Death at a Funeral** Frábær gamanmynd um farsakennda jarðarför þar sem allt fer á versta veg. Grínleikararnir Chris Rock og Martin Lawrence fara á kostum sem bræðurnir Aaron og Ryan þegar þeir hittast ásamt skrautlegum fjölskyldumeðlimum við útför föður þeirra. Falleg athöfnin breytist fljótt í hringiðu upplýstra fjölskylduleyndarmála og óvæntar uppákomur reyna á fjölskylduböndin.
**23.15 The Tonight Show**
**00.00 Royal Pains** *(9:16)*
**00.45 The Good Wife** *(18:22)*
**01.30 Leverage** *(6:15)*
**02.15 Survior** *(3:15)*
**03.00 The Tonight Show**
**03.45 The Tonight Show**
**04.30 Pepsi MAX tónlist**

## Golfstöðin

**08.00** US Open 2014 **11.00** Golfing World 2014 **11.50** PGA Tour Latinoamerica **12.15** Inside The PGA Tour 2014 **12.40** US Open 2014 **15.40** Einvígið á Nesinu **16.25** PGA Tour 2014. Imprints **17.15** Web.com Tour Highligts **18.10** Golfing World 2014 **19.00** US Open 2014 **22.00** Golfing World 2014 **22.50** PGA Tour 2014

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun

# Skrúfur og festivörur í Múrbúðinni

**Ruspert skrúfan sem iðnaðarmenn velja.** **MÚRBÚÐARVERÐ**

Týpa 17 oddur auðveldar skrúfun!

Ruspert ceramic húðun þolir meira en 2000 tíma saltupplausn



Pakki af þessum Ruspert skrúfum 4,5x50 200 stk kostar kr. **1.095**

„Torque" rifflur minnka viðnám og hreinsa gatið!

Rifflur sem skera viðinn

Torx




## Mikið úrval af skrúfum og festingavörum

| Skrúfur-stærðir 4-6mm allt að 140mm langar | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| A4 | A2 | Rafgalv | Ruspert | Gipsskrúfur | Kopar |

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

Súluskór kr. **1.495**



Vinkill 90x90 kr. **108**



Þakásanker 170x32mm kr. **95**



Gataplata 100x300mm kr. **295**



Bjálkaskór kr. **195**



GAH ALBERTS Ideen für Haus und Garten Þýskar gæðavörur

| | | |
|---|---|---|
| **Reykjavík** | Kletthálsi 7. | Opið virka daga kl. 8-18, laug. 10-16 |
| **Reykjanesbær** | Fuglavík 18. | Opið virka daga kl. 9-12 & 13-18 |

Meiri gæði / Lægra verð / MÚRBÚÐIN

**MÚRBÚÐIN**

*Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## FÖSTUDAGSLAGIÐ



**„Þessa dagana er lagið Bat Out of Hell með Meat Loaf klárlega föstudagslagið mitt.“**

Matthías Matthíasson, tónlistarmaður og hugsuður

# Falskur fugl verðlaunaður í New Jersey

Kvikmynd Þórs Ómars Jónssonar, Falskur fugl, var vel tekið á kvikmyndahátíðinni Lighthouse.

„Ég veit sáralítið um þessi mál og leitaði því til aðila sem ég þekki og treysti til að fá góð ráð varðandi hátíðir og það má segja að það hafi borgað sig,“ segir leikstjórinn Þór Ómar Jónsson en kvikmynd hans, Falskur fugl, hlaut aðalverðlaunin á kvikmyndahátíðinni Lighthouse, International Film Festival, í New Jersey á dögunum.

Kvikmyndin Falskur fugl var frumsýnd hér á landi fyrir rúmu ári og hlaut góðar viðtökur. Handritið er byggt á samnefndri skáldsögu Mikaels Torfasonar. Það voru þýskir samstarfsaðilar Þórs Ómars sem bentu honum á að sækja um fyrir myndina á nokkrum hátíðum í Bandaríkjunum. Verðlaunin segir hann vera gott klapp á bakið fyrir aðstandendur myndarinnar. „Fyrir okkur sem stóðum að gerð myndarinnar er þetta bara einfaldlega geggjað og mun án efa koma myndinni á framfæri hér í Bandaríkjunum. Hún verður einnig sýnd á hátíð í Seúl í þessum mánuði og vonandi sem víðast.“



**ÞÓR ÓMAR JÓNSSON**

Þór nýtur þessa dagana veðursældarinnar í Los Angeles þar sem hann bjó í mörg ár og á marga vini. „Ég er nýbúinn að klára heimildarmynd sem heitir Biðin og var frumsýnd á Listahátíð í síðustu viku.“ - áp



**GOTT KLAPP Á BAKIÐ** Leikstjórinn Þór Ómar Jónsson er ánægður með verðlaunin sem Falskur fugl hlaut vestanhafs. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Highlands neydd til að skipta um nafn

Bandarísk hljómsveit fór fram á nafnabreytinguna.

„Þetta nafn kom upp á krísufundi,“ segir Logi Pedró Stefánsson um nafnið á hljómsveitinni Young Karin sem áður kallaðist Highlands. Logi og Karin Sveinsdóttir, sem skipa sveitina, þurftu að skipta um nafn því bandarísk hljómsveit kallar sig Highlands og fór hún fram á að þau Logi og Karin skiptu um nafn.

Hann segir að meðlimir bandarísku hljómsveitarinnar hafi í fyrstu tekið vel í að báðar sveitirnar gætu borið nafnið. „Það var búið að útbúa samning sem átti bara eftir að skrifa undir. En svo hættu þeir skyndilega við. Þó að þeir séu ekki fyrsta sveitin sem heitir Highlands, og geta strangt tiltekið ekki bannað okkur að heita þetta, taldi lögfræðingurinn okkar samt að besta lausnin væri að finna annað nafn.“

Plata sveitarinnar verður gefin út erlendis í sumar og fengu Logi og Karin nokkra daga til að finna nýtt nafn.

Sveitin sendi frá sér smáskífuna N°1 á netinu síðasta haust. Strax kviknaði áhugi hjá erlendum útgáfufyrirtækjum. „Bandarískur lögfræðingur hafði samband við okkur og vildi vinna með okkur. Hann hefur reynst okkur frábærlega. Hann vann meðal annars með Kanye West og þekkir þennan heim mjög vel. Við sömdum við nýtt útgáfufyrirtæki sem heitir Pannonica, sem er stýrt af þeim sömu og stýra plötufyrirtækinu Bella Union, sem þykir stórt í „indie-senunni“. Við byrjum að gefa út strax í sumar, bæði í stafrænni útgáfu og á vínyl.“ Þá verður N°1 endurútgefin, en Logi og Karin tóku hana upp aftur og bættu í lögin. „Platan verður gefin út í öllum helstu lagaveitunum á netinu, til dæmis iTunes. Hún kemur út í Evrópu og í Bandaríkjunum á vínyl.“

Sveitin spilar í Bandaríkjunum í haust, meðal annars á Bumbershoot-hátíðinni, og sendir frá sér nýtt myndband á næstunni, í leikstjórn Magnúsar Leifssonar. - kjk

## Young Karin í hnotskurn

**Upptökur hófust:** Sveitin tók upp sitt fyrsta lag í september í fyrra og kom það út í nóvember.
**Fyrst á sviði:** Sveitin kom fyrst fram á Sónar í Reykjavík.
**Fjölskyldutengsl:** Unnsteinn Manúel Stefánsson er bróðir Loga Pedró. Saman eru þeir í Retro Stefson. Gauti Þeyr Másson, einnig þekktur sem Emmsjé Gauti, er bróðir Karinar.



**ÚTGÁFA ERLENDIS** Young Karin gefur út efni í sumar í Evrópu og Bandaríkjunum.

# Fyrsti lýðháskólinn að taka á sig mynd

Lungaskólinn, fyrsti lýðháskóli landsins, verður settur í september. Björt Sigfinnsdóttir vinnur að undirbúningi skólans en hún segir að hin ýmsu listform verði í forgrunni og að skólinn sé fín lausn fyrir þá sem vilja prófa eitthvað nýtt.

„Við verðum mikið að fókusa á sjálfið og það hver við erum, hvernig við viljum vera og hvernig best sé að komast á þann stað,“ segir Björt Sigfinnsdóttir, sem undirbýr nú opnun Lungaskólans á Seyðisfirði, en skólinn verður fyrsti lýðháskólinn á Íslandi. Í mars og apríl fóru fram svokallaðir prufumánuðir en þá dvöldu 17 nemendur við skólann og voru hin ýmsu námskeið prófuð. „Nemendurnir við skólann búa á farfuglaheimilinu sem er nýuppgert og er í raun algjört lúxushótel. Lengd námskeiðsins er þrír mánuðir og er skólinn með svipuðu sniði og lýðháskólarnir úti. Við munum þó ekki vinna út frá einni ákveðinni stefnu heldur munu nemendur fá smjörþefinn af hinum ýmsu listformum,“ segir Björt. Hugmyndin um Lungaskólann þróaðist í framhaldi af listahátíð unga fólksins, LungA, sem farið hefur fram á Seyðisfirði frá árinu 2000. Björt segir að dvöl við skólann komi til með að henta þeim sem telja sig ekki passa inn í hið hefðbundna skólakerfi hér á landi. „Þetta er alveg frábær tilbreyting fyrir þá sem vita ekki alveg enn hvað þeir vilja gera. Það er gott að eiga tækifæri á því að geta tekið sér nokkra mánuði í að kúpla sig úr sínu venjulega umhverfi.“

Skólinn hefst hinn 15. september og segir Björt að hægt sé að gera ráð fyrir 35 nemendum. Nánari umfjöllun um skólann og skráningu má finna inni á lunga.is. kristjana@frettabladid.is



**STYTTIST Í SKÓLASETNINGU** Björt segir að nemendur fái smjörþefinn af hinum ýmsum listformum í Lungaskólanum á Seyðisfirði. Skólinn verður settur í september.

## HVAÐ ER LÝÐHÁSKÓLI?

Lýðháskólar þekkjast víða á Norðurlöndunum, einkum í Danmörku. Aðalhugmyndasmiðurinn á bak við skólana var Nicolai Grundtvig en hann var á móti hefðbundnum kennsluaðferðum og vildi að háskólar skiluðu frá sér stúdentum með víðtæka og hagnýta menntun. Lungaskólinn verður í grunninn byggður á hugmyndafræði Grundtvigs.






# KOM GALLINN Í LJÓS EFTIR Á?

**HEFUR ÞÚ NÝLEGA KEYPT FASTEIGN EÐA ÁTT ÞÚ FASTEIGN OG TELUR AÐ HÚN SÉ GÖLLUÐ AÐ EINHVERJU LEYTI?**

**FJÖLBÝLISHÚS, HÆÐIR, PARHÚS, RAÐHÚS, EINBÝLISHÚS, SUMARHÚS, ATVINNUHÚSNÆÐI O.FL.**

### HEILDSTÆÐ RÁÐGJÖF VEGNA FASTEIGNAGALLAMÁLA

Mat á göllum fasteigna og lögfræðileg ráðgjöf í kjölfarið hefur hingað til verið flókið og tímafrekt ferli þar sem kostnaður hleypur yfirleitt á hundruðum þúsunda króna. Frumherji og Bonafide lögmenn bjóða nú upp á einfaldari, fljótvirkari og hagstæðari þjónustu en áður hefur þekkst hér á landi.

Þjónustan okkar hefur það markmið að auðvelda athugun á réttarstöðu þinni ef þig grunar að fasteignin þín sé gölluð. Ráðgjöfinni er fyrst og fremst ætlað að veita einstaklingum heildstæða mynd af þeim úrræðum sem í boði eru fyrir fast verð.

### EF GRUNUR LEIKUR Á GALLA

Þú hefur samband við okkur og lýsir meintum galla á fasteigninni. Afrit af öllum gögnum um fasteignakaupin eru send til okkar, m.a. söluyfirlit, kauptilboð og kaupsamningar.

Frumherji skoðar fasteignina. Sérhæfð lögfræðiráðgjöf Bonafide lögmanna um möguleg úrræði og næstu skref fylgir í kölfarið.
Þjónusta þessara fagaðila er veitt fyrir fast verð kr. 95.900 miðað við einn galla og íbúð í eigu einstaklings/a á höfuðborgarsvæðinu (sjá galli.is).

### ALGENGIR FASTEIGNAGALLAR

- Leki frá þaki, gluggum eða útveggjum vegna ófullnægjandi frágangs.
- Galli í lagnakerfum fasteignar.
- Raka- og sveppamyndun.
- Frágangi almennt ábótavant.
- Gölluð eða röng efni notuð við byggingu.
- Aðrir byggingargallar, leyndir eða óleyndir.

Bonafide LÖGMENN

GALLI.IS

Frumherji

Galli.is - Klapparstíg 25-27 - 101 Reykjavík - Sími: 511 33 00 - Netfang: galli@galli.is - Vefsíða: www.galli.is

FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR

RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

Opið allan sólarhringinn í Engihjalla, Vesturbergi og Arnarbakka

OPIÐ 24 TÍMA

Iceland

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Fyrstu tónleikar Bó í Hafnarfirði

„Ég hef auðvitað margoft spilað í Hafnarfirði en það hefur mestmegnis verið á hinum ýmsu dansleikjum,“ segir tónlistarmaðurinn **Björgvin Halldórsson**, en hann kemur fram á sínum fyrstu formlegu tónleikum í Bæjarbíói í Hafnarfirði klukkan 20.00 í kvöld. Menningar- og listafélag Hafnarfjarðar tók við lyklunum að hinu sögufræga Bæjarbíói í Hafnarfirði á dögunum og eru tónleikar Bó fyrsta skref félagsins í að gera bíóið að menningarhúsi bæjarins.



„Ég fer yfir ferilinn á tónleikunum og verð með frábæra hljómsveit með mér. Mér þykir mjög vænt um þetta hús og hlakka mikið til að spila þarna,“ segir Björgvin. - glp

### Fjölmenna til malmö

Þær skipta hundruðum, íslensku konurnar sem héldu út til Malmö á jafnréttisráðstefnuna Nordisk Forum sem hófst í gær. Frú **Vigdís Finnbogadóttir** heldur erindi á ráðstefnunni sem og Guðrún Jónsdóttir, talskona Stígamóta. Dóttir Guðrúnar og verðandi forseti borgarstjórnar, Sóley Tómasdóttir, er stödd á ráðstefnunni sem og Silja Bára Ómarsdóttir, aðjúnkt við Háskóla Íslands sem sat í Stjórnlagaráði. Femínistinn Hildur Lilliendahl verður í Malmö og Kristín Ástgeirsdóttir, framkvæmdastýra Jafnréttisstofu, líka. Þá mun Katrín Júlíusdóttir, þingkona Samfylkingarinnar, taka þátt í viðburði á vegum sósíaldemókrata og Þórlaug Ágústsdóttir, sem skipaði þriðja sæti á lista Pírata í Reykjavík, halda fyrirlestur.



## Mest lesið Vísir

1 Rúnar: Búið að hrauna yfir Kjartan á Stöð 2 í tvö ár
2 Hefur hitt álf sem var að hitta manneskju í fyrsta skipti: „Mjög sérstök tilfinning“
3 Mokkaður við að mæðast í mótorhjólamönnum
4 Kennari á Akureyri undir smásjá vegna meints múslimahaturs
5 „Þetta er bara hrikalegt og vekur mikinn óhug“

SONOS

FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM



Spotify Google play

Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS

EITT LÍF – NJÓTUM ÞESS!

20 ÁRA AFMÆLI

BETRA BAK

20% AFMÆLISAFSLÁTTUR AF C&J HEILSURÚMUM




GOLD120X200 AÐEINS KRÓNUR 95.920 AFMÆLISTILBOÐ

GOLD160X200 AÐEINS KRÓNUR 122.320 AFMÆLISTILBOÐ

AUKAHLUTIR Á MYND: GAFL OG FERKANTAÐAR ÁLLAPPIR

| Tegund | Stærð | Dýna og Classic-botn | AFMÆLIS TILBOÐ |
|---|---|---|---|
| C&J Gold | 120x200 | 119.900 kr. | 95.920 kr. |
| C&J Gold | 140x200 | 139.900 kr. | 111.920 kr. |
| C&J Gold | 160x200 | 152.900 kr. | 122.320 kr. |
| C&J Gold | 180x200 | 164.900 kr. | 131.920 kr. |

- 5 svæða skipt yfirdýna. Laserskorið Conforma Foam heilsu- og hægindalag tryggir réttan stuðning við neðra mjóbak og mýkir axlasvæði.
- Vandaðar kantstyrkingar.
- Vandað pokagormakerfi. Minni hreyfing betri aðlögun.
- Slitsterkt og mjúkt bómullaráklæði.
- Þykkt 29 cm.

Nú færðu heilsurúm frá Serta stærsta dýnuframleiðanda heims í Betra Baki



Serta
WE MAKE THE WORLD'S BEST MATTRESS.™

Serta 20% KYNNINGARAFSLÁTTUR

Betra BAK
Leggur grunn að góðum degi

Faxafeni 5, Reykjavík • Sími 588 8477
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga frá kl. 11-16

Dalsbraut 1, Akureyri • Sími: 558 1100
Skeiði 1, Ísafirði • Sími 456 4566
betrabak@betrabak.is • www.betrabak.is